

Sjálfbær rekstur

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 25. mars 2022



Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfix, og Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Sjálfbær þróun – frábær þróun

Þegar Bjarni Bjarnason tók við sem forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur fyrir rúmum áratug blasti við að reisa við fjárhaginn, þá tóku jafnréttismálin við og allan tímann hafa loftslagsmálin verið undir og yfir og allt um kring. Nú sé komið að losunarmiklu stórfyrirtækjunum. Þar geti Carbfix, undir stjórn Eddu Sifjar Pind Aradóttur, hjálpað. **2**

„Ég er sannfærður um að sinnum við sjálfbærniþáttunum í rekstrinum af alúð, þá skapar það okkur fleiri tækifæri en ógnir og meiri tekjur en gjöld, til lengri tíma lítið,“ segir Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur. Hann bendir á það nærtæka dæmi sem Carbfix, yngsta fyrirtækið innan OR-samstæðunnar, er. „Þessi aðferð, sem vissulega hefur kostað talsvert að þróa, hefur ekki bara vegið þýngst í að draga úr kolefnisspori Orkuveitusamstæðunnar heldur er aðferðin nú komin í sjálfstætt fyrirtæki í eigin sókn á markaði með frábæra lausn á boðstólum fyrir væntanlega viðskiptavinum,“ bendir Bjarni á og segir dæmin fleiri, ekki síst tengd nýtingu jarðhitans.

„Orka náttúrunnar hefur sýnt hringrásarhugsun í verki með uppbyggingu Jarðhitagarðs við Hellisheiðarvirkjun í Ölfusi; að nýta sífellt betur það sem sótt er í iður jarðar og líta ekki á vatnið eða efnin sem upp koma með gufunni sem úrgang og vandamál heldur tækifæri til frekari verðmæta-sköpunar. Fyrirtækin nýta kísil úr gufunni í heilsuvörur, afgangsvarma í örþörungaræktun og þar er líka fyrirtæki að skoða hefðbundnari notkun á afgangsvatni og varma með því að opna baðstað. Allt stuðlar þetta að aukinni sjálfbærni rekstursins á Hellisheiði, en við höfum ekkert farið í grafgötur með það að sjálfbær nýting háhitasvæða til raforkuvinnslu er mikil áskorun,“ segir Bjarni. Þar er hann að vísa til þess að þessi stærsta jarðhitavirkjun landsins var byggð mjög hratt og hefur þurft stærra upptökusvæði jarðgufu en áætlað var í upphafi.

Hringrás vatnsins í veitunum
Bjarni bendir á að hringrásarhugs-



Bjarni segir að loftslagsvæin knýi okkur öll til breytinga og að breytingar á einu sviði séu tækifæri til breytinga á fleiri sviðum.

Ef við nýtum þær breytingar, sem loftslagsvæin knýr okkur í, til að breyta fleiru til betri háttar, þá verður glíman við loftslagsmálin miklu skemmtilegri.

un sé ekki alveg ný í veiturekstrinum. „Elstu veiturnar – vatnsveitan og fráveitan – eru talsvert meira en aldargamlar. Þær afhenda Veitum ferskt og heilnæmt neysluvatn við húsvegg og taka svo við því óhreinu aftur inn í fráveituna til að koma því í örugga höfn. Núna eru einmitt ýmsar spennandi hugmyndir á lofti um nýtingu verðmæta í skólpi þannig að það geti orðið til góðs, ekki síður en affallsvatnið við virkjanirnar.“

Bjarni nefnir að í útlöndum, þar sem ferskt vatn er víða af skornum skammti, hafi ýmis viðskipta-

tækifæri verið þróuð í kringum skólp.

Breytingar eru tækifæri
Loftslagsvæin knýr okkur öll til breytinga, að mati Bjarna, og breytingar á einu sviði eru tækifæri til fleiri breytinga, segir hann. „Þegar við hjá Orkuveitunni þurfum að taka til í fjármálunum hjá okkur og endurskipuleggja allan reksturinn, nýttum við þær breytingar til eflingar kynjajafnréttis. Fyrst með því að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstöðum og síðan með því að útrýma óútskýrðum kynbundnum



Ársskýrsla OR 2021

Allt frá árinu 2017 hefur Orkuveita Reykjavíkur gefið út rafræna ársskýrslu, gagnvirkan vef þar sem starfsemin á nýliðnu ári er rakin með tilliti til sjálfbærni rekstursins. Skýrslan er gerð í samræmi við svokölluð UFS-viðmið þar sem upplýsingagjöf um umhverfis- og loftslagsmál, félagslega þætti og stjórnarhætti fylgir samræmdri forskrift eða staðli. Það eru leiðbeiningar sem Viðskiptaráð gaf út í samstarfi við Nasdaq, Staðlaráð Íslands, Festu og IcelandSIF. Upplýsingarnar í ársskýrslunni eru staðfestar af óháðu fagfólki sem áritar hana ásamt forstjóra og stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. *Ársskýrslan er á slóðinni arsskyrsla2021.or.is.*

launamun. Jafnrétti er einhver mikilvægasti sjálfbærniþátturinn í hverjum rekstri, því framfarir á því sviði skila sér beint í betri ákvörðunum og þar með betri afkomu,“ fullyrðir Bjarni og bætir við að lokum: „Annaðhvort breytum við fyrirtækjunum til að glíma við loftslagsvána eða loftslagsbreytingarnar þvinga breytingar upp á okkur. Líklega verður niðurstaðan sitt lítið af hvoru en ef við nýtum þær breytingar sem loftslagsvæin knýr okkur í til að breyta fleiru til betri háttar, þá verður glíman við loftslagsmálin miklu skemmtilegri.“ ■

Carbfix

Carbfix er stórhuga sprotafyrirtæki innan samstæðu OR. Það tók til starfa í ársbyrjun 2020 og hlutverk þess er að glíma við loftslagsvána.

Það er útséð um að það er ekki nóg að draga bara úr losun koltvíoxíðs til að ná loftslagsmarkmiðunum. Það þarf líka að farga kolefni sem þegar er komið út í loftið. Það eru ekki aðeins tré sem binda koldíoxíð úr andrúmsloftinu því gífurlegt magn er bundið í bergi. Carbfix líkir eftir og hraðar náttúrulegum ferlum þar sem CO² er leyst upp í vatni og hvarfað við berg. Við það breytist gróðurhúsa-lofttegundin í stein og geymist varanlega neðanjarðar.

Carbfix varð til sem samstarfsverkefni milli Orkuveitu Reykjavíkur, Háskóla Íslands, CNRS í Toulouse og Earth Institute við Columbia-háskóla árið 2006. Síðan þá hafa fjölmargir háskólar og rannsóknastofnanir tekið þátt í verkefninu undir hatti ýmissa verkefna, sem notið hafa styrkja frá rannsóknar- og nýsköpunarsjóðum Evrópusambandsins.

Á fyrstu árunum var einblínt á að þróa aðferðina með tilraunum á rannsóknarstofu, náttúrulegar hliðstæður rannsakaðar, líkön gerð og svæði Carbfix fyrir tilraunaniðurdælingu kannað. Samhliða flóknu leyfisveitingaferli var búnaður fyrir gasföngun, niðurdælingu og eftirlit þróaður, hannaður og reistur.

Tilraunir Carbfix með raunverulega niðurdælingu voru gerðar 2011-2012 3 km suðvestur af Hellisheiðarvirkjun. Eftir vel heppnaðar tilraunir og vísbendingar um hraða steinrenningu var ákveðið að skala starfsemin á



„Stærsta verkefnið hjá okkur þessa dagana er undirbúningur Codastöðvarinnar; móttöku- og förgunarstöðvar fyrir koldíoxíð við Straumsvík,“ segir Edda Sif.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Áherslumarkmið Orkuveitu Reykjavíkur

Í framhaldi af vinnustofum með starfsfólki fyrirtækjanna innan samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og ytri hagsmunaaðilum, setti stjórn Orkuveitu Reykjavíkur fimm af heimsmarkmiðunum 17 í forgang í stefnu og starfsemi samstæðunnar. Auk OR eru innan samstæðunnar Veitur, Orka náttúrunnar, Ljósleiðarinn og Carbfix. Í ársskýrslu OR er gerð grein fyrir því hvernig stutt er við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, ekki bara þessi fimm heldur öll 17 markmiðin. Í hvert sinn sem stefna OR á einhverju sviði er rýnd og



endurskoðuð – og það er gert einu sinni á ári með allar lykilstefnur – eru þessi fimm Heimsmarkmið og undirmarkmið þeirra höfð til hliðsjónar með það fyrir augum hvernig best er stuðlað að framgangi þeirra.

Markmið fyrirtækisins er að gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn hamfarahlýnun með því að ná að farga einum milljarði tonna af CO² eins fljótt og hægt er.

Hellisheiði upp á iðnaðarstig. Árið 2014 var hreinsistöð fyrir eina af sex háþrýstivélum virkjunarinnar reist og hefur hún verið í rekstri frá þeim tíma án vandkvæða. Förgunargetan var tvöfölduð árið 2016 og stefnt er að því að fullhreinsa koldíoxíð og brennisteinsvetni úr jarðgufunni sem kemur frá virkjuninni árið 2025. Á þessu ári hefst tilraunahreinsun við Nesjavallavirkjun. Sérstakt fyrirtæki – Carbfix ohf. – tók til starfa í ársbyrjun 2020. Markmið fyrirtækisins er að gegna lykilhlutverki í baráttunni gegn hamfarahlýnun með því að ná að farga einum milljarði tonna af CO²

eins fljótt og hægt er. Doktor Edda Sif Pind Aradóttir er framkvæmdastýra Carbfix og hefur unnið við verkefnið allt frá því hún var í námi. Doktorsverkefni hennar sneri einmitt að líkanagerð fyrir kolefnisbindingu með Carbfix tækninni og tók hún við sem verkefnisstjóri Carbfix hjá Orkuveitu Reykjavíkur árið 2011. „Stærsta verkefnið hjá okkur þessa dagana,“ segir Edda Sif, „er undirbúningur Codastöðvarinnar; móttöku- og förgunarstöðvar fyrir koldíoxíð við Straumsvík. Þar eigum við í góðu samstarfi meðal annarra við RioTinto, sem rekur álverið, Hafnarfjarðarbæ og danskt skipafélag sem sjá munum flutning á CO² frá grannlöndum okkar. Nú er áformað að byggja stöðina upp í áföngum og að afköst hennar vaxi úr bindingu 500 þúsund tonna af CO² á ári í 3 milljónir tonna á einum áratug eða svo.“ Verkefnið leggur grunninn að nýjum loftslagsvænum iðnaði hér á landi en gert er ráð fyrir að um 600 bein og afleidd störf skapist vegna uppbyggingar og reksturs Codastöðvarinnar. ■

BYKO byggir BREEAM vottaðar höfuðstöðvar

Nýtt skrifstofu- og verslunarhúsnæði BYKO í Breiddinni risa á næstu mánuðum. Byggingin verður fimm hæðir, byggð úr límtré og CLT timbureiningum og mun rísa undir merkjum BREEAM, sem er eitt elsta vistvottunarkerfi í heimi.

Með sjálfbærni að leiðarljósi mun nýtt skrifstofu- og verslunarhúsnæði BYKO í Breiddinni rísa á næstu mánuðum. Byggingin verður fimm hæðir, byggð úr límtré og CLT timbureiningum og mun rísa undir merkjum BREEAM sem er eitt elsta vistvottunarkerfi í heimi, að sögn Berglindar Óskar Ólafsdóttur, sérfræðings í sjálfbærni hjá BYKO. „Að byggja vistvænt samræmist vel stefnu og framtíðarsýn þegar kemur að sjálfbærni vegferð BYKO. Áhersla á sjálfbærni í mannvirkjagerð fer vaxandi og með því að fara í gegnum vottunarferli er verið að stuðla að heilbrigðari byggingu þar sem notuð eru byggingarefni með lágt kolefnisspor sem valda sem minnstum skaða á bæði fólk og umhverfi.“

Berglind segir byggingariðnaðinn vera ábyrgan fyrir um 40% af allri losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu og því sé aukin áhersla á sjálfbærni mannvirkja mjög mikilvægt skref í baráttunni við yfirvofandi loftslagsbreytingar. Losunin sé tvíþætt, annars vegar kolefnislosun sem er bundin í mannvirkinu sjálft á byggingartíma og hins vegar losun vegna reksturs mannvirkisins á líftíma þess. „Með því að byggja vistvæna byggingu er BYKO að draga aukinn lærdóm sem skilar sér áfram til viðskiptavina sem geta sótt sér ráðgjöf og fagþekkingu til BYKO um notkun vistvænna byggingarefna fyrir slíkar byggingar. Þar með er BYKO hluti af virðiskeðjunni og ber ábyrgð á að geta boðið markaðnum upp á byggingarefni sem eru notuð til að stuðla að betri framtíð. BYKO hóf innleiðingu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna árið 2019 og er þetta hluti af því kjarnamarkmiði sem snýr að heilsu og velliðan starfsmanna og að skapa sem best verkefnaað vinnumhverfi sem styður vel við eina af lykiláherslum BYKO, sem er þverfagleg samvinna.“

Sjálfbærnistefna mikilvæg

Að sögn Berglindar er mikilvægt að fyrirtæki setji sér sjálfbærnistefnu. Starfsemi BYKO tekur mið af því og fyrirtækið leggi því áherslu á umhverfislega, félagslega og efnahagslega sjálfbærni. „Til að allir séu að róa í sömu átt þá skiptir miklu máli að fræða starfsfólk um stefnu fyrirtækisins og halda reglulega fræðslu um sjálfbærni.“ Um leið sé mikilvægt að starfsfólk fái að hafa rödd, því í krafti mismunandi einstaklinga leynast tækifærin til breytinga og úrbóta. „Þetta krefst breyttrar hugsunar, breyttrar hegðunar og tækifæris til að hafa áhrif. Byggingar lifa í um 100 ár og það er ábyrgð okkar í BYKO að fræða markaðinn líka um kosti vistvænni bygginga og notkun vistvænna byggingarefna, enda er það fjárfesting til framtíðar. Það skapast heilnæmara umhverfi, gæði bygginga verða meiri, rekstrarkostnaður lækkar þegar dregið er úr umhverfisáhrifum bygginganna, þær verða afkastameiri, sjálfbærari, betri fjárfestingarkostur og þetta styrkir fjárhagslega arðsemi til lengri tíma.“

Til að stuðla að umhverfislegri sjálfbærni hefur BYKO sett sér markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstri



„Að byggja vistvænt samræmist vel stefnu og framtíðarsýn þegar kemur að sjálfbærni vegferð BYKO,“ segir Berglind Ósk Ólafsdóttir, sérfræðingur í sjálfbærni hjá BYKO, en fyrirtækið er að byggja nýtt skrifstofu- og verslunarhúsnæði í Breiddinni á næstu mánuðum. FRÉTTABLAÐID/ANTON



Nýjar höfuðstöðvar BYKO munu rísa undir merkjum BREEAM, sem er eitt elsta vistvottunarkerfi í heimi.

með markvissum aðgerðum, ásamt því að leggja áherslu á bindingu kolefnis með skógrækt í landi fyrirtækisins. „Frá árinu 2019 hefur kolefnissporið lækkað um tæp 25% en lokaútreikningar fyrir rekstrarárið 2021 mun birtast í sjálfbærniskýrslu BYKO sem verður gefin út í apríl nk. en þetta er í þriðja skipti sem BYKO gefur út slíka skýrslu.“

Til að stuðla að félagslegri sjálfbærni skal tryggja velliðan fólks og öruggt og heilbriggt umhverfi. „Áhersla er lögð á vistvæn sjónarmið í okkar eigin byggingum sem og okkar viðskiptavina og þar með aukin lífsgæði þeirra sem þar fara um. Mannréttindi eru ein af grundvallarstöðum samfélagsins og fylgir BYKO þeim mikilvægu grunngildum er varða mannréttindi í allri sinni starfsemi.“

Skiptir máli að hafa áhrif

Til að stuðla að efnahagslegri sjálfbærni er horft í að nýta fjármagn með sem hagkvæmstum hætti og að verklag innan BYKO einkennist af góðu viðskiptasiðferði, heilbrigðum viðskiptaháttum og ábyrgð. „Stjórn BYKO hefur sett sér stefnu varðandi góða stjórnarhætti

og eru næstu verkefni hjá okkur að setja okkur formlega stefnu hvað varðar siðareglur og kröfur um sjálfbærni og/eða samfélagslega ábyrgð birgja.“

Hún segir það skipta starfsfólk BYKO miklu máli að geta haft áhrif á aðra, vera leiðandi og vera fyrirmynd. „Við tökum þátt í hinum ýmsu nýsköpunarverkefnum, styðjum við viðskiptavinum okkar á markaðnum í byggingu vistvænna mannvirkja og tökum einnig þátt á alþjóðavettvangi. Á árinu tók BYKO þátt í pallborðsumræðum á vegum EDRA Ghin, sem eru eins konar félagsamtök byggingavöruverslana á Evrópugrundvelli, með það markmið að miðla hvað fyrirtækin sem tóku þátt eru að gera til að draga úr loftslagsáhrifum. Með slíkri þátttöku skapast lærdómur milli landa sem hvert og eitt fyrirtæki getur nýtt sér til framdráttar.“

Spennandi timar fram undan í sjálfbærni

Berglind segir sjálfbærni vera langtímavegferð en ekki til skamms tíma. „Hins vegar erum við alltaf í kapphlaupi við að draga úr losun en ef fyrirtæki hafa stefnu og markmið um að gera betur árlega þá er það framtíðarávinningur.“ Hún segir spennandi tíma fyrirhugaða á árinu hjá BYKO. „Hringrásarhugsunin er sannarlega til staðar en hægt er að gera mun betur þegar kemur að nýtingu og draga úr sóun. Við erum kominn í samstarf við Plastplan sem ætlar að hjálpa okkur að endurnýta það plast sem fellur til og búa til nothæfar vörur úr þeim og svo er áætlað að koma hringrásarhugsuninni framar með BYKO Leigu. Leiga er mjög sjálfbær kostur í eðli sínu, snýst um að auka aðgengi fólks að vörum í stað þess að allir þurfi að eiga allt. Einnig er betri



Með því að byggja vistvæna byggingu er BYKO að draga aukinn lærdóm sem skilar sér áfram til viðskiptavina.

notkun hvers leigutækis á líftíma þess vegna aukinnar nýtingar, en einnig vegna góðs viðhalds.“

BYKO stundaði skógrækt á eigin landi á árinum 1988-2008 og var sú hefð endurvakin árið 2021 að hluta til þegar Skógræktin tók að sér gróðursetningu fyrir BYKO til að auka bindingu framtíðarinnar. „Á árinu verður þó gömul hefð endurvakin þar sem starfsfólk BYKO og fjölskyldur þess munu taka þátt í árlegri skógræktarferð með gleðilegum gildum, fá að snerta á náttúrunni og láta gott af sér leiða til aukinnar kolefnisbindingar. Að lokum ætlum við að fagna í sumar með okkar viðskiptavinum 60 ára afmæli BYKO. Það verður spennandi að fylgjast með hvernig afmælishátíðin verður, en markmið okkar er að heildarupplifun viðskiptavina okkar sé jákvæð og skemmtileg, með sjálfbærni að leiðarljósi.“ ■



Ekki spurning um hjartalag heldur betri business

Sjálfbærni er regnhlífahugtak sem byggir á þremur til fjórum meginstöðum, segir Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu.

thordisg@frettabladid.is

„Fyrsta stoðin nær utan um fólk, samfélag og félagslega þætti; það getur verið starfsfólk á vinnustað eða í virðiskeðjunni þaðan sem vörur koma og fara, mannréttindi, öryggisbúnaður, jöfn laun, nær-samfélag rekstursins, launakjör og fleira,“ upplýsir Hrund Gunnsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Festu – miðstöðvar um samfélags-ábyrgð og sjálfbærni.

Önnur stoð er svo jörðin. „Undir sjálfbærni jarðar falla hlutir eins og loftslagsbreytingar, kolefnismarkaður, kolefnisjöfnun, hringrásarhagkerfið, líffræðilegur fjölbreytileiki og það að rekstur hafi ekki skaðleg, eða sem minnst, neikvæð áhrif á vistkerfi og umhverfið. Í mörgum tilfellum þurfum við að hafa græðandi eða endurnýjandi áhrif á náttúruna, því sums staðar er náttúran í svo miklum lamasessi að við þurfum að skilja betur við hana en við komum að henni. Við höfum gengið svo mikið á þolmörk jarðar sem þjónustar tilvist okkar og rekstur og hefur unnið eftir náttúrulegum kerfum við að grípa koltvísýring úr loftinu og setja í sjóinn eða frum-skóga Amazon, sem dæmi, en er nú að missa getuna til þess, því við höfum gengið svo mikið á þessar auðlindir að það stefnir í óefni,“ greinir Hrund frá. „Jörðin er að missa niður getuna til að endurnýja krafta sína eins og við höfum vanist í þúsundir ára.“

Þriðju stoðir sjálfbærni eru góðir stjórnaðættir í hvers kyns rekstri, jafn opinberum sem einkareknum, sem liggja til grundvallar rekstri. Þeir snúa að því hvernig stjórn á að vera skipuð, hvernig stjórnarstörf eiga að fara fram, síðferði stjórna og innleiðing sjálfbærni viðmiða í stjórnarstörfum og æðstu stjórn fyrirtækja.

„Fjórða stoðin, sem er sífellt algengara að sé bætt við vegferðina, gengur út á hagsæld, að rekstur fyrirtækja sé sjálfbær og skili hagnaði á þann hátt að hann nái að vinna sig í gegnum áföll, eins og bankahrun og skaða vegna loftslagsbreytinga, og nái einnig að stækka eða stuðla að nýsköpun sem dæmi. Einnig er á markaði og alþjóðlega spurt í vaxandi mæli „hvort eitthvað vaxi að eilífu?“ Er til dæmis rökrétt að hagkerfið vaxi að eilífu út frá mælikvarðanum vergri þjóðarframleiðslu? Í heiminum er mikið rætt hvort breyta þurfi viðskiptamódelum og einblína ekki eingöngu á verga þjóðarframleiðslu heldur nota fleiri mælikvarða til að mæla vel-sæld í samfélaginu, því hagvöxtur getur tekið á sig ýmsar myndir og þegar félagslegi þátturinn, samfélagið og fólk, jörðin og góðir stjórnaðættir fara vel saman; þá verður til besti hagvöxturinn, eins og dæmin sýna,“ segir Hrund.

Sjötta iðnbyltingin

Í dag er talað um sjálfbærni sem sjöttu iðnbyltinguna.

„Sjálfbærni er ekki bara einhver skoðun, heldur breytast umhverfi og samfélög nú á ógnarhraða í gegnum lög, reglur, kröfur fjárfesta og lög um upplýsingaráðgjöf fyrir ársreikninga, og við förum hratt í umbreytingu á rekstri yfir í sjálfbæran rekstur og hringrásarhagkerfið,“ upplýsir Hrund.

Til að renna stóðum undir þetta er Evrópulöggjöf, sem nú er verið að innleiða hér á landi og í Evrópu.

„Alþjóðlega reikningsskilaráðið



Hrund Gunnsteinsdóttir er framkvæmdastjóri Festu sem styður við innleiðingu sjálfbærni í rekstri fyrirtækja.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

er nú að innleiða reglur um upplýsingagjöf fyrirtækja. Evrópulög og -reglur eru og verða innleiddar í regluverk á Íslandi, sem og væntanlega hvatakerfi um rekstur fyrirtækja. Hjá Evrópusambandinu kallast þetta EU Green Deal og er flokkunarreglugerð Evrópusambandsins sem á að stuðla að sjálfbærari rekstri og koma í veg fyrir grænþvott. Grænþvottur þýðir að fyrirtæki segjast vera sjálfbær og virða mannréttindi, en gera það ekki, en með nýju reglunum á að loka fyrir fálka upplýsingagjöf.

Hrund segir hugtakið sjálfbærni meira notað en samfélagsábyrgð, en samfélagsábyrgð fyrirtækja falli undir sjálfbærnina.

„Allur rekstur getur verið sjálfbær, en það er ekki síður mikilvæg staðreynd að það gengur ekki að allur rekstur sé ekki sjálfbær. Vísindin sýna okkur að við höfum ekki val um annað en að verða sífellt sjálfbærari. Það er mikilvægt sjónarmið, og sem dæmi, ef einhver ætlaði sér að reka fyrirtæki sem hefði skaðleg áhrif á fólk og umhverfi, og þrátt fyrir að reynsla og rannsóknir sýndu að það myndi þýða að fyrirtækið endist ekki lengi; hvers vegna í ósköpunum ætti þá einhver að vilja verja tíma sínum eða peningum í það?“

Úr línulegu hagkerfi

Hrund segir almennt talið ekki nægja að við færum okkur úr hákolefnahagkerfi yfir í lágkolefnahagkerfi.

„Til að snúa við þróuninni yfir í sjálfbæra, þurfum við enn fremur að færa okkur úr línulegu hagkerfi yfir í hringrásarhagkerfi,“ segir Hrund og útskýrir betur: „Línulegt hagkerfi þýðir að við kaupum ísskáp, hendum honum að notkun lokinni og hann er urðaður í jörðina með tilheyrandi mengun. Í hringrásarhagkerfinu væri ísskápur hannaður frá hugmyndastigi til endurnýtingar, endurvinnslu og að sem mestu leyti þannig að hann verði hluti af hringrás náttúrunnar. Líftími vöru og varahluta endist lengur og snýst hugmyndin um hringrásarhagkerfið um að lífsferill vara sé lengri, fjölbreyttari og umhverfisvænni. Þetta er mikið breyting á viðskiptamódelinu.“

Ísland gæti verið leiðandi

Þegar kemur að sjálfbærum rekstri fyrirtækja segir Hrund íslenskt atvinnulíf að sumu leyti eftir á í samanburði við til dæmis Norðurlöndin, sem standa að mörgu leyti framarlega.

„Við erum kannski ekki leiðandi

Við tölum stundum um að fjárfesting sé annað hvort arðsöm eða sjálfbær, eins og þetta tvennt fari ekki saman. Þetta fer nefnilega mjög vel saman.

Hrund Gunnsteinsdóttir

en það væri sannarlega mögulegt. Því fleiri sem tileinka sér að skilja þetta viðfangsefni og sjá tækifæri í því, því raunsærri og öflugri verður þessi þróun og hún er rosalega spennandi,“ segir Hrund sem í sinni vinnu minnir oft á að við erum komin að bjargbrúnni, en áskorunin feli í sér spennandi tækifæri.

„Ísland hefur á sér sjálfbæra ímynd og það vinnur með okkur, en þegar við litum ofan í kjöllinn á mörgum þáttum sést að við getum gert enn betur. Í alþjóðlegum samanburði stöndum við að mörgu leyti vel að vígi í félagslega þættinum, fólk og samfélaginu, enda búum við við velferðarkerfi. Sömuleiðis er mikill styrkleiki að við notum að stærstum hluta endurnýjanlega orku, en á sama tíma erum við komin afar skammt á veg í hringrásarhagkerfinu. Þegar kemur að endurnýjanlegri orku er hægt að fara fjölbreytta leið og fyrir áratug hefði enginn trúað að sólar- og vindorka yrði orðin svona útbreidd og víða hagkvæmari en jarðefnaeldsneyti, en það er staðreynd og mjög vongefandi. Íslendingar þurfa að huga vel að þróun grænna orkugjafa alþjóðlega og umræðunni þar, þótt við höfum staðið okkur vel þar framan af. Við þurfum að passa að heltast ekki úr lestinni, frekar halda forskoti og dreifa okkar þekkingu ennþá víðar.“

Þegar kemur að hugmyndinni um að sjálfbærni sé hluti af DNA fyrirtækja getum við bæði litið til íslenskra fyrirtækja og leiðandi aðila á Norðurlöndum.

„Við eignum aðila sem komnir eru ansi langt. Nærtækt dæmi er Marel, stærsta fyrirtæki á Íslandi. Það er að innleiða sjálfbærni inn í DNA fyrirtækisins með því að innleiða sjálfbærnimælikvarða í kaupaukakerfi stjórnaða, mælikvarða um nýsköpun, sem er stór hluti af rekstrinum, og frammi-stöðu á öllum stigum rekstursins,“ segir Hrund.

Össur er annað fyrirtæki sem er langt komið í að innleiða sjálfbærni í rekstur sinn.

„Össur hefur sett sér markmið

um kolefnishlutleysi og stendur í flóknu ferli við innleiðingu hringrásarhagkerfis í framleiðslu sinni. Þá er Ölgerðin í lífsferilsgreiningu á flöskum og dösum til að finna umhverfisvænustu leiðina í umbúðum, og BM Vallá er að setja sér það metnaðarfulla markmið að öll steypuframleiðsla verði kolefnishlutlaus árið 2030, í samvinnu við þeirra helsta sementsframleiðanda í Noregi. Við erum líka með hringrásarfyrirtækin Netparta og Pure North, sem vinna ótrúlega flott starf við að taka bíla í sundur, nýta hlutina eins og hægt er og koma þeim aftur í hringrásina, og svo hins vegar að finna leiðir til að endurnýta plast á umhverfisvænan hátt.“

Líkamsræktarstöð í sjálfbærni

Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð og sjálfbærni eru frjáls félagasamtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Aðildarfélög eru rúmlega 170 talsins og hefur aðild næstum því þrefaldast á þremur árum.

„Festa er einstakt hagaðila-samfélag utan um sjálfbærni og þótt víðar væri leitað. Í Festu eru minnstu og stærstu fyrirtækin á Íslandi, í öllum mögulegum geirum, allt frá verslun og þjónustu yfir í fjármálastarfsemi, hátækni og nýsköpun, en einnig sveitarfélög, háskólar eins og HÍ og HR, og opinberar stofnanir, eins og Umhverfisstofnun og Seðlabanki Íslands,“ greinir Hrund frá.

Festa hefur þann tilgang að styðja við innleiðingu sjálfbærni í allan rekstur.

„Fyrsta skrefið er að sækja um aðild hjá Festu, en við erum líka með draumabókasafn um sjálfbærni, Leiðarvísi á heimasíðunni okkar þar sem hægt er að nálgast fróðleik, leiðbeiningar og handbækur, öllum að kostnaðarlausu. Um 34 þúsund manns skoðuðu heimasíðuna okkar í fyrra. Segja má að þeir sem ganga í Festu gerist aðilar að líkamsræktarstöð í sjálfbærni og því meira sem þeir taka þátt, því betri verða þeir í sjálfbærni. Við hjá Festu erum að brúa hæfnibilið á Íslandi svo við verðum ekki eftir á í að innleiða sjálfbærni í rekstri og er fjöldi starfsmanna sem starfa hjá aðildarfélögum okkar 51 þúsund manns,“ upplýsir Hrund.

Festa býður upp á heildstæða fræðslupakka fyrir alla sem hafa áhuga á að fara út í sjálfbæran rekstur.

„Við bjóðum upp á ókeypis afnot af loftslagsmæli Festu, sem er uppfærður árlega og í takti við alþjóðlega staðla. Hann er hægt að

nálgast á climatepulse.is og í formi excel-skjals á heimasíðu Festu, samfélagsabyrgd.is.

Annað mikilvægt skref er að fyrirtæki og stofnanir greini hvað það er í starfseminni sem getur haft mest áhrif á umhverfisvænni rekstur, liðan starfsfólks, öryggi og virðiskeðjuna, sem dæmi.

„Sumir flytja inn vörur frá öðrum og kannski fátækum löndum og þá er mikilvægt að skoða virðis-keðjuna vel; er verið að borga of lág laun, er barnaþrælkun, og vel hlúð að starfsfólkinu? Til fyrirmyndar er íslenska fyrirtækið Omnom sem kynnist fólkinu sem ræktar kakó-baunirnar, borgar því mannsæm-andi laun og passar að virðis-keðjan sé traust. Þannig er hægt að breyta heiminum og lífsgæðum fólks skref fyrir skref, og sýnir að lítill skali er jafn mikilvægur og stór.“

Ekki spurning um hjartalag

Hrund segir áhuga stjórnaða mikinn á sjálfbærum rekstri.

„Um 8.000 manns horfðu á Janúarráðstefnu Festu í fyrra á einni viku. Það eru sífellt að koma fram sterkari raddir og betri dæmi um það hversu vel sjálfbær rekstur fer saman við arðsamar fjárfestingar, áhættustjórnun og rekstur sem endist til lengri tíma. Í nýársbréfi sínu sagði Larry Fink, forstjóri stærsta eignastýringasjóðs heims, Black Rock, að sjálfbær rekstur væri ekki spurning um hjartalag, heldur einfaldlega betri business. Fyrirtæki sem væru sjálfbær í rekstri hugsuðu til lengri tíma, væru með betri áhættustjórnun og seiglu í ört breytilegum heimi. Þau ynnu að því að auka verðmæti fyrir hagaðila sem eru starfsfólkið, hluthafar, virðis-keðjan, nærsamfélagið og náttúran, í stað þess að hafa það eina markmið að hámarka arðsemi hluthafa. Þetta finnst mér mikilvægt í umræðunni, því stundum tölum við um að fjárfesting sé annað hvort arðsöm eða sjálfbær, eins og þetta tvennt fari ekki saman. Þetta fer nefnilega mjög vel saman, líkt og fjárfestingamarkaðir hafa sýnt, sérstaklega síðastliðin tvö ár.“

Að ógleymdri velvildinni. „Fólk vill frekar starfa hjá og versla við sjálfbær fyrirtæki. Það vill frekar hafa þau í nærumhverfi sínu og að lífeyrissjóðurinn sinn fjárfesti í þeim. Víða er viðskipta- og hagfræðikennsla að þokast í þessa átt, sem væntanlega dregur líka til sín fjölbreyttari hóp af fólki sem hefur áhuga á hvers kyns sjálfbærum rekstri.“ ■

Sjá meira á samfélagsabyrgd.is

Samfélagsleg ábyrgð er vegferð til góðs

Finnur Oddsson tók við sem forstjóri Haga um mitt ár 2020. Hann segir að Hagar og tengd félög hafi alla tíð lagt metnað í að þjóna neytendum með ábyrgum hætti og að samfélagsleg ábyrgð sé mikilvægur þáttur í rekstri þeirra allra og leiðarljós við alla ákvarðanatöku Haga.

„Það hefur hins vegar ekki alltaf verið nægilega sýnilegt hversu margt er gert til þess að huga að umhverfi, mannauði og samfélagslegum þáttum í rekstri okkar félaga og mikilvægt að fjalla um það. Umhverfisvitund er sem betur fer sterk í íslenskri þjóðarsál og neytendur vilja gjarnan fá upplýsingar um stöðu fyrirtækja þegar kemur að sjálfbærni og ábyrgð í rekstri, t.a.m. hvernig þau takast á við matarsóun og flokkun sorps eða hvernig þau styðja við samfélagsleg málefni,“ segir hann.

Hjartans mál í allri starfsemi

Finnur starfaði áður hjá Origo en þar á undan hjá Viðskiptaráði Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Hann hóf störf hjá Högum fljótlega eftir að fyrsta Covid-bylgjan skall á landinu og segir það hafa að mörgu leyti verið sérstakan en lærdómsríkan tíma, sem hafi að hluta verið nýttur til að draga betur fram viðfangsefni sem tengjast sjálfbærri þróun Haga og tengdra félaga og auka formfestu í kringum málaflokkinn. Innan vébanda Haga starfa sjö rekstrareiningar, meðal annars Bónus, Hagkaup og Olis á smásölumarkaði og Aðföng og Bananar á sviði innflutnings og dreifingar. „Sjálfbærni er og hefur verið hjartans mál í allri okkar starfsemi og félögin hafa alla tíð lagt áherslu á að selja viðskiptavinum vöru og þjónustu með ábyrgum hætti, en skilningur okkar á hvað sú ábyrgð felur í sér hefur eðlilega þróast með árunum,“ greinir Finnur frá. „Til að taka dæmi, þá snerist ábyrgð í rekstri Bónuss á fyrstu árunum númer eitt, tvö og þrjú um hagkvæmni í rekstri og hagstætt verð til neytenda. Það er auðvitað enn meginþema í starfsemi Bónuss, en því til viðbótar hefur samfélagsleg ábyrgð í viðum skilningi þess orðs orðið leiðarljós í rekstri félagsins. Og það sama á auðvitað við um önnur félög innan samstæðunnar, sem hafa öll lagað starfsemi að breyttum tíðaranda. Það er hins vegar ánægjulegt að þar fari markmið gjarnan saman, þ.e. að samfélagslega ábyrgur rekstur er jafnframt skilvirkur og hagkvæmur.“

Skýr stefna mikilvægt leiðarljós

Finnur segir skýra stefnu til að starfa eftir vera mikilvægan þátt í að formfesta sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í starfsemi fyrirtækja eins og Haga. Okkar stefna byggir á fimm meginstöðum sem eru umhverfi, samfélag, mannauður, stjórnarhættir og lýðheilsa. Þessar stöðir styðja svo einnig við sex af heimsmarkmiðum Sam-einuðu þjóðanna sem við höfum gert að okkar.

Hagar hafa gert samning við Klappir grænar lausnir til að ná með mælanlegum hætti utan um árangur í umhverfismálum tengdum sjálfbærni. Hagar gefa út samfélagsuppgjör ár hvert samkvæmt UFS leiðbeiningum Nasdaq. Einnig eru Hagar samstarfsaðili Grænvangs, sem leiðir saman íslensk fyrirtæki og stjórnvöld að því markmiði að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2040. „Við trúum því að það sé ekki til plan B þegar kemur að umhverfisvernd. Okkar stefna og aðgerðir í sjálfbærnimálum skiptir máli og



það er skylda okkar að skilja vel við, og hafa jákvæð áhrif á, umhverfi og samfélag. Öll rekstrarfélög Haga setja sér skýr markmið ár hvert í sjálfbærni og birta þau í samfélagsskýrslum sínum. Starfsemi sem tengist matvælaframleiðslu og -sölu hefur umtalsvert umhverfisfótspor og við getum því haft töluverð áhrif til góðs,“ segir Finnur.

Þegar kemur að matvöruverslun og matarinnkaupum fyrir heimili þá snerta félög Haga, Bónus og Hagkaup, flesta landsmenn og eru þannig í einstakri stöðu til að geta stuðlað að bættri lýðheilsu landsmanna. „Matvælageirinn, allt frá framleiðslu til sölu, þarf að starfa með ábyrgum hætti og lágmarka umhverfisáhrif, hvort sem það snýr að ábyrgri framleiðslu, matarsóun eða flokkun á úrgangi. Við flokkum og mælum allt sorp sem frá okkur fer í samstarfi við Klappir og erum sífellt að bæta flokkunarhlutfallið í öllum okkar fyrirtækjum á milli ára. Bónus er þar ákveðin fyrirmynd, þar hefur verið staðið sérstaklega vel að flokkun sorps og endurnýtingu í gegnum árin. Þar sem hægt er reynum við að stuðla að jákvæðri hringrás. Bónus hefur t.a.m. látið framleiða garðmoltu úr sorpi sem viðskiptavinir hafa svo fengið gefins og núna eftir jólin var afgangslaufabrauði breytt í fuglafóður svo það færi ekki til spillis,“ segir Finnur.

„Orkunýting er okkur einnig ofarlega í huga og við leggjum áherslu á að knýja okkar starfsemi eins og hægt er með umhverfisvænum orkugjöfum. Stór hluti verslana Haga notar í dag einungis Led lýsingu og umhverfisvæna kolsýru sem kælimiðla, en hvort tveggja dregur verulega úr orkunotkun. Gert er ráð fyrir að slíkri yfirfærslu verði lokið fyrir allar verslanir Bónuss og Hagkaups innan fárra ára. Orkusparnaður sem hlýst af notkun Led lýsingar, umhverfisvænna kælimiðla og betri kæla er í kringum 50%, sem skilar sér bæði í minni umhverfisáhrifum og skilvirkari rekstri. Þetta er dæmi um hvernig sjálfbærni í rekstri styður eitt af okkar meginverkefnum, sem er að veita neytendum hagstæðustu kjörin hverju sinni. Þar fer Bónus fremst í flokki með því að bjóða ekki eingöngu hagkvæmstu vörukörfu í verslunum á höfuðborgarsvæðinu, heldur sama verð um allt land. Það



Heimsmarkmið Haga.

er dýrmætur stuðningur við samfélagið í heild sinni,“ segir Finnur.

Minni matarsóun byggir á innkaupum

Að mati Finns er mikilvægt að umræða um matarsóun snúist ekki fyrst og fremst um að selja útrunnar matvörur með afslætti. „Vissulega er mikilvægt að finna not fyrir útrunna, skemmda eða gallaða vöru, en ef við ætlum að draga úr matarsóun með afgerandi hætti þurfum við að koma í veg fyrir að vörur skemmist eða renni út á dagsetningum. Það gerum við fyrst og fremst með réttum innkaupum, með því að tryggja sem mestan veltuhraða þannig að vörur renni síður út á dagstimpli eða skemmist með öðrum hætti. Við leggjum því mikla áherslu á að innkaup og birgðastýring sé sem best í okkar verslunum og koma þannig í veg fyrir að vara renni út. Við nýtum til þess ýmsar tæknilausnir og treystum einnig á samstarf við framleiðendur, t.d. með innleiðingu databar-strikamerkinga, sem gera verslunum kleift með sjálfvirkum hætti að veita viðskiptavinum hækkandi afslátt á vörum sem eru að nálgast síðasta sölundag. Allar rekstrareiningar Haga eru mjög meðvitaðar um að draga úr matarsóun, en við teljum að lykilþáttur í þeirri baráttu felist í ábyrgum innkaupum verslana og góðu samstarfi við framleiðendur,“ segir hann.

Nýsköpun og sjálfbærni

Ásamt því að gæta vel að umhverfisspori í allri starfsemi, þá leggjum við áherslu á að styðja við nýsköpun, upplýsir Finnur og bætir við að slík verkefni séu einnig meðal þeirra skemmtilegustu sem Hagar og tengd félög fást við. Hagar stofnuðu nýsköpunarsjóðinn Uppsprettna í fyrra, þar sem frumkvöðlar geta sótt um styrki fyrir verkefni sem stuðla að aukinni sjálfbærni í matvælaframleiðslu. „Niu verkefni fengu

styrk úr Uppsprettnunni í fyrra og voru þau öll með það markmið að nýta betur hráefni sem fellur til í nærumhverfi okkar eða framleiða vörur sem hafa jákvæðari áhrif á umhverfi og samfélag. Fimm af níu styrkhöfum eru þegar komin með vörur í verslanir. Sem dæmi um vörur sem komnar eru í hillur verslana eru sápur undir vörumerkinu Baða. Sápurarnar eru að öllu leyti úr íslensku hráefni, olíum, auk grænmetis og ávaxta sem falla til í verslunum Bónuss. Baða er frábært dæmi um hringrás sem hægt er að ná með sameiginlegu markmiði, að lágmarka sóun og skapa nýtt virði,“ segir Finnur. Opnað verður fyrir umsóknir um styrki í Uppsprettnuna 2022 í næstu viku og verða allt að 20 milljónir til úthlutunar úr sjóðnum. Finnur bætir við að Hagar hvetji frumkvöðla til þess að sækja um styrk úr sjóðnum, því þannig getum við saman haft jákvæðari áhrif á okkar umhverfi og samfélag.

Safnað fyrir íbúa Úkraínu

Félög á vegum Haga taka þátt í margvíslegum samfélagsverkefnum er varða íþróttastarf, skógrækt, ýmis góðgerðarmálefni og annað þess háttar. Nýlegt góðgerðarverkefni var fjársöfnun fyrir íbúa Úkraínu í samstarfi við Rauða krossinn. Viðskiptavinum Haga var boðið upp á að bæta við 500 kr. styrktarupphæð við vörukaup sín í verslunum Bónuss, Hagkaups og Olis. Hagar bættu síðan við mótframlagi að sömu upphæð. Þannig hafa þegar safnast um 30 milljónir til stuðnings íbúum í Úkraínu. „Það er virkilega ánægjulegt að sjá samhug landsmanna með úkraínsku þjóðinni í verki, en þúsundir viðskiptavina okkar hafa tekið þátt og aðstoðað okkur við að styrkja þetta þarfa málefni,“ segir Finnur.

Bætt lýðheilsa

„Maturinn sem við setjum ofan í okkur hefur augljóslega mikil áhrif á heilsu og við erum meðvit-uð um það. Í ljósi þess hvað matvara leikur stórt hlutverk í okkar starfsemi, þá er almenn lýðheilsa áherslumál hjá okkur. Þar getum við haft áhrif á ýmsan hátt, m.a. hvernig vörur við bjóðum upp á og með framsetningu. Áhugavert viðfangsefni þessu tengt er t.a.m. sú staðreynd að landsmenn fá ekki nægilega mikið af grænmeti og ávöxtum, eins og embætti land-

læknis hefur bent á. Þarna viljum við leggja okkar lóð á vogarskálarnar, m.a. með því að auka gæði og framsetningu grænmetis og ávaxta í okkar verslunum. Einnig eigum við frábært samstarf við bændur og aðra íslenska framleiðendur og höfum það sameiginlega áhugamál að auka ræktun og sölu á íslensku grænmeti og ávöxtum. Við reynum eðlilega að bjóða viðskiptavinum okkar upp á allt það sem þeir leita að í verslunum, en reynum þó meðvitað að hafa áhrif á hollara val með framsetningu á vörum. Þannig höfum við óbeint góð áhrif á lýðheilsu fólks,“ segir Finnur enn fremur.

„Við hjá Högum leggjum mikla áherslu á að tryggja öryggi og velliðan starfsfólks. Margir sem hjá okkur starfa hafa fengið tækifæri til að stiga sín fyrstu skref í atvinnulífinu í fyrirtækjum Haga. Það er einnig mikil þekking hjá starfsfólkinu okkar og margir með langa starfsreynslu,“ segir hann.

Mæla árangur og gera betur

Mælingar á árangri okkar í sjálfbærni er orðinn hluti af reglulegum mælikvörðum á árangur í rekstri. Við höfum lagt mikla áherslu síðustu ár á að innleiða uppgjör Klappa og virkja öll félögin í skráningu í kerfið. Flest félögin fylgjast mjög reglulega með t.d. flokkun á sorpi í verslunum og þjónustustöðvum og bregðast við um leið og eitthvað virðist ekki mæta markmiðum. Við kolefnisjöfnum allar okkar verslanir og allan okkar rekstur. En þess ber að geta að okkar mikilvægasta framlag hlýtur alltaf að vera það að kolefnissporið okkar sé jafnt og þétt að minnka og að minna þurfi að jafna með hverju árinu.“

Að lokum segir Finnur: „Okkur finnst mikilvægt að horfa til baka og rýna þann árangur sem við höfum náð, þá með það fyrir augum að leita tækifæra til enn frekari úrbóta. Það er alltaf hægt að gera betur, innan hversrar rekstrareiningar hjá okkur. Í því sambandi leggjum við áherslu á að deila þekkingu og reynslu á milli fyrirtækjanna í þessum málum, sem hraðar framþróun og bætir árangur. Við ætlum að leggja okkar af mörkum við að vernda umhverfi okkar og stuðla að heilbrigðu samfélagi og lítum þannig á að það sé alltaf hægt að gera betur.“ ■

Finnur Oddsson, forstjóri Haga, segir að sjálfbærni sé og hafi verið hjartans mál í allri starfsemi Haga og félögin hafi alla tíð lagt áherslu á að selja viðskiptavinum vöru og þjónustu með ábyrgum hætti.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON

Fjármagn í sjálfbæra uppbyggingu lykilatriði

Í kjölfar samruna Kviku banka við TM og Lykil fjármögnun og kaup Kviku banka á fjártæknifélögunum Aur app og Netgíró á árinu 2021, átti sér stað stefnumót-unarvinna fyrir hina nýju samstæðu sem leiddi meðal annars til aukinnar áherslu á sjálfbærni.

Eitt af leiðarljósum Kviku er ábyrg þátttaka í samfélaginu og eru gildi samstæðunnar langtímahugsun, einfaldleiki og hugrekki. Sjálfbærni hefur verið aukin í rekstri og kjarna starfseminnar.

Anna Þórdís Rafnsdóttir, verkefnastjóri sjálfbærni hjá Kviku banka, segir að sett hafi verið á laggirnar nefnd Kviku um samfélagsábyrgð og sjálfbærni, sem er skipuð forstjóra Kviku og stjórnendum þvert á dótturfélög og svið. „Með þessu móti næst betri samræming í sjálfbærnimálum í ört stækkandi rekstri. Þá var einnig stofnuð staða verkefnastjóra sjálfbærni, sem vinnur að innleiðingu málaflokksins með nefndinni á samstæðugrunni.“

Kvika leggur áherslu á að styðja við lausnir sem miða að því að vinna bug á áhrifum loftslagsbreytinga á umhverfi og samfélög, en ljóst sé að til að ná megi markmiðum ríkisstjórnarinnar um kolefnishlutleysi árið 2040 þurfi samstillt átak einkaaðila og hins opinbera. „Meðal nýlegra aðgerða sem Kvika hefur ráðist í er að stýra fjármagni í átt að umhverfisvænum lausnum. Má þar nefna útgáfu grænnar fjármálaumgjarðar, græna framtíðarreikninga Auðar með tengingu við barnatryggingu TM, sem eru innlánsreikningar fyrir börn, græna skuldabréfa-



Anna Þórdís Rafnsdóttir, verkefnastjóri sjálfbærni, og Elísabet Guðrún Björnsdóttir, sérfræðingur í fjárstýringu hjá Kviku banka.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Fjárfestar horfa í auknum mæli til ESG þegar þeir taka fjárfestingarákvarðanir, bæði hérlandis og í alþjóðlegu fjárfesta-umhverfi.

Anna Þórdís Rafnsdóttir

útgáfu Kviku og loftslagssjóð sem Kvika eignastýring vinnur í að koma á fót.“

Stafrænar lausnir

Anna segir Kviku banka og dótturfélög hafa verið leiðandi í því að veita stafræna fjármála- og tryggingaþjónustu. „Á haustmánuðum greindum við sérstaklega ávinning af sjálfvirknivæðingu Lykilsamninga og Lykillána, sem fóru stafrænt í loftið á síðasta ári. Þetta skilar sér í tímasparnaði fyrir bæði starfsmenn og viðskiptavinum, sparnaði í samgöngum, og þar með útblæstri gróðurhúsalofttegunda og annarrar mengunar, sem og í pappírsmengun. Stafrænar lausnir og þjónusta falla einnig vel að þörfum neytenda í síbreytilegu samfélagi og auka samkeppni.“

Elísabet Guðrún Björnsdóttir,

sérfræðingur í fjárstýringu, segir það lykilþátt í framgangi sjálfbærrar þróunar að fjármagni sé beint í sjálfbæra uppbyggingu og fjárfestingar. Þar gegni fjármála-stofnanir og fjárfestar mikilvægu hlutverki og hafi mikla möguleika á að hafa veruleg og jákvæð áhrif.

Elísabet nefnir að græn fjármögnun sé nýtt til að fjármagna umhverfisvæn verkefni: „Græn fjármálaumgjörð Kviku gefur bankanum vettvang til að stýra fjármagni í slík verkefni. Umgjörðin var gefin út síðastliðið haust og Kvika hefur valið sér grænar samgöngur, grænar byggingar og endurnýjanlega orku, sem verkefnaflokkar til að fjármagna. Svo er ekkert því til fyrirstöðu að bæta við fleiri verkefnaflokkum síðar meir þegar meiri reynsla er komin á umgjörðina.

Græn skuldabréf

Kvika gaf einnig út sitt fyrsta græna skuldabréf síðastliðið haust. Kjörin voru góð og eftirspurnin mikil. Annað sem fellur undir umgjörðina eru grænir framtíðarreikningar Auðar. Það er skemmtilegt að geta boðið upp á þann möguleika að ávaxta framtíðarsparnað barna með góðum kjörum og stuðla um leið að sjálfbærri framtíð fyrir barnið þar sem sparnaðurinn er notaður til að fjármagna umhverfisvæn verkefni sem Kvika leggur áherslu á.“

Anna segir að hingað til hafi gjarnan verið vísað til sjálfbærniþáttanna, eða ESG, sem ófjárhagslegra þátta og meira litíð á þá sem ákveðna kostnaðareiningu, sem hafi þó þótt sjálfsagt og nauðsynlegt að sinna og styðja við. Merkja megi ákveðna breytingu þar sem

Aðstöðustjórnun lykill að bættri sjálfbærni

Alþjóðleg þróun í átt að sjálfbærum rekstri og samfélagsábyrgð er hröð og meðfram því er vaxandi krafa á að fyrirtæki og hið opinbera hérlandis taki upp yfirlýsta stefnu í sjálfbærni, svo sem stefnu í umhverfisþáttum, félagsþáttum og góðum stjórnarháttum.

Aðstöðustjórnun er ný þjónustulína hjá VSÓ Ráðgjöf síðan vorið 2021. Ráðgjöfin snýst um aðlögun vinnu-aðstöðu og þjónustuparfa hennar að kröfum kjarnastarfseminnar og starfsfólki fyrirtækja. Hún bætist þar með við fjölda þjónustulína verkfræðistofunnar, sem aðstoðar viðskiptavinum við að bæta sjálfbærni í þeirra rekstri.

Matthías Ásgeirsson, byggingarverkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf, segir umhverfisáhrif atvinnuhúsnæðis vera gríðarleg. Talið er að uppbygging og rekstur atvinnuhúsnæðis sé ábyrgt fyrir um 40 prósent af orkunotkun og 33 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda, auk óbeinna áhrifa sem aðliggjandi innviðir og samgöngukerfi hafa.

Af þessari losun má rekja 88 prósent til endurnýjunar, breytinga, viðhalds og orkunotkunar, sem eru lykilhlutverk og ábyrgð aðstöðustjórnunar. Vegna þeirrar umhverfisvænu orku sem Ísland er svo lánsamt að hafa aðgang að, er þetta hlutfall í kringum 42 prósent hér á landi ef horft er á meðaltal allra bygginga, þar sem atvinnuhúsnæði er 35 prósent, samkvæmt nýúttefinni skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um kolefnislosun íslenskra bygginga. Þetta er talsvert hærri hlutfall en margir gerðu ráð



Matthías Ásgeirsson, byggingarverkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf, segir aðstöðustjórnun aðstoða húseigendur og leigutaka við að draga úr þessari losun án þess þó að skerða skilvirkni vinnustaðarins eða velliðan starfsmanna.


FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Hvaða húsnæði sem horft er til þá tryggir aðstöðustjórnun að það sé ekki bara umhverfisvænt heldur sjálfbært.

prósent með fækkun vinnuferða og endurskipulagningu vinnustaðarins með tilliti til farvinnu-mögu-leika. Starfsfólk gerir í dag meiri kröfur um hvar og hvernig það vinnur. Aðstöðustjórnun styður við aðlögun að nýjum möguleikum og væntingum með faglegum hætti.“

Alþjóðlegar kannanir benda til þess að fjárfestingar- og fasteignafélög séu að fara að stórauka fjárfestingar í umhverfisvænu atvinnuhúsnæði og telji leigutaka reiðubúna að borga hærri leigu fyrir meiri gæði og með væntingar um minni rekstrarkostnað.

Á Íslandi má skynja hreyfingu í sömu átt en þó mun hægari, segir Matthías, sem telur ofangreinda niðurstöðu um umhverfisáhrif atvinnuhúsnæðis ýta á þessa þróun. „Hvaða húsnæði sem horft er til þá tryggir aðstöðustjórnun að það sé ekki bara umhverfisvænt heldur sjálfbært, með því að uppfylla einnig kröfur starfseminnar og fjármögnunargetu húseiganda og leigutaka. Hún styður einnig við ákvarðanatöku og ráðgjöf um vottun á sjálfbærni atvinnuhúsnæðis í rekstri eins og BREEAM In-use eða annarra sambærilegra vottunarkerfa, segir Matthías Ásgeirsson, byggingarverkfræðingur hjá VSÓ Ráðgjöf. ■



42 prósent kolefnislosunar frá byggingum stafar af endurnýjun og endurbótum og orkunotkun í rekstri þeirra.

fyrir og kallar á faglega aðferðafræði til þess að leysa þennan vanda.

Matthías segir aðstöðustjórnun aðstoða húseigendur og leigutaka við að draga úr þessari losun án

þess þó að skerða skilvirkni vinnustaðarins eða velliðan starfsmanna. „Með því að samræma þarfir fólks, ferla og vinnustaðinn á umhverfisvænan hátt styðst VSÓ Ráðgjöf við

viðurkennda aðferðafræði og „best-practice“ til þess að finnstilla aðstöðuna að kröfum starfseminnar með umhverfisvænum hætti.

Horft er til ýmissa hliða til þess að ná því markmiði, til dæmis hámarkun á rýmisnýtingu, með vinnustaðaskipulagi sem tekur mið af rekstrarþörfum án þess að draga úr þægindum starfsmanna, aðlögun orkunotkunar að álagsþörfum reksturs, sjálfvirkir aðlögunar loftræsi- og upphitunarkerfa að notendapörfum, efnisvals með áherslu á endurnýtingarmöguleika, hagræðingar og minnkunar á soun með hentugri samnýtingu mismunandi leigutaka í sömu eign.“

Breyttar vinnuvenjur vegna áhrifa Covid-19 heimsfaraldursins hafa að sögn Matthíasar kallað á aðlögun vinnu-aðstöðu og búið til tækifæri til aukinnar sjálfbærni. „Talið er að hægt sé að lækka kolefnisspor þekkingarstarfa um 30



Nýju tapparnir verða áfastir svo þeir losni ekki af þegar flaskan er opnuð. Þannig aukast líkurnar á að þeir fari með í endurvinnslu. MYNDIR/ÆÐSENDAR

Með sjálfbærni að leiðarljósi í áratugi

Coca-Cola á Íslandi rekur tvær verksmiðjur, í Reykjavík og á Akureyri. Sjálfbærni skiptir fyrirtækið miklu máli en rúm 30 ár eru síðan það tók þátt í stofnun Endurvinnslunnar. Fyrirtækið stefnir á kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

Coca-Cola Europacific Partners, móðurfyrirtæki Coca-Cola á Íslandi, hefur sett sér það leiðarljós að vinna að sjálfbærni og nýta fyrirtækið og vörumerkin til að stuðla að betri framtíð fyrir fólkið og jörðina. Sjálfbærni er kjarnaþáttur í viðskiptum CCEP og árið 2018 setti fyrirtækið sér víðtæka sjálfbærnistefnu í sex köflum með 21 mælanlegu og tímasettu markmiði. Fyrirtækið hefur skuldbundið sig til að draga úr kolefnislosun um 30% fyrir árið 2030 og ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2040.

„Við höfum farið eftir þessu plani í nokkur ár og erum með markvissa framkvæmdaáætlun til að ná þessum markmiðum. Sjálfbærnihugsjónin nær þó enn lengra aftur og sem dæmi eru um 30 ár síðan við tókum þátt í stofnun Endurvinnslunnar. Nú eru hátt í 90% drykkjarumbúða sem skila sér í endurvinnslu, en við tókum þátt í að tryggja það,“ segir Einar Snorri Magnússon, forstjóri Coca-Cola á Íslandi.

100% endurunnið plast í flöskunum

„Coca-Cola á Íslandi rekur tvær verksmiðjur, Víking Brugghús á Akureyri og verksmiðju fyrir vatn og gosdrykki í Reykjavík. Við tókum stórt skref í fyrra, þar sem við vorum einn af fyrstu mörkuðum í heimi til að nota eingöngu 100% endurunnið plast í öllum flöskum sem við framleiðum. Þannig drögum við verulega úr plastnotkun, sköpum hringrás fyrir umbúðirnar og drögum stórlega úr kolefnisspori. Samhliða þessu höfum við líka verið að nota endurunnið plast í ytri umbúðir eins og pakkingar utan um flöskurnar,“ segir Einar. „Við það að færa okkur yfir í endurunnið plast sparast ígildi 400 tonna af kolefnum, kolefnisspor vegna framleiðslu á plastflöskum minnkar um 44% og við hættum að kaupa sem nemur 530 tonnum af nýju plasti á ári.“

Nýjasta skref fyrirtækisins í átt að aukinni sjálfbærni er ný átöppunarlína sem verður sett upp seinna á árinu, en hún mun létta plastflöskurnar enn þá meira, að sögn Einars.

„Á sama tíma verður breyting á töppunum okkar. Þeir verða áfastir svo þeir losni ekki frá þegar flaskan er opnuð, þannig erum við að



Allar plastflöskur sem notaðar eru í framleiðslu Coca-Cola á Íslandi eru úr 100% endurunnu plasti.

Sjálfbærnihugsjónin nær þó enn lengra og sem dæmi eru um 30 ár síðan við tókum þátt í stofnun Endurvinnslunnar.



Einar Snorri Magnússon

tryggja að tapparnir skili sér líka í endurvinnsluna. Þá erum við einnig að minnka plastið í töppunum. Það er stöðugt verið að vinna að því að minnka notkun á plasti og nota sem mest endurunnið plast í allt sem við framleiðum,“ segir hann.

Kolsýran endurnýtt

Einar segir að Coca-Cola á Íslandi sé mjög nálægt því að vera kolefnishlutlaust í framleiðslunni í Reykjavík, en áætlanir eru uppi um hvernig má ná því innan skamms. Í verksmiðjunni fyrir norðan er einnig unnið að sjálfbærni og kolefnishlutleysi á margvíslegan hátt.

„Við erum sem dæmi að endurnýta kolsýru og erum með kerfi sem grípur alla kolsýru sem við notum í framleiðsluna og þannig getum við notað hana aftur. Við það sparast sem nemur ígildi 230 tonna af kolefnum á ársgrundvelli. Við erum líka að nota minna ál í dósir og lok. Það er stöðugt verið að vinna að því að nota minni og minni umbúðir og umhverfisvænni umbúðir,“ segir hann.

„Við erum líka með fullkomnustu vatnsfrænnishreinsistöð á landinu hér í Reykjavík. Við hreinsum allt vatn sem fer í gegnum verksmiðjuna. Vatnið fer í gegnum lifrænan feril sem hreinsar allan úrgang

úr því og skilar frænnisvatninu út úr verksmiðjunni hreinu frá okkur.“

Umhverfismál hluti af allri starfsemi

Einar segir umhverfismál vera inngróin í alla starfsemi Coca-Cola á Íslandi, hvort sem það er í framleiðslunni eða sölu- og markaðsmálum.

„Við hugsum um þessi mál á mjög breiðu sviði. Þetta er hluti af öllu okkar starfi. Við finnum að þessi mál skipta viðskiptavinum okkar gríðarlegu máli. Sem betur fer gera þeir þá kröfu á okkur að við stöndum okkur vel og hugsum um þessi mál. Hvort sem það eru veitingastaðirnir eða matvörubúðirnar þá finnum við að viðskiptavinirnir eru að hugsa um hvernig við getum tryggt að umhverfisáhrifin séu sem minnst,“ segir hann.

„Við finnum það líka að það er krafa frá starfsmönnum okkar að við hugsum um þessi mál og gerum betur í þeim. Bæði þá spyr fólk sem sækir um vinnu hjá okkur hvað við séum að gera í þessum málum og starfsfólk sem vinnur hjá okkur er mjög áhugasamt um að taka þátt í að stuðla að sjálfbærni. Á starfsmannafundum finnum við að þessi mál eru þau sem vekja mestu og líflegustu umræðuna. Enda skipta þau gríðarlegu máli.“ ■



Framsækið sveitarfélag í sjálfbærri þróun

Sveitastjórn Flóahrepps ákvað í lok ársins 2019 að hefja stefnumótun með nýja framtíðarsýn, sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Tilgangurinn er að innleiða sjálfbæra og framsækna þróun í sveitarfélaginu og stuðla að heilsusamlegu og bættu samfélagi.

elin@frettabladid.is

Eydís Þorbjörg Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, segir að í framhaldi af skuldbindingu Íslands 2015, hafi heimsmarkmiðin verið kynnt meðal annars á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þar hafi hún og Árni Eiríksson oddviti heillast af hugmyndafræðinni og sent kynningarefni á allar nefndir sveitarfélagsins í framhaldi af því. „Það var síðan í lok ársins 2019 sem sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti einróma að vinna að heildarstefnumótun til næstu ára og þróa heildarframtíðarsýn með heimsmarkmiðin að leiðarljósi. Um leið styrkjum við stöðir sjálfbærrar þróunar,“ segir Eydís.

Varmadæluvæðing í Flóaskóla
„Innleiðing gengur vel og ýmis verkefni eru þegar komin af stað. Við höfum til dæmis verið að skipta um orkugjafa í Flóaskóla. Skólinn er staðsettur á köldu svæði og fram til síðasta árs hefur hann verið kyntur upp með rafmagni. Við fjárfestum í varmadælum og fengum styrk til þess frá Orkusjóði. Þetta er stórt verkefni og það þurfti að gera ákveðnar breytingar eins og að tengja loftræstikerfi við varmadælu, plægja niður 2,3 km af lögnum í skólalóð og fleira. Í sumar munum við skipta út rafmagnspilofnum sem voru til staðar í einum áfanga byggingarinnar,“ segir Eydís. Bæði leik- og grunnskóli Flóahrepps taka þátt í verkefninu með því að starfa samkvæmt grænfanastefnu, sem



Eydís Þorbjörg Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

gerir ríkar kröfur til þess að unnið sé með sjálfbærni að leiðarljósi. Gerðar eru úttektir á starfseminni reglulega. „Með þessari stefnu eru gerðar kröfur um að spara rafmagn, sporna við matarsóun og spara pappír svo eitthvað sé nefnt,“ segir Eydís, en í grunnskólanum eru 116 börn og um 40 í leikskólanum. Flóahreppur hefur einnig gert samning við Embætti landlæknis um verkefnið Heilsueflandi samfélag og taka skólarnir þátt í því. „Samfélagið er ungt, með góðan aldursþíramíða, þannig að það eru hlutfallslega mörg börn í leik- og grunnskóla miðað við íbúafjölda. Um sjö hundruð manns búa á svæðinu. Við látum stefnu heimsmarkmiðanna ná til allra sviða sveitarfélagsins og allar stofnanir taka þátt í verkefninu. Þegar við vorum að innleiða þessa stefnu var það gert í samræði við þær sem og nefndir sveitarfélagsins. Við réðum verkefnastjóra, Evu Magnúsdóttur ráðgjafa hjá Podium, en hún hafði unnið að sambærilegu verkefni í Skaftárhreppi. Fulltrúar í nefndum og íbúar í sveitarfélaginu voru sömuleiðis kallaðir til samráðs og verkefnið kynnt á fundum og rafrænt. Við vorum ávallt að huga að sjálfbærni samfélagsins og velferð íbúanna,“ segir Eydís og bætir við að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna sé gott tæki til þess og allir hafi unnið lausnamiðað að markmiðasetningu fyrir sveitarfélagið sitt. Nú er einnig búið að vinna skólafestun Flóahrepps á sama grunni og birta hana á heimasíðu sveitarfélagsins.

Lærdómsríkt ferli
„Við erum nú að undirbúa gerð



Það er fallett í landslagið í Flóahreppi.

MYND/ÁRNI GEIR

loftslagsstefnu og nýtum okkur til þess veflausnir Umhverfisstofnunar. Leiðtogahlutverk Sambands sveitarfélaga er mikilvægt í verkefnum eins og heimsmarkmiðavinnunni, en verkefnisstjórar frá þeim hafa stýrt reglulegum samráðsfundum þar sem við lærum hvert af öðru. Við höfum m.a. verið að vinna með Skútustaðahreppi, Hornafjarðarbæ, Kópavogi, Hafnarfirði og Fjarðarbyggð ásamt fleirum. Allir eru mjög áhugasamir að fara þessa leið og það er lærdómsríkt að fylgjast með hvað hin sveitarfélögin eru að gera.“

Flokka allt rusl
Mörg landbúnaðar fyrirtæki eru í Flóahreppi og segir Eydís að bændur séu líka að vinna að því að taka inn þessa hugmyndafræði. Núna, þegar aðföng eins og áburðargjöld eru að hækka í verði, er sjálfbærni og endurnýting góð leið til að halda kostnaði í lágmarki. Flóahreppur tók þá ákvörðun árið 2011 að flokka allt sorp í þaula í sveitinni

og er enginn afsláttur gefinn í því efni. Allur lífrænn úrgangur er sömuleiðis flokkaður og er sóttur á alla bæi sem óska eftir því. Aðrir nýta úrganginn til moltugerðar eða sem áburð.“
Eydís bendir á að mjög framsækið fyrirtæki sé starfandi í hreppnum, Orkugerðin. „Fyrirtækið er staðsett við Suðurlandsveg og er í eigu sláturleyfishafa og sveitarfélaga. Það tekur á móti úrgangi úr sláturhúsum og vinnur úr honum verðmætar afurðir. Afurðir eru fita til orkunotkunar og próteinríkt kjötmjöl. Mjölið er notað í skógrækt og landgræðslu á Suðurlandi. Áhugi er fyrir því að nota mjölið enn frekar, en reglur eru enn þá fullstrangar hvað varðar þau tíma-mörk sem eru frá dreifingu kjötmjölsins til nýtingar á landi. Það er mjög margt spennandi að gerast í sveitarfélaginu. Meðal annars höfum við skipt út bensínbil hjá umsjónarmanni fasteigna fyrir rafbil og hugmyndin er að setja upp nútíma hraðhleðslustöðvar við allar stofnanir sveitarfélagsins.

Það er ákveðið tækifæri til þess að gera vel við starfsmenn með því að láta þá hafa starfsmannakort sem gengur að hleðslustöðinni. Með því hvetjum við starfsmenn til að skipta yfir í rafbíla.“

Sveitarstjórnin á förum
Eydís segir að tíminn sem sveitarstjóri Flóahrepps hafi verið einstaklega skemmtilegur og lærdómsríkur. Áður en hún tók við sem sveitarstjóri hafði hún verið oddviti Ásahrepps í Rangárvallasýslu í átta ár, með verkefni sveitarstjóra á borðinu. Þar á undan hafði hún verið eitt kjörtímabil í sveitarstjórninni þar. „Málefni sveitarfélaga brenna á mér og hafa verið mér hugleikin lengi. Það hefur verið sérstaklega lærdómsríkt að starfa hér enda vinnur sveitarstjórnin vel saman,“ segir Eydís en hún lætur af starfi í vor. „Ég gef kost á mér í Rangárþingi ytra. Ég hef búið í Rangárvallasýslu síðan 1996 og ákvað núna að fara aftur í heima-pólitíkina,“ segir hún. ■

Össur er kolefnishlutlaust fyrirtæki

Okkur er annt um umhverfið og við tökum ábyrgð okkar alvarlega

3

HEILSA OG VELLÍÐAN

5

JAFNRÉTTI KYNJANNA

12

ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

13

AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM

Við styðjum Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Við bjóðum upp á vörur og þjónustu sem stuðla að góðri heilsu og vellíðan, notum ábyrgar framleiðsluaðferðir, styðjum aðgerðir í loftslagsmálum og vinnum að jöfnum rétti kynjanna.

Nánari upplýsingar á www.ossur.com/csr

ÖSSUR
LIFE WITHOUT LIMITATIONS

Stafrænar lausnir Klappa stuðla að sjálfbærni

Klappir eru hugbúnaðar-fyrirtæki sem á rætur sínar að rekja til ársins 2013 og hefur allar götur síðan þróað og selt hugbúnað sem styður vegferð samfélagsins í átt að sjálfbærni.

Í upphafi voru Klappir stofnaðar til þess að hanna stafrænar lausnir á sviði umhverfismála fyrir haf-tengdan iðnað. Sýn fyrirtækisins var að nýta umfangsmikil gögn, sem verið var að safna í papp-írsformi, og rafvæða lögbundna skráningarferla. Fljótlega jókst umfang gagnasöfnunarinnar og nær hún nú utan um flest allt sem snertir umhverfismælingar í rekstri fyrirtækja og stofnana. Klappir hafa því markvisst unnið að því að byggja upp öfluga stafræna innviði til þess að mynda stafrænt sjálfbært vistkerfi. Markmið Klappa er að auka skilning á öllum hliðum sjálfbærni með stöðugri þróun á snjöllum sjálfbærnilausnum. Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri og einn stofnenda Klappa, segir fyrirtækið og starfsfólk þess brenna af áhuga á að aðstoða viðskiptavinum þess við að gera fyrirtæki sín sjálfbær með því að veita þeim aðgang að nákvæmum rauntímagögnum sem auðvelt sé að vinna með, greina og bregðast við.

Rúmlega 300 hluthafar Síðan 2013 hafa Klappir unnið með fyrirtækjum, sveitarfélögum og stofnunum í að ná árangri í sjálfbærni og árið 2017 var Klappir skráð á „Nasdaq First North“. Í dag eru hluthafar í félaginu fleiri en 300 talsins. Hluthafarnir eru frumkvöðlar, fagfjárfestar og einstaklingar. Jón Ágúst segir Klappir hafa fjárfest í þróun á bestu faanlegu tækni til stuðnings við loftslagsmál og búið sé að setja upp vistkerfi með meira en 6.000 notendum. „Á árinu 2022 verðum við með meira en 26 græn störf. Við höfum líka fengið góðar viðtökur í Danmörku síðustu mánuði og því var ákveðið að stofna Klappir Nordic. Þar eru nú starfandi tveir starfsmenn félagsins, sem munu þjónusta Norðurlöndin. Við bindum miklar vonir við að styrkja stöðu okkar enn frekar á Norðurlöndunum með stofnun Klappa Nordic,“ segir Jón Ágúst.

Grænskjáir auka umhverfislæsi Klappir leggja mikla áherslu á að vinna með samfélaginu að mikilvægum verkefnum. Klappir reyna að leggja sitt af mörkum með Reykjavíkurborg, Landvernd, Faxaflóahöfnum, Sorpu, Gagarín og Origo í að vinna gegn loftslagskvíða ungmenna. Þetta er gert með því að fræða nemendur og veita þeim aðgang að tækni og gögnum sem styðja við kennslu í sjálfbærni. „Við erum ásamt samstarfsaðilum okkar í samstarfi við grunn- og framhaldsskóla til að þjálfa nemendur í að skilja sjálfbærni skóla og heimila. Verkefnið heitir „Green Penguin“ eða Grænskjáir upp á íslensku, og er átak til að auka umhverfislæsi og innsæi hjá börnum og ungmennum. Við erum búin að hanna mjög aðgengilegan og auðskiljanlegan upplýsingaskjá sem verður aðgengilegur í öllum skólum í Reykjavík með haustinu. Námsefnið er svo unnið af Landvernd í tengslum við Grænfanaskóla. Þetta verður alger bylting í sjálfbærnikennslu í skólum landsins“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson. Starfsemi Klappa styður



Klappir Nordic var stofnað fyrr á árinu og eru skrifstofur dótturfélagsins á Íslandsbryggju í Kaupmannahöfn.
MYND/RASMUS HORTSHØJ



Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa grænna lausna, segir Klappir styðja við endurheimt og uppbyggingu vistkerfa.
MYND/ADSEND

Klappir gera mögulegt að deila þekkingu og traustum gögn-um, birta sjálfbærni-uppgjör sem eru nákvæm, gagnsæ og samræmd og byggja upp samræmda þekkingu og skilning á loftslagsmálum og UFS í heild.

við sautjándra heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, en heims-markmiðin innihalda 17 megin-markmið, 169 undirmarkmið og 231 vísi. „Við hvetjum til samvinnu um markmiðin, þannig náum við þeim árangri sem samfélagið stefnir að í sjálfbærni,“ segir Jón Ágúst. „Klappir gera fyrirtækjum og stofnunum mögulegt að deila þekkingu og traustum gögnum, birta sjálfbærniuppgjör sem eru nákvæm, gagnsæ og samræmd og byggja upp samræmda þekkingu og skilning á loftslagsmálum og UFS í heild.“ Sjálfbærnilausn Klappa er með flest öll töl og tæki til að halda utan um sjálfbærni. Helstu einingar í lausnapallinum eru:

- Gagnasöfnun og gagnastýring
- Eignastýring og umhverfisálag eigna
- Greining á umhverfis- og sjálfbærniáhættu í virðiskeðju
- Mælaborð og greiningartól
- Áhættugreining
- Birgjamat
- Fjárfestinga- og lánamót (PCAF)
- Skýrslugerðatól
- Uppgjörstól fyrir sjálfbærni-uppgjör
- Rafrænar dagbækur fyrir skip
- Tenging á milli hafna og skipa

Ávinningur af sjálfbærnilausn Klappa er:

- Stöðluð sjálfbærnilausn fyrir allar atvinnugreinar
- Sjálfbærnilausn Klappa er stöðluð og er nýtt af flestum atvinnugreinum. Sumar atvinnugreinar þurfa viðbótareiningar (plug-in-extensions) sem eru ætlaðar til að leysa skilgreind verkefni
- Allir vinna að sjálfbærni með sama hætti óháð atvinnugreinum
- Allir umreiknistuðlar, greiningar og framsetning uppgjöra eru eins hjá öllum
- Öll sjálfbærniuppgjör eru samanburðarhæf

» **Í dag eru Klappir drifkraftur í sjálfbærnimálum á Íslandi. Hundruð fyrirtækja og mörg sveitarfélög ásamt opinberum aðilum vinna með stafrænar sjálfbærnilausnir Klappa og nýta þær til að ná árangri í sjálfbærni.**

Stafrænt vistkerfi Klappa Vistkerfið tengir saman alla aðila sem nota lausnapallinn. Stafræna vistkerfið gerir aðilum mögulegt að vinna saman og fá stuðning frá öðrum og veita stuðning inn í vistkerfið.

- Ávinningur af vistkerfinu er:
- Samvinna á grundvelli heims-markmiðs númer 17 (samvinna um markmiðin)
 - Sameiginleg sýn á árangur. Árangur hvers og eins er mældur, árangur vistkerfisins og sam- burður við samfélagið í heild

Jón Ágúst segir Klappir hvetja til samstarfs opinberra aðila, einkaaðila og almennra borgara um sjálfbæra þróun. „Í gegnum stafrænt vistkerfi Klappa eru notendur tengdir á mismunandi hátt með það að markmiði að þeir geti stutt hvern annan í átt að sjálfbærni. Hvort sem um er að ræða opinberan aðila, sveitarfélag eða fyrirtæki, þá eru aðilar tengdir og geta skilað sjálfbærni gögnum hver til annars.“ Að sögn Jóns geta aðilar sótt rauntímagögn í lausn Klappa um notkun þeirra á til dæmis rafmagni og eldsneyti ásamt losun á úrgangi beint frá sínum birgjum. Sjálfbærnilausn Klappa vinnur í kjölfarið úr gögnunum og gerir aðilum kleift að reikna út kolefnisspor, koma auga á tækifæri til þess að draga úr soun, útbúa sjálfbærni-uppgjör og deila upplýsingum með fjárfestum eða öðrum hagaðilum.

Eins og fram hefur komið má rekja upphaf Klappa til haftengdrar starfsemi, það má því segja að Klappir leggi mikla áherslu á að vernda hafið. Í sjálfbærnilausn Klappa eru sérsníðnar hugbúnaðareiningar fyrir rekstur skipa og hafna. Klappir hafa þróað raf-rænar skipadagbækur til að skrá umhverfisgögn skipa samkvæmt IMO MARPOL viðauka I-VI. Þá hafa Klappir þróað hugbúnaðarlausn fyrir hafnir sem taka á móti umhverfisupplýsingum frá skip-um. Meira en 90 prósent þeirra skipa sem koma inn í íslenska umhverfislögsögu nota Klappir til að skila inn umhverfisgögnum í gegnum hugbúnað Klappa.

Leiðandi í heiminum á sínu sviði Jón Ágúst segir Klappir leggja sig fram um að styðja við endurheimt og uppbyggingu vistkerfa á landi og vinna að því að koma af stað þjóðarátaki í því að endurheimta vistkerfi á Íslandi með landbótum, með því að fá alla aðila sem eru inni í vistkerfi Klappa til að kaupa vottaðar kolefniseiningar sem framleiddar eru með skógrækt, endurheimt votlendis og land-græðslu. Klappir vinna að því, að sögn Jóns Ágústs, að setja upp, með fjölda fyrirtækja og stofnana, aðferðafræði sem heldur utan um framleiðslu á kolefniseiningum í gegnum vottað ferli. Aðferðafræðin heldur utan um ferlið frá gróður-setningu skógar til afhendingar vottaðra kolefniseininga, í takti við alþjóðlegar venjur sem eru viðurkenndar af íslenskum og alþjóðlegum aðilum. Til að byrja með er horft til skógræktar, en ætlunin er að bæta við endurheimt votlendis og landgræðslu, ásamt öðrum viðurkenndum kolefnisverkefnum. Jón Ágúst segir stafræna tækni Klappa, þjónustu og aðferðafræði, hjálpa samfélögum að ná sameiginlegum, mælanlegum árangri. „Klappir eru leiðandi í heiminum á sínu sviði með B2S (business to society) lausn. Klappir tengja saman samfélög, samfélagsinnviði og eftirlitsstofnanir með sjálfbærnilausninni og við erum ákaflega stolt af því,“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Klappa grænna lausna. ■

Sjálfbærni í ferðaþjónustu er lykilatriði

Hugtakið sjálfbær ferðaþjónusta varð til í kjölfar útgáfu Brundtland-skýrslunnar árið 1987 þegar aðilar í ferðaþjónustu fóru að tengja umfjöllun skýrslunnar við atvinnugreinina. Margvísleg verkefni biða ferðaþjónustunnar á þessu sviði.

starri@frettabladid.is

Hugtakið sjálfbær ferðaþjónusta er dótturhugtak sjálfbærrar þróunar og varð til í kjölfar útgáfu Brundtland-skýrslunnar árið 1987 þegar aðilar í ferðaþjónustu fóru að tengja umfjöllun skýrslunnar við atvinnugreinina. Fræðimenn fóru í kjölfarið að fjalla í auknum mæli um sjálfbæra ferðaþjónustu um leið og menntun og skilningur innan greinarinnar á hugtakinu jókst, segir Áslaug Briem, verkefna- stjóri gæðamála hjá Ferðamálastofu. „Árið 1996 var kynnt fyrsta formlega opinbera stefnumótunin í ferðaþjónustu á vegum stjórnvalda þar sem kom meðal annars fram mikilvægi þess að ferðaþjónusta yrði í sátt við land og þjóð og í anda sjálfbærrar þróunar.“

Árið 1998 kom síðan út metnaðarfull framkvæmdaáætlun til að framfylgja stefnunni þar sem fram kemur að „ferðaþjónusta í anda sjálfbærrar þróunar“ skuli eflð og stefnt skuli að því að „Ísland gegni forystuhlutverki á sviði umhverfisverndar“. Í stefnunni og framkvæmdaáætluninni er mest



áhersla lögð á umhverfismálin og mikilvægi þess að vernda auðlindir landsins til framtíðar.

Mikilvægið flestum ljóst
Ýmislegt hefur verið rætt og skrifað um hugtakið sjálfbær ferðaþjónusta síðan það kom fram á sjónarsviðið og í dag er flestum ljóst mikilvægi þess í allri ákvarðanatöku og gjörðum sem tengjast ferðaþjónustu, að sögn Áslaugar.

„Margt hefur verið gert á undanförnum árum og áratugum sem tengja má við sjálfbærni, til dæmis bætt skipulag, áhersla á betri dreif-

ingu ferðamanna yfir árið, landið og á svæði, aukin náttúruvernd og friðun svæða, auknar rannsóknir, greiningar og fræðsla, bætt öryggi, aukið samráð við heimamenn og þátttaka þeirra í ákvarðanatöku, miðlun menningar, betur hugað að félagslegum þolmörkum og vitundarvakning um samfélagsábyrgð ferðaþjónustufyrirtækja og sjálfbærniáherslur.“

Aukin sjálfbærni og samfélagsábyrgð
Árið 2012 fór Ferðamálastofa af stað með Vakann, sem er

gæða- og umhverfisvottun ferðaþjónustunnar. „Vakinn býður ferðaþjónustufyrirtækjum að fá gæða- og umhverfisvottun sem byggir á gæða- og umhverfisviðmiðum þar sem öryggi, sjálfbærni og samfélagsábyrgð er leiðarljósið. Allt efni á vef Vakans, viðmið, fræðsla og hjálpargögn, eru opin og aðgengileg öllum þeim sem vilja vinna með og fræðast um efnið, hvort sem ætlunin er að ljúka þeirri vinnu með því að sækjast eftir formlegri vottun eða til að bæta starfshætti. Meðal efnis í Vakanum er gátlistinn Á leið til

sjálfbærrar ferðaþjónustu, þar sem er að finna hugmyndir um 200 einfaldar aðgerðir sem fyrirtæki geta gripið til, til að auka áherslur sínar á sviði sjálfbærni og samfélagsábyrgðar.“

Ferðamálastofa hefur einnig tekið þátt í ýmsum öðrum verkefnum, innanlands sem erlendis, sem tengja má við sjálfbærni og samfélagsábyrgð. „Þá hafa Íslandsstofa, Íslenski ferðaklasinn og fleiri verið með ýmis verkefni á þessu sviði, til dæmis Icelandic Pledge sem er beint til ferðamanna sem hingað koma og Ábyrga ferðaþjónustu sem er hvatningarverkefni fyrir ferðaþjónustufyrirtæki.“

Enn er verk að vinna
Áslaug segir mjög misjafnt hvað sé verið að gera hjá öðrum þjóðum. Margar þeirra eru mun lengra komnar en við á þessu sviði og því ljóst að hér sé mikið verk sem enn á eftir að vinna. „Kosta Ríka hefur verið til fyrirmyndar í þessum efnum, Norðmenn eru að gera góða hluti og má nefna verkefni þar sem áfangastöðum og svæðum býðst að fá sjálfbærnivottun og ferðamenn eru hvattir sérstaklega til að heimsækja þá staði. Þá hefur oft verið horft til Skotlands og Nýja-Sjálands sem fyrirmynda varðandi margvísleg verkefni á sviði ferðaþjónustu en þar hefur einnig náðst mjög góður árangur varðandi sjálfbærni og hvernig ferðaþjónustufyrirtæki eru hvött áfram með jákvæðum hætti.“ ■



Sjálfbærni er ein mikilvægasta áskorun fyrirtækja og stofnana

Spurningin er hvernig tekist er á við þá áskorun

Starfsfólk KPMG býr yfir breiðri þekkingu og reynslu á sviði umhverfis- og loftslagsmála, félagslegrar sjálfbærni, stjórnarháttar og hagsældar.

Þá nýtur sjálfbærniteymi okkar stuðnings reynslumikils hóps sérfræðinga á sviði endurskoðunar, lögræði, skattamála og gagnagreininga, bæði hérlendis og erlendis.

Saman vinnum við að sjálfbæru samfélagi.

Nánari upplýsingar er að finna á vef KPMG eða í síma 545 6000.



Rík áhersla á samfélagslega ábyrgð

Samkaup reka yfir 60 verslanir um allt land undir merkjum Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar og Iceland. Hjá fyrirtækinu starfa um 1.400 manns og er starfsmannahópurinn því stór en samheldinn – þvert á vörumerki og óháð staðsetningu.

Mikil áhersla er lögð á að starfsfólki liði vel og er það hvatt til að nýta sér þær mörgu leiðir sem Samkaup bjóða upp á til velliðunar og framgangs, bæði í starfi og persónulega. Þar má helst nefna viðtæka velferðarþjónustu og öflugar námsleiðir sem standa öllu starfsfólki til boða.

Eftirsóknarvert að vinna hjá Samkaupum

„Við viljum að eftirsóknarvert sé að starfa hjá Samkaupum og því tekur starfsfólkið okkar þátt í að þróa og bæta starfsumhverfi sitt,“ segir Gunnur Líf Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri mannauðsviðs. „Samskipti og samtal innan hópsins eru starfsmönnum Samkaupa mikilvæg, en vegna Covid hefur slíkt verið í lágmarki síðustu tvö ár. Haustið 2021 tókst okkur til að mynda að halda lykilmundi með starfsfólki Samkaupa á tíu mismunandi stöðum á landinu þar sem stjórnendur hittu starfsmenn verslana og áttu með þeim nota-lega kvöldstund og gott spjall um framtíðina, áskoranirnar og tækifærin fram undan,“ segir Gunnur.

„Meginmarkmið Samkaupa er að vera eftirsóknarverður vinnustaður, þar sem áhersla er lögð á jákvæða og heilbrigða menningu, jafnrétti og sterka liðsheild, auk þess sem við höfum lagt okkur fram um að hvetja starfsfólk til aukinnar menntunar og við viljum virkja fólk til að bæta við sig þekkingu. Við höfum mótað öfluga menntastefnu sem mætir starfsfólki hvar sem það er, hvort sem er vettvangur símenntunar, eða í tengslum við hið formlega menntakerfi þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að mennta sig samhliða vinnu, með stuðningi Samkaupa.“

Eitt stærsta vildarkerfi á Íslandi í dag

Um mitt ár 2021 var Samkaupa-appinu ýtt úr vör og óhætt er að segja að það hafi slegið í gegn. Í árslok 2021 voru notendur orðnir um 40.000 og 20% af sölu verslana fóru í gegnum appið. Þar með er appið orðið að einu stærsta vildarkerfi á Íslandi í dag, sem býður viðskiptavinum upp á afslátt í formi inneignar, sem hann getur síðan nýtt í næstu verslunarferð.

„Við höfum verið öflug í að til-einka okkur tæknina og viljað vera leiðandi þegar kemur að nýstárlegum leiðum til að mæta viðskiptavinum okkar. Netverslunin sem fór í loftið 2017 hefur heldur betur vaxið og hvert metið slegið á fætur öðru í nýtingu hennar í fyrra. Vissulega var um að ræða heimsfaraldur með tilheyrandi samkomutakmörkunum, en við finnum fyrir því að neytendahegðunin hefur breyst til langframa og hlökkum til að stiga næstu skref í þessari vegferð, enda mikil gróska í nýsköpun og nýtingu á tækninni sem verður spennandi að bjóða upp á fyrir viðskiptavinum árið 2022,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs.

Samfélagsleg uppskera

Samkaup hafa nú gefið út samfélagsskýrslu fyrir árið 2021 og er það í annað skipti sem slík skýrsla kemur frá félaginu, þrátt fyrir að hafa um árabíl lagt ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð í allri sinni



Erla, aðstoðarverslunarstjóri Nettó Krossmóa, fyrstu grænu verslunar Samkaupa.



Stjórnendahópur Samkaupa á stjórnendadegi haustið 2021. MYNDIR/ADSENDAR



Framkvæmdastjórn Samkaupa er skipuð: Gunnur Líf Gunnarsdóttir, Ómari Valdimarssyni, Gunnari Agli Sigurðssyni, Stefáni Guðjónssyni og Heiði Björk Friðbjörnsdóttir. MYND/ADSEND

starfsemi. Vægi samfélagslegrar ábyrgðar vex sífellt og krafan um að hún sé í hávegum höfð á öllum stigum reksturs, stefnumótunar og í daglegum ákvörðunum verður háværari sömuleiðis.

Stjórnendahópur Samkaupa hefur lagt mikla áherslu á að samfélagsleg ábyrgð sé unnin út frá kerfisbundinni nálgun og raunverulega sýnileg á borði en ekki aðeins í orði.

Dæmi um þetta er að árið 2021 uppskar Samkaup:

- Jafnvægisvog FKA, þar sem jöfnu kynjahlutfalli í stjórnendalagi félagsins er náð
- Samstarf við Samtökin '78, Proskahjálpi og Mirru, rannsókn- og fræðslusetur fyrir

- erlent starfsfólk sett á fót
- Hvatningarverðlaun jafnréttismála, bæði á sviði fjölmenn- ingar og atvinnamála fólks með skerta starfsgetu
- Samkaup losuðu 27% minna af kolefni en árið á undan
- Eldsneytisnotkun dróst saman um 8,36% milli ára
- Fyrstu hraðhleðslustöðvum komið upp við verslanir
- Afslættir í gegnum átakið „Minni soun – allt nýtt“ náðu hámarki í fyrra, eða því sem nemur um 320 milljónum króna
- Samkaupsappið með yfir 40.000 notendur og þar með orðið eitt stærsta vildarkerfi á Íslandi
- Styrkir út í samfélagið námu um 42 milljónum í fyrra

Umhverfismál ofarlega á baugi

Árið 2021 losaði Samkaup 27% minna af kolefni en árið áður, þrátt fyrir að verslunum hefði fjölgað. Þá dróst eldsneytisnotkun vegna aksturs saman um 8,36%. „Við gerðum mikið af smærri breytingum sem þó hafa allar gífurleg samlegðaráhrif, svo sem að taka upp rafrænar hillumerkingar í stað límmiða, höfum notkun á rafrænum kvittunum í Samkaupa-appinu og settum upp fyrstu hraðhleðslustöðvarnar við verslanir. Við opnuðum aðra græna Nettó-verslun þar sem öll tæki og starfsemi verslunarinnar eru keyrð áfram með grænu skrefin að leiðarljósi og verður áframhald á umbreytingum verslana úr hefðbundnum í grænar á þessu ári. Loks innleiddum við svo umhverfisstjórnunarhugbúnað frá Klöppum, sem gerir okkur kleift að mæla og fylgjast raunverulega með kolefnisspori fyrirtækisins, auk ýmissa annarra aðgerða með það fyrir augum að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum, bæði beinum og afleiddum,“ segir Heiður Björk Friðbjörnsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs.

„Umhverfisáhersla Samkaupa og samfélagsleg ábyrgð endurspeglast ekki síður í aðgerðum á innkaupasviði, sem kappkostar að bjóða neytendum upp á umhverf- isvænan kost og sjálfbær vörumerki eins og Ánglamark, þar sem gæðahráefni og lífræn ræktun mæstast. Þá skiptir líka máli að við höfum á undanfórnum árum

unnið markvisst að því að auka sölu á íslenskum afurðum. Fjölmargar aðgerðir gera að verkum að nú getum við boðið upp á æ fleiri íslenskar afurðir allt árið um kring. Með þessari fram- þróun náum við að lágmarka innflutning á vörutegundum sem framleiddar eru hérlandis, enda hefur það sýnt sig að neytendur kjósa íslenskt, sé þess kostur,“ bendir Stefán Ragnar Guðjónsson á, en hann er framkvæmdastjóri innkaupasviðs.

Samkaup hvetja til nýsköpunar og stuðla að nýsköpun á öllum sviðum, ekki aðeins í tengslum við tækninýjungar heldur einnig vinnuferli, grænar lausnir, minni soun, menntun starfsfólks, og svo framvegis. „Nú í maí, í tengslum við Nýsköpunarviku Íslands, fara Samkaup einnig af stað með nýsköpunarmánuð fyrir starfsfólk og viðskiptavinum, sem verður spennandi verkefni að vinna áfram. Þá er áframhaldandi þróun á stafrænni tækni og Samkaupa-appinu, ásamt sjálfvirknivæðingu í þjónustu þar sem Samkaup hafa sérstöðu í að vera tæknilega fremst í verslunarháttum. Áherslur í samfélagslegri ábyrgð og samvinna með starfsfólkinu okkar heldur áfram árið 2022 og því ekki hægt annað en að horfa björtum augum á framtíðina.“ ■

Árs- og samfélagsskýrslu Samkaupa má nálgast á heimasíðu félagsins: samkaup.is

Þróa lífrænar flísar úr sandi og bakteríum

Brynja Þóra Guðnadóttir og Þóra Hafðís Arnardóttir fengu nýlega þróunar- og rannsóknarstyrk frá Hönnunarsjóði til að þróa bio-flísar úr íslenskum sandi og bakteríum.

sandragudrun@frettabladid.is

Þóra er í doktorsnámi við Newcastle-háskóla þar sem hún hefur verið að þróa eins konar steypu úr bakteríum.

„Doktorsverkefnið mitt snýst um lífsteinefnavæðingu. Í stuttu máli þá eru til ákveðnar bakteríur sem geta búið til kristal og ég nota hann og blanda við sand til að mynda efni sem er svipað sandsteini,“ útskýrir Þóra.

„Hugmyndin að bioflísunum, sem við Brynja stefnum á að þróa, er byggð á þessu efni.“

Brynja vinnur við innanhússhönnun og hefur mikið verið að velta fyrir sér því efni sem notað er á heimilum fólks.

„Það skiptir svo miklu máli hvaða efni eru notuð. Það er notað mjög mikið af eiturefnum í vörum fyrir heimili. Þau geta valdið alls kyns sjúkdómum, eru ósjálfbær og geta valdið skaða í vistkerfinu. Ég hef verið að vinna í þróun á lífandi byggingu í eitt og hálft ár og tengi bioflísarnar við það verkefni,“ útskýrir Brynja.

„Ég komst í tengsl við Þóru í gegnum Fablab og við ákváðum að vinna saman.“

Nota auðlind sem vex

Bioflísarnar sem Brynja og Þóra eru að þróa eru hugsadar til að



Brynja Þóra Guðnadóttir



Þóra Hafðís Arnardóttir

nota innanhúss en þær segja að það sé samt örugglega hægt að þróa efnið svo hægt sé að nota þær utanhúss.

„Efnið sem við erum að nota er endurnýjanleg auðlind. Bakteríurnar fjölga sér hratt, við erum að nota sambland af bakteríum og næringarefnum til að mynda flísarnar. Þetta er umhverfisvænt ferli í þróun á vörum,“ segir Þóra.

„Það er að verða skortur á náttúrulegum auðlindum því það er búið að ganga svo mikið á þær. Það sem mér finnst spennandi við þetta verkefni er að bakterían vex og verður að kalki, sem er bindiefni.

Í stað þess að taka eitthvað, þá erum við að rækta eitthvað. Við erum að nota auðlind sem vex. Þetta efni myndast á svipaðan hátt og kórarllar myndast. Mér finnst það svolítið skemmtileg samlíking,“ bætir Brynja við.



Flísarnar verða gerðar úr blöndu af bakteríum sem vaxa og mynda kristal og sand.

MYNDIR/ÞSENDAR

”Efnið sem við erum að nota er endurnýjanleg auðlind. Bakteríurnar fjölga sér hratt.

Brynja

Styrkurinn sem þær Brynja og Þóra fengu er hugsaður til að byrja frumrannsókn á þróun flísanna. Þær stefna að því að nota styrkinn í sumar til að vinna að rannsókninni og sækja svo um styrk eftir sumarið fyrir vörubróun.

„Núna er ég að þróa sýnishorn af öðruvísi aðferðafræði við að

byggja upp efnið. Ég er að búa til kubba og sýna hvernig flæðið fer í gegnum sandrými með bakteríum, og hvernig þetta vinnur allt saman svo hægt sé að búa til vörur sem unnt er að nota. Svo ætlum við að reyna að einfalda aðferðina til að hægt sé að framleiða flísarnar á Íslandi,“ segir Þóra. ■

Áhrif átakanna í Úkraínu koma víða fram

LEX býr yfir reynslu og þekkingu í innleiðingu sjálfbærnimarkmiða eftir viðurkenndum aðferðum sem notuð eru í ráðgjöf til viðskiptavina.

Fjöl margar fréttir birtast nú um viðskiptaþvinganir eftir innrás Rússa í Úkraínu. Einnig hafa mörg fyrirtæki ákveðið að hætta viðskiptum við Rússland. Óvæntir atburðir sem þessir, sem hafa ófyrirsjáanleg áhrif í för með sér á viðskipti í heiminum, sýna þá margvíslegu áhættu sem er í umhverfi og starfsemi fyrirtækja og fjárfesta.

Viðtæk röskun á mörkuðum

Eva Margrét Ævarsdóttir er reynslumikill lögmaður og leiðir þjónustu LEX á sviði sjálfbærni og UFS-ráðgjafar. Hún segir að flokka megí margar af afleiðingum átakanna undir sjálfbærniáhættu sem muni líklega hafa áhrif á sjálfbærnivinnu fyrirtækja og fjárfesta sem hafa sett sér loftslagsmarkmið. Mikilvægt sé fyrir stjórnendur fyrirtækja að þekkja slíkar hættur og geta brugðist við þeim. Sem dæmi um það nefnir Eva að átökin hafi til að mynda þegar valdið margvíslegum röskunum á orkumarkaði í Evrópu eins og margir þekkja úr fjölmiðlum. Einnig segir hún að vörur sem við neytum daglega séu að verða fyrir áhrifum.

„Rússland og Úkraína eru til dæmis með stærstu útflytjendum sólblómaolíu í heiminum, sem er notuð í snakk, kex og margvíslega matvöru. Ekki er auðvelt að finna jurtaolíu í stað hennar. Takist það fylgja oft önnur vandkvæði, til dæmis að koma í veg fyrir ranga



Eva Margrét Ævarsdóttir lögmaður leiðir þjónustu LEX á sviði sjálfbærni og UFS-ráðgjafar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

”Áhersla á sjálfbærni er ekki að minnka og athyglin hefur færst á áhættu tengda sjálfbærni.

innihaldslýsingu á matvöru, enda flókið og kostnaðarsamt að breyta pakkningum.“

Mikilvægt að þekkja áhættu

Mikil þróun hefur orðið á síðustu árum í því hvernig fyrirtæki og fjárfestar vinna með sjálfbærni í sinni starfsemi og þá sérstaklega hvernig sjálfbærniáhætta er greind, þar með talið í birgðakeðjum. Eva segir starfsfólk LEX

hafa fundið fyrir aukinni eftirspurn eftir sjálfbærni ráðgjöf. LEX býi yfir reynslu og þekkingu í innleiðingu sjálfbærnimarkmiða eftir viðurkenndum aðferðum sem þau nota í ráðgjöf til viðskiptavina. „Áhersla á sjálfbærni er ekki að minnka og athyglin hefur færst á áhættu tengda sjálfbærni. Það er mikilvægt að við aðlögum okkur að því og kortleggjum áhættu sem er til staðar,“ segir Eva að lokum. ■



LÖGMANNSSTOFA



Harpa Prastardóttir, umhverfis-, öryggis- og gæðastjóri hjá Colas á Íslandi, segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á sjálfbærni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Stefna markvisst að kolefnishlutleysi

Colas Ísland er hluti af Colas samsteypunni, sem er stærsti malbiksverktaki í heiminum í dag. Samsteypan hefur sett sér það markmið að vinna að sjálfbærni og samfélagsábyrgð í gegnum alla sína starfsemi og sett sér alheimsmarkmið í þeim málum.

Colas samsteypan er starfrækt í fimm heimsálfum og 50 löndum og starfa 56.000 manns hjá fyrirtækinu. Colas hefur gefið út stefnu sína um samfélagsábyrgð sem skiptist í 8 skuldbindingar sem byggjast á því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar og virðiskeðjunnar; efla líffræðilega fjölbreytni á jörðinni, byggja upp fyrirmyndarmenningu með áherslu á öryggi, heilsu og siðfræði og að laða til sín, þróa og halda í hæfileikaríkt ungt starfsfólk með framúrskarandi stjórnun.

„Þetta eru fjölbreytt verkefni, en ég held utan um þau 6 sjálfbærni-verkefni sem snúa að umhverfis- og öryggismálum hér á landi. Við höfum á síðustu árum náð mjög góðum árangri í öryggismálum og aukið öryggismenninguna hjá Colas Ísland og samhliða því dregið verulega úr fjölda og alvarleika slysa hjá starfsfólki okkar. Upp á síðkastið hefur áherslan á umhverfismál aukist. Þó að við séum lítið land þá höfum við tekið virkan þátt í vinnu á þessum vettvangi innan samsteypunnar. Ég er í 20 manna alþjóðlegum vinnuhóp um framtíð kolefnisbókhalds samsteypunnar á alþjóðavísu. Þá sit ég einnig ásamt íslensku samstarfsfólki í fjölmörgum vinnuhópum sem hafa það markmið að draga úr losun Colas í Evrópu meðal annars í gegnum orkuskipti og endurhönnun framleiðsluvara“ segir Harpa Prastardóttir, umhverfis-, öryggis- og gæðastjóri hjá Colas á Íslandi.

„Við höfum lengi þekkt kol-

efnispor okkar við framleiðslu á malbiki. Nú erum við farin að skoða vörurnar sjálfar mun betur en áður, þar sem okkar sýn er að í framtíðinni muni viðskiptavinir vilja vita kolefnisspor vara við innkaup. Colas samsteypan leggur áherslu á að skila inn frávíkstilboðum í útboðum þar sem grænni kostir eru settir fram sem hliðartilboð við upprunalegar kröfur í útboði. Við erum byrjuð að undirbúa okkur fyrir það þegar slík frávíkstilboð verða leyfð hér á landi,“ segir Harpa.

Endurvinnsla og nýr orkugjafi
„Hérna innanlands erum við annars vegar að vinna að því að draga úr losun í framleiðslu og hins vegar að hanna, framleiða og markaðssetja umhverfisvænni vörur. Við endurvinnum til dæmis mikið af malbiki, en við tökum á móti malbiki til endurvinnslu og endurvinnum það hér. Í fyrra endurunnum við yfir 31.000 tonn af malbiki,“ útskýrir hún.
„Við höfum bæði endurnýtt nýtt heitt malbik og hannað og búið til kaldblandað malbik. Það er að mestu endurunnið malbik blandað með bikþeytu, það er því allt að 96% endurunnin vara. Við höfum prófað okkur áfram með að endurvinna aðra úrgangsflokka í malbik, til dæmis gler og plast og erum almennt opin fyrir því að gera tilraunir með að endurnýta nýja úrgangsflokka í malbik og horfum mikið til annarra Colas fyrirtækja sem endurvinna m.a. steypu, dekk og jafnvel vindmyllu-spada í malbik.“
Harpa segir að endurunna malbikið þeirra hafi reynst vel og að öflugt gæðaeftirlit sé við hönnun, framleiðslu og útlögn hjá fyrirtækinu.
„Það skiptir auðvitað máli að fólkið sem leggur malbikið hafi hæfni til þess. Það eru göngustígar úr kaldblönduðu malbiki sem hafa staðið sig vel í yfir áratug. Þetta eru

góðar vörur ef þær eru meðhöndlaðar rétt,“ segir hún.
Fyrirtækið hefur endurunnið malbik hér á landi í tæplega þrjá áratugi og þessa dagana er verið að taka inn nýjan endurvinnslubúnað í bikstöðinni svo hægt verði að hefja endurvinnslu á biki, sem er undirstaðan í malbikinu.

Bæta við endurvinnslubúnaði
Þrátt fyrir mikinn metnað í endurvinnslu er enn tækifæri til að auka hlutfall endurunnins malbiks í nýtt malbik hjá Colas, en stefnan er að auka það, að sögn Hörpu.
„Við höfum verið að þrýsta á stærri verkkaupa að nýta endurunnna malbikið meira, en notkun á verulegu magni af endurunnu malbiki kallar á auknar rannsóknir til að tryggja gæðin. Okkar tilfinning er sú að verkkaupar veigri sér við að leyfa meira magn, þar sem ekki allir verktakar hafa burði í veigamiklar rannsóknir þó svo að við séum nú þegar að framkvæma þær,“ segir Harpa.
Með auknum umhverfisvottunum viðskiptavina hefur fyrirtækið einnig séð hag sinn í því að búa til vottaðar umhverfisyfirlýsingar (EPD) fyrir malbikið sitt og er von á útgáfu og vottun umhverfisyfirlýsinga síðar á árinu.
„Enn sem komið er er bara ein af sex malbikunarstöðvum okkar sem getur endurunnið malbik, auk kaldblöndunarstöðvarinnar sem framleiðir allt að 96% endurunnið malbik. Hinar hafa ekki búnaðinn sem þarf fyrir slíka framleiðslu. Við stefnum á að setja upp endurvinnslubúnað í stöðinni okkar á Akureyri síðar á árinu og í framhaldinu mun með tímanum koma búnaður í aðrar stöðvar svo hægt verði að endurvinna malbikið utan höfuðborgarsvæðisins í framtíðinni. Kaldblöndunarstöðin okkar er þó færanleg og hægt að fara með hana hvert á land sem er til framleiðslu,“ segir Harpa.
Harpa segir að þau hjá Colas

Við hér á Íslandi höfum sett stefnuna á að vera kolefnishlutlaus árið 2030. Við teljum að við getum efnt það loforð með orkuskiptum í framleiðslu annars vegar og þróun vara með tilliti til kolefnislosunar hins vegar.

Harpa Prastardóttir

hafi tekið eftir því á undanförnum árum að markaðurinn er orðinn móttækilegri fyrir að kaupa endurunnar vörur.
„Það hefur orðið mikil breyting bara núna síðastliðin ár. Það er mun meiri áhugi núna en fyrir fimm árum. En viðskiptavinir þurfa að vilja vöruna svo hægt sé að selja hana. Það hefur orðið aukning í sölu á endurunnu malbiki á hverju ári á síðustu árum og við gerum ráð fyrir að aukningin haldi áfram,“ segir hún.

Mikil rannsóknavinna
Hjá Colas fer fram mikil rannsóknavinna bæði erlendis og hér á Íslandi. Eins og áður segir er Harpa í stefnumótunarvinnu með samsteypunni um hvernig hægt er að draga úr losun. En vegna þess hve veturnir eru langir á Íslandi geta sérfræðingar Colas hér á landi unnið mikla rannsóknavinna á veturna.
„Þetta hefur orðið til þess að rannsóknastjórinn okkar, Björk Úlfarsdóttir, er að fara að kynna fyrir hinum Colas fyrirtækjunum í Evrópu hvernig við endurvinnum malbik. Við höfum náð að byggja upp gífurlega mikla þekkingu hér á landi sem önnur Colas fyrirtæki leita til,“ segir Harpa.

Framtíðin hjá Colas
Colas samsteypan hefur sett sér það markmið að draga úr losun í allri samsteypunni um 30% fyrir árið 2030.
„En við hér á Íslandi höfum sett stefnuna á að vera kolefnishlutlaus árið 2030. Við teljum að við getum efnt það loforð með orkuskiptum í framleiðslu annars vegar og þróun vara með tilliti til kolefnislosunar hins vegar. Colas Ísland stendur framarlega í umhverfismálum við framleiðslu, þar sem við nýtum íslenska rafmagnið, en við erum þó enn að keyra stöðvar á skipagásolíu og dísilolíu sem við viljum losa okkur alfarið við. Steinefnin þarf nefnilega að hita upp í 200 gráður við malbiksframleiðslu og það er gert með brennurum. Við höfum skoðað marga möguleika í þeim efnum en ekki fundið hinn eina rétta enn og erum því enn að leita að framtíðarorkugjafa fyrir stöðvarnar. Björk, rannsóknastjórinn okkar, hefur þegar komið á samtali við birgja fyrirtækisins um það hvernig draga megi úr kolefnisspori þeirra vara sem við framleiðum, þetta er verkefni sem öll virðiskeðjan þarf að koma að.“
Colas samsteypan horfir til framtíðar og er farin að huga að því til dæmis hvað gerist þegar orkunotkun með olíu dregst saman í heiminum.
„Bikið sem við notum í malbik er aukaafurð við olíuvinnslu og því er framtíðin sú að draga muni verulega úr aðgengi að biki. Þess vegna er Colas samsteypan þegar komin á fullt í nýsköpun og hefur þegar kynnt fyrstu vöruna sem gæti tekið við af biki þegar þar að kemur. Þó svo að Colas sé rúmlega 90 ára fyrirtæki þá leggur það alltaf áherslu á að halda í grunn sinn sem nýsköpunarfyrirtæki, það hefur verið styrkleiki fyrirtækisins hingað til og mun vera áfram í gegnum allar þær breytingar sem fram undan eru í heiminum á næstu áratugum.“ ■

Hundrað ára sjálfbærniarfur í skóginum


Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg
@frettabladid.is

Aldís Anna Þorsteinsdóttir frá Egilsstöðum stundar diplómanám á háskólastigi í sjálfbærni og sköpun við Hallormsstaðaskóla, sem áður var Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað.

„Ég er fædd og uppalin á Egilsstöðum og ákvað að flytja aftur heim með kærastanum eftir að hafa lokið námi í iðjuþjálfun frá Háskólanum á Akureyri og starfað við það fyrir norðan og í Reykjavík í eitt ár. Í heimsfaraldrinum fann maður hversu miklu skiptir að einfalda lífið og vera nærri fjölskyldu, vinum og náttúrunni. Við gátum auk þess keypt okkur stærra hús fyrir austan og mér fannst tilvalið að gripa tækifærið og nota fyrsta árið til að fara í þetta áhugaverða nám í Hallormsstaðaskóla,“ segir Aldís, alsæl í sögufrægu og fallegu húsi sem geymt hefur skólastarf í 90 ár.

„Bæjarstæðið er einstakt og andinn góður í þessum gamla skóla í skóginum. Bæði mamma og amma námu við Hússtjórnarskólann á sínum tíma svo mér fannst bæði spennandi og góð hugmynd að nota árið til að kynna skólanum af eigin raun og hella mér út í nám sem gerði mig sjálfbæra í lífi mínu og starfi.“

Heimilislegt andrúmsloft
Alls hófu fimmtán nemendur ársnám í sjálfbærni og sköpun við Hallormsstaðaskóla í haust, sem



Aldís Anna Þorsteinsdóttir lauk háskólaprófi í iðjuþjálfun frá Háskólanum á Akureyri og vildi læra sjálfbærni í iðjuþjálfun og sköpun. MYNDIR/ADSENDAR



Hallormsstaðaskóli hýsti áður hússtjórnarskóla í 90 ár.



Umhverfið er uppspretta ævintýra. Hér dregur Aldís Anna skólasystur sína í kláfi í yfir Jökulsá í Fljótssdal.

Samstíga á árangursríkri loftslagsvegferð

Þáttur atvinnulífsins í orkuskiptum Íslands

Ársfundur Grænvangs
þriðjudaginn 5. apríl, kl. 14-16
Háteigur, Grand Hótel

Opnunarávarp Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra
Ávarp Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Ávarp Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI og stjórnarformaður Grænvangs

Hvernig verður kolefnishlutlaust Ísland?
Pallborðsumræður
Guðlaugur Þór Þórðarsson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra
Jón Ásgeirsson, HS Orka
Kristín Linda Árnadóttir, Landsvirkjun
Steinunn Dögg Steinsen, Norðurál

Forskot Íslands í átt að jarðefnaeldsneytisleysi
Pallborðsumræður
Berglind Rán Ólafsdóttir, ON
Bogi Nils Bogason, Icelandair
Guðmundur Kristjánsson, Brim
Halla Hrund Logadóttir, Orkustofnun

Ávarp Birta Kristín Helgadóttir, forstöðumaður Grænvangs
Lokaorð fundarstjóra
Sigríður Mogensen



Sunna með samnemendum á göngu um Hallormsstaðaskóg við Lagarfljót.

Aldís segir passlegan fjölda miðað við stærð skólans.

„Nemendur og gestakennarar koma alls staðar að til að sækja bæði námskeið og lotur, og þá er hægt að búa á heimavistinni. Sjálf bý ég á Egilsstöðum og fer daglega á milli en það er auðvitað ævintýri að búa í skóginum og upplifa sveitina. Andrúmsloftið er heimilislegt og góð stemning meðal nemenda og starfsfólks skólans. Hér er búið að myndarskap gamalla hefða og hússtjórnaráranna, enda hefur verið heimavist í Hallormsstaðaskóla í hartnær heila öld.“

Áherslur í náminu eru meðal annars á sjálfbærni í matvælaframleiðslu, textíl og byggingarlist.

„Námskeiðin eru fjölbreytt og við fáum að prófa margt út frá sjálfbærni: hvernig nýta á hráefni úr héraði, svo sem mat, ull og skógarafurðir, og getum valið áherslur til að þróa áfram út frá áhugasviði hvers og eins. Nemendur velja þannig námsáherslur með tilliti til sinnar framtíðar, til að geta nýtt sjálfbærni og sköpun í sínu fagi og tilveru, og eru dæmi um að fólk hafi stofnað fyrirtæki eftir námið. Á seinni önninni vinnum við svo stórt lokaverkefni og fáum að nýta tímann út frá

eigin áhuga og áfram út í lífið, sem er mjög fjölbreytilegt eftir fólki.“

Viskubrunnur í veganesti
Aldís vill skoða sjálfbærni út frá heilbrigðisþjónustu og endurhæfingu.

„Ég hef mestan áhuga á handverki og sjálfbærni í sköpun við iðjuþjálfun. Ég vil sjá hvernig sjálfbær iðja er gerð aðgengilegri og nota sjálfbærnihugsun til að efla fólk og heilsu þess, um leið og mig langar að hafa áhrif á sjálfbæra vinnu við endurhæfingu. Þá er gaman að geta notað náttúruna og endurnýtanlegt hráefni til að styrkja einstaklinga og hópa, vinna að sköpun verkefna sem nýtast og uppgötva nýjar lausnir út frá sjálfbærni,“ segir Aldís, sem í Hallormsstaðaskóla lærir gamlar sjálfbærni-aðferðir í bland við nýjar.

„Í veganesti fáum við 100 ára menningararf og aðferðir sem nemendur skólans lærðu þegar hann tók til starfa fyrir 90 árum. Á sama tíma finnum við nýjar leiðir til að mæta gömlu aðferðunum. Fólk var sjálfbærara í gamla daga og því hollt að rifja upp aðferðir sem gögnuðust vel í íslensku þjóðfélagi fyrri tíma og sannarlega nauðsynlegt að viðhalda þeirri

þekkingu fyrir komandi kynslóðir. Gríðarlegri þekkingu hefur verið safnað saman í árunna rás við skólann og ástæða til að halda henni við,“ segir Aldís.

Í náminu fer hún í gegnum flest sem við kemur daglegri tilveru fólks; til að mynda mat, heimili, orkunotkun, efnisval og efnivið.

„Við höfum meðal annars lært snyrtivöru- og sápugerð, kynnt okkur öll þau efni sem við kaupum, hvað er æskilegt og hvað maður getur sjálfur gert; allt frá því að lifa sjálfbæru lífi yfir í sjálfbæran rekstur í atvinnulífinu. Við sem ljúkum þessu námi fáum í veganesti viskubrunn sem við getum deilt úti í atvinnulífinu; þessa sjálfbæru hugsun sem gefur alltaf forskot, því krafan um sjálfbærni verður sífellt háværari, sama hvert maður fer og hvort sem það er í framleiðslu eða ferðaþjónustu, eða á heilbrigðisviðinu þar sem ég vinn. Þar á sjálfbærnivinkillinn líka heima og er ákaft fagnað.“

Dýrmætt að gefa sér heilt ár
Aldís útskrifast úr Hallormsstaðaskóla í maí og segir veturinn hafa verið allt of fljótan að líða.

„Ég er svo heppin að búa hér á svæðinu og sé fyrir mér að halda áfram tengslum við skólann og sækja styttri námskeið. Hér hafa vinabönd myndast, við höldum öll heimili saman hér í Hallormsstaðaskóla og þá verður fólk svo náð. Við erum í fullu sálkerafæði í skólanum, hjálpumst að við að halda húsinu hreinu, og verjum fristundum saman. Stemningin er því öðruvísi en í stærri háskólum. Hér erum við sem stódd í draumi og gaman að sjá húsið notað í þetta nýja hlutverk,“ segir Aldís.

Hún mælir með náminu fyrir fólk á öllum aldri og sem hefur áhuga á sjálfbærni og langar að gera eitthvað skapandi.

„Það er dýrmætt að gefa sjálfum sér heilt ár í svona nám því það tekur tíma að læra allar þessar aðferðir og kafa ofan í handverkið. Maður fær mikið út úr því og á þessum vetri hef ég lært ótal margt sem annars hefði tekið mig mörg ár að finna út úr sjálf.“ ■



Áhersla á gagnsæi og gæði í sjálfbærum fjármálum

Landsbankinn hefur um árabíl verið leiðandi í sjálfbærum fjármálum hér á landi. Bankinn hóf vegferð sína fyrir rúmum áratug og stendur framarlega í málaflokknum eins og niðurstöður árlegrar úttektar Sustainability á UFS-þáttum bankans sýna.

„Síðasta ár var viðburðaríkt í sjálfbærnimálum bankans,“ segir Aðalheiður Snæbjarnardóttir, sjálfbærnistjóri bankans. „Við uppfærdum sjálfbærnistefnuna okkar og gáfum út sjálfbæra fjármálaumgjörð sem myndar ramma um fjármögnun bankans á umhverfisvænum og félagslegum verkefnum.

Bankinn byggir fjármálaumgjörðina á viðmiðum frá Alþjóðasamtökum aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) um græn og félagsleg skuldabréf og leiðbeiningum um sjálfbær skuldabréf. Þá er einnig byggt á flokkunarkerfi Evrópusambandsins og viðmiðum Sameinuðu þjóðanna um blá skuldabréf fyrir fjárfestingar sem efla sjálfbærni í sjávarútvegi.“

Aðalheiður leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggja gagnsæi og gæði með sjálfstæðri úttekt á vinnu bankans. „Fjármálaumgjörðin okkar er t.d. tekin út, af

alþjóðlega matsfyrirtækinu Sustainability til að sannreyna að hún uppfylli kröfur markaðarins fyrir slíkar umgjarðir. Fjármálaumgjörðin er mikilvægt stýritæki í sjálfbærum fjármálum bankans. Við gáfum tvisvar út græn skuldabréf árið 2021 og fjármálaumgjörðin skilgreinir með skýrum hætti hvaða verkefni uppfylla skilyrði grænnar fjármögnunar.“

Fjármálafyrirtæki leika lykilhlutverk
Aðalheiður bendir á að fjármálafyrirtæki leiki lykilhlutverki til að ná markmiðum Parísarsamkomulagsins. „Það þarf fjármagn til allra aðgerða. Auðvitað þarf meira en bara peninga en það gerist ekkert án fjármögnunar, hvorki til góðs né ills. Þess vegna skipta aðgerðir fjármálafyrirtækja núna svo rosalega miklu máli – við höfum bara til ársins 2030 til að ná þeim viðsnúningi sem við þurfum. Fjármálafyrirtæki þurfa að taka sjálfbærnimálin föstum tókum. Mörg fjármálafyrirtæki eru komin langt á þessari vegferð og farin að bjóða upp á vörur til þess að stuðla að minni losun. En það er enn þá mikið verk fram undan til að hægja á hlýnun jarðar, líkt og niðurstöður síðustu tveggja skýrslna IPCC hafa sýnt fram á.

Loftslagsmálin eru helsta áskorun samtímans og krefjast sameiginlegs átaks.

Sjálfbær sparnaður fyrir viðskiptavinum
Loftslagsmálin eru helsta áskorun samtímans og krefjast sameiginlegs átaks. Við viljum bjóða viðskiptavinum okkar upp á tækifæri til að láta sparnaðinn sinn stuðla að sjálfbærri þróun og kynntum nýlega sjálfbæran sparireikning fyrir einstaklinga. Peningarnir sem ég og þú leggjum inn á reikninginn eru aðeins ávaxtaðir í gegnum fjármögnun á verkefnum sem stuðla að sjálfbærni, með hliðsjón af fjármálaumgjörðinni. Þetta er allt spurning um að gera hluti sem skila sér í minni losun koltvísýrings enda er bankinn að vinna að markmiði Parísarsamkomulagsins. Að draga úr losun er það mikilvægasta sem við getum gert til að tryggja lífsgæði mannkynsins til frambúðar,“ segir Aðalheiður.

Sjálfbærnisjóður með áherslu á orkuskipti
Í lok janúar kynnti Landsbankinn nýjan sjálfbærnisjóð sem hefur það markmið að styðja verkefni sem stuðla að sjálfbærni og hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Jóðurinn styður sérstaklega við verkefni sem snúa að orkuskiptum. „Orkuskiptin eru stóra málið í dag og við viljum taka þátt í því. Það var opnað fyrir umsóknir í

vikunni og umsóknarfrestur er til 22. apríl. Við munum veita 10 milljónir króna árlega. Markmiðið er að styðja við lausnir og þróun til að hraða orkuskiptum og ekki síður að geta hjálpað til dæmis nemendum og sprotafyrirtækjum með sín verkefni. Jóðurinn mun skoða umsóknir frá bæði einstaklingum og hópum sem eru að þróa lausnir í orkuskiptum. Það er mjög margt sem kemur til greina og við hvetjum sem flest til að sækja um.“

Sjálfbærnimerkið sendir sterk skilaboð
Fyrirtæki eða verkefni sem verið er að fjármagna geta sótt um að fá sjálfbærnimerki bankans ef þau uppfylla skilyrði sem sett eru fram í sjálfbæru fjármálaumgjörðinni. „Við erum mjög stolt af sjálfbærnimerkinu og finnum mikla velvild fyrir því og eftirspurn. Það er mikið að gera við að greina hæf fyrirtæki og verkefni. Þetta er leið fyrir fyrirtækin til að skila því út á markaðinn að það sem þau séu að gera sé raunverulega sjálfbært. Sjálfbærni er svolítið tískuorð, það eru allir að hugsa um það en það er erfitt að miðla árangrinum. Fyrirtæki sem fá merkið uppfylla ströng skilyrði sem eru tekin út af þriðja aðila,“ segir Aðalheiður. ■

Aðalheiður Snæbjarnardóttir, sjálfbærnistjóri Landsbankans.
FRÉTTABLAÐID/
SIGTRYGGUR ARI

Mikill kraftur í sjálfbærnivægferð Veritas

Veritas, móðurfélag lykil-fyrirtækja sem starfa á heil-brigðismarkaði, hóf sjálfbærnivægferð sína með tilliti til umhverfismála fyrir alvöru árið 2018, með stofnun umhverfisverndar.

„Við byrjuðum á því að endurskoða umhverfisstefnu fyrirtækisins og sáum að við gætum breytt miklu með litlum aðgerðum og vitundarvakningu, aukinni fræðslu og betra utanumhaldi um verkefni sem tengjast umhverfismálum. Fljótlega vildum við fara að horfa á sjálfbærni í viðara samhengi en einungis út frá umhverfismálum og gáfum út okkar fyrstu sjálfbærniskýrslu í fyrra og fórum eftir GRI-staðlinum. Með því að taka saman upplýsingar út frá GRI sáum við að Veritas uppfyllir stóran hluta staðalsins, en það er alltaf hægt að gera enn betur. Við vildum því taka næstu skref og sáum að í sjálfbærnimálum er hægt að vinna vel á mörgum sviðum.“

Þetta segir Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir, markaðsstjóri hjá Vistor. „Á dögunum höldum við í fyrsta sinn sjálfbærnivinnustofur með stjórnendum fyrirtækisins og stuðningi Evu Magnúsdóttur, sjálfbærni-ráðgjafa hjá Podium, því þegar við skoðuðum samfélagsþætti sjálfbærs reksturs Veritas nána, mátti sjá að við gætum gert betur. Vinnustofurnar heppnuðust mjög vel, þar ríkti góður andi og fram komu frábærar hugmyndir sem gaman verður að vinna að í samstarfi við starfsfólkið. Það hjálpar okkur að halda áfram og taka sjálfbær málefni á annað stig.“

Hnitmiðaðar aðgerðir
Dagmar segir gott start í sjálfbær-



um rekstri Veritas að hafa byrjað á umhverfismálunum og þau færi sig nú áfram stig af stigi.

„Það hjálpar okkur gríðarlega að vera komin með þriggja ára reynslu í að skoða starfsemi fyrirtækisins út frá sjálfbærni, og eiga orðið tölu- legar upplýsingar um umhverfis- stjórn og kolefnisspor. Nú getum við nýtt þau gögn til sjá hverju við getum breytt til batnaðar með hnitmiðun í öllum okkar aðgerðum og með sjálfbærnivinnustofunum hafa bæst við góðar hugmyndir sem gefa okkur kraft til að bæta um enn betur.“ greinir Dagmar frá.

„Einnig höfum við lagt mikla áherslu á rétta flokkun á hráefnum, og höfum meðal annars samstarf við PureNorth Recycling á árinu, sem endurnýtir plast sem til fellur úr vöruhúsunum og kemur bylgju- pappa í endurvinnslu. Sú vinna



Sjálfbærnivinnustofur Veritas skiluðu frábærum hugmyndum. Frá vinstri: Júlía Rós Atladóttir, framkvæmdastjóri Distica, Eva Magnúsdóttir, ráðgjafi, Andrea Ingimundardóttir, markaðsstjóri Vistor og Hákonía Jóhanna Guðmundsdóttir, deildarstjóri upplýsingatæknideildar. **FRÉTTABLAÐID/ANTON**

Hrund Runólfs- dóttir, forstjóri Veritas, Eva Magnúsdóttir, sjálfbærni- ráðgjafi hjá Podium, og Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir, markaðsstjóri Vistor.

FRÉTTABLAÐID/ANTON

getur að auki leitt til umtalsverðrar hagræðingar fyrir samstæðuna með breyttu verklagi.“

Dagmar segir sjálfbærnivægferð- ina bæði gefandi og skemmtilega. „En það langskemmtilegasta við sjálfbærnistarfið er að allt starfs- fólkið á þetta verkefni og innan Veritas eru einstaklingar sem hafa tekið bráðskemmtilegt frumkvæði í þessum málum og gert að sínum. Þetta er samfélagsleg ábyrgð okkar allra, sem við þurfum og eigum öll að taka þátt í, og hjá Veritas er frelsi til að gera vel og koma umbótum tengdum sjálfbærni í framkvæmd. Það stendur upp úr. Maður finnur að þetta hefur sín góðu áhrif innan fyrirtækisins. Við erum að hugsa alla virðiskeðjuna upp á nýtt út frá sjálfbærnivíðmiðum.“

Hugmyndir starfsmanna visa veginn

„Við ætlum að halda ótrauð áfram á þessari vegferð en það blasir við að verkefnið fara bara stækkandi. Það er alltaf hægt að gera betur í sjálfbærum rekstri en mikilvægt er að láta tölulegar upplýsingar og hug- myndir starfsmanna hjálpa okkur að verða hnitmiðaðri og visa okkur leiðina. Ef ég ætti að gefa fyrirtækj- um heilræði, sem nú eru að hefja þessa vegferð, væri það að byrja greiningu á umhverfisstjórn fyrir- tækisins, því það er ómetanlegt að eiga þessi gögn aftur í tímann til að setja sér raunhæfari markmið. Upp- lýsingagjöf í formi sjálfbærniskýrslu og vinna með starfsmönnum er ekki síður mikilvæg fyrir framtíðar- frammistöðu.“ ■

Veritas er í Hörgatúni 2 í Garðabæ. Sími 535 7100. Netfang: veritas@veritas.is. Sjá nánar á veritas.is

Tækifæri framtíðarkynslóða

Nýting innlendra orkulinda og innflutningur á jarðefna- eldsneyti er ofarlega í huga vegna ástandsins í Evrópu í dag. Mikilvægt er að við á Íslandi séum sjálfum okkur nóg um orku.

„Græn orka getur skapað ný störf og verðmæt tækifæri fyrir komandi kynslóðir, hvort sem hún er nýtt innanlands til orku- skipta, í uppbyggingu atvinnu- lífsins eða til útflutnings. Á sama tíma og tækifærin eru til staðar þá þurfum við að horfast í augu við að skortur á grænni orku mun koma niður á tækifærum til vaxtar, því orkuskipti, fólksfjölgun og ný atvinnustarfsemi krefst aukinnar orkuframleiðslu,“ segir Hugu- rún Elvarsdóttir, verkefnastjóri á sam- keppnishæfnisviði hjá Samtökum atvinnulífsins. „Til að tryggja næga græna orku til uppbyggingar atvinnu og betri lífskjara framtíðar þarf skýra stefnu yfirvalda um nýtingu orkukosta og uppbygg- ingu innviða, enda er forgangsmál að komandi kynslóðir búi við orkuöryggi.“

Íslenskt atvinnulíf byggir á öfl- ugum stoðum og hefur í gegnum árin sýnt hvers það er megnugt þegar kemur að því að mæta áskor- unum með nýrri tækni, hugviti og elju. Fram undan eru spennandi tímar í íslensku efnahagslífi þegar kemur að fjölbreyttum leiðum til orkuöflunar, orkuskiptum, útflutningi á vörum með lágt kol- efnisfótspor, uppbyggingu grænna innviða um allt land, innleiðingu á hringrásarhagkerfi, bættri sörp-



hirðu, nýsköpun og svo mætti lengi fram telja,“ segir hún.

Ábyrg afstaða atvinnulífsins
Um þessar mundir fara fram árs- fundir aðildarsamtaka Samtaka atvinnulífsins. „Samtök iðnaðarins héldu glæsilegt Iðnþing í síðustu viku, en samtökin tileinka árið 2022 grænni iðnbyltingu. Samorka hélt fróðlegan ársfund undir yfir- skriftinni Græn framtíð og hvað þarf til þess að Ísland verði jarð- efnaeldsneytislaut innan fárra ára. Samtök verslunar og þjónustu fjölluðu um mikilvægi 360° sjálfbærnihugsunar og hvernig einstaklingar og fyrirtæki geta lagt sivaxandi áherslu á sjálfbærnina

á tímum tæknibreytinga. Margir aðilar úr fjölbreyttum áttum komu á fundina og ljóst er að sjálfbærni er ekki tískuorð heldur lykilþáttur í sterku og öfluggu hagkerfi.

Á fundinum kom skýrt fram að atvinnulífið er að taka stór og markviss skref í átt að sjálfbæru efnahagslífi ásamt því að hafa margt fram að færa í baráttunni gegn loftslagsvánni. Margvísleg tækifæri felast í því að flytja tækni út fyrir landsteinana í formi hug- vits, tækni, vöru og þjónustu, enda nauðsynlegt að auka samvinnu þvert á landamæri þar sem lofts- lagsbreytingarnar eru hnattrænt vandamál. Þar hafa Íslendingar margt fram að færa.

Einnig kom fram að enn eru mörg ljón á veginum. Það er því stjórnvalda að sjá til þess að rekstrarskilyrði atvinnulífsins séu eins og best verður á kosið. Inn- leiða þarf hagræna hvata og skapa umgjörð sem leyfir nýsköpun að blómstra svo nauðsynlegar tæknilausnir, sem styðja loftslags- skattar eiga ekki að vera til tekju- öflunar fyrir ríkið heldur nýttast til að ná settum markmiðum í loftslagsmálum og styðja atvinnulífið

Hugu- rún Elvarsdóttir, verkefnastjóri á samkeppnis- hæfnisviði hjá Samtökum atvinnulífsins. **FRÉTTABLAÐID/ERNIR**

við að fjárfesta í umhverfisvænum lausnum. Úrbætur á stoðum sjálfbærrar þróunar haldast nefni- lega í hendur við efnahagslega og tæknilega framþróun í fyrir- tækjum, en eiga ekki uppsprettu sína í opinberum reglugerðum eða tilskipunum.“

Úrslitaleið

Eðlilega viljum við vera í farar- broddi þegar kemur að grænni framtíð og að sögn Hugu- rúnar er Ísland komið vel á veg. „Vegferðin má þó ekki vera greidd of dýru verði og árangurinn ekki vera á kostnað hagvaxtar. Eins og Hall- dór Benjamín, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sagði í stuttu myndskeiði á ársfundi Samorku þá „ríkir þjóðarsátt á Íslandi um bætt lífskjör til fram- tíðar“ en það ríkir minni sátt um það með hvaða hætti við eigum að standa undir bættum lífskjörum. Þróttmikið atvinnulíf er eina svarið.

Öflug samvinna atvinnulífs og stjórnvalda mun varða leiðina að settum markmiðum, enda er nú þegar mikil deigla til staðar um nýsköpun og þróun sem styður markmiðin vel. Leiðin áfram getur ekki verið að pakka í vörn og hörfa með þann árangur sem náðst hefur, heldur er það sá árangur sem leggur grundvöll að verðmæta- sköpun og lífsgæðum samtímans og til framtíðar.“ ■





Sjálfbærni ráðgjöf EY samanstendur af þeim Hólmfríði K. Árnadóttur, Rebekku R. Jóhannesdóttur, Gunnari F. Þorleifssyni og dr. Snjólaugu Ólafsdóttur sviðsstjóra.

MYND/ATLI MÁR HAFSTEINSSON

Sjálfbærni eykur verðmæti

Samkvæmt könnun rann-sókna- og ráðgjafarfyritækisins Verdantix er EY leiðandi í sjálfbærni ráðgjöf á heimsvísu. Hjá EY starfa um 315.000 manns um heim allan og á Íslandi starfa um 80 manns við endurskoðun og ráðgjöf.

Í ársbyrjun 2021 var sjálfbærni ráðgjöf (e. Climate Change and Sustainability Services – CCaSS) stofnuð sem sér svið hjá EY á Íslandi vegna aukinnar eftirspurnar á markaði eftir slíkri þjónustu sem og markmiða EY varðandi auknar sjálfbærni áherslur í rekstrinum. Sjálfbærni ráðgjöf er ört vaxandi hjá EY á heimsvísu og er það svið innan EY sem hefur verið að stækka hvað mest.

Á því rúma ári sem sjálfbærni ráðgjöfin hefur verið starfrækt hefur landslagið breyst mikið og áhugi fyrirtækja og stofnana á málaflokknum að aukast samhlíða aukinni þekkingu og kröfum. Sjálfbærni ráðgjöf EY samanstendur af reynslumiklum hóp á sviði sjálfbærni, þeim dr. Snjólaugu Ólafsdóttur sviðsstjóra, Hólmfríði K. Árnadóttur, Gunnari F. Þorleifssyni og Rebekku R. Jóhannesdóttur. Teymið vinnur þétt með öðrum teyimum þvert yfir öll svið fyrirtækisins að sjálfbærni verkefnum, með tilgang EY að leiðarljósi, stuðlar að betri heimi til að lifa og starfa í fyrir starfsfólk, fyrir viðskiptavinum sem og fyrir samfélagið í heild sinni.

Fræðsla og skýr stefna er fyrsta skrefið í sjálfbærni Sjálfbærni er stórt hugtak og við bjóðum upp á viðtæka þjónustu bæði fyrir þau fyrirtæki sem eru að taka sín fyrstu skref og þau sem eru lengra komin. Við leggjum mikla áherslu á að fræða stjórnendur og starfsfólk um sjálfbærni áður en

við hefjum sjálfbærni vegferðina því málaflokkurinn er nýr fyrir mörgum og skilningur á helstu hugtökum er mismunandi. Því er mikilvægt að allir sem koma að stefnumótuninni séu með sama skilning áður en farið er í samtöl um hvað sé mikilvægast, hver markmiðin séu og skýr stefna mörkuð.

Mörg fyrirtæki sem eru að stíga sín fyrstu skref leggja mikla áherslu á umhverfismálin enda stöndum við frammi fyrir krefjandi áskorunum á þeim vettvangi sem blasa við okkur í samfélaginu. Við hjá EY litum þó svo á að skoða þurfi og greina kjarnastarfsemi fyrirtækis til þess að hafa sem mest jákvæð áhrif. Með skýra sýn á hvar áhrif fyrirtækja liggja út frá kjarnastarfsemi geta fyrirtæki og stofnanir beitt sér á sem skilvirkastan hátt. Oftar en ekki þegar kjarnastarfsemi og grunnhagsmunaaðilar eru greindir eru fleiri brýn mál en eingöngu umhverfismál sem þarfnað athygli.

Ólík fyrirtæki og fjölbreytt ráðgjöf EY hefur aðstoðað fyrirtæki af mismunandi stærðum og í fjölbreyttum atvinnugeirum. EY hefur viðamikla reynslu af stefnumótun, innleiðingu sjálfbærnistefnu og við gerð sjálfbærnisráðgjöfna í samvinnu við fyrirtæki og stofnanir. Einnig höfum við veitt ráðgjöf við grænar fjárfestingar, uppfærslu og gerð fjármálaramma og sértækar skýrslur fyrir fjármálamarkaði. Það er virkilega gaman að sjá fyrirtæki í auknum mæli vera að kortleggja og mæla kolefnissporið sitt og hefur okkar hlutverk verið að leiðbeina fyrirtækjum að greina bæði beina og óbeina losun þvert á virðiskeðju fyrirtækja. Í framhaldinu mælum við með að fyrirtæki setji sér stefnu um að ná fullu kolefnishlutleysi (e. Net zero

carbon emission). Þegar kolefnisspor virðisheðjunnar hefur verið greint getum við aðstoðað fyrirtæki að setja sér metnaðarfulla stefnu út frá Science Based Targets (SBT) um að draga úr losun og kolefnisjafna á ábyrgan hátt og fá það viðurkennt.

Í samstarfi við erlenda sérfræðinga innan EY veitum við einnig ráðgjöf til byggingaraðila og fyrirtækja sem vilja votta byggingar sínar með alþjóðlega vottunarkerfinu LEED. Með þessu bætist í flóru vottottana í íslenska byggingariðnaðinum. Vottunin er fyrir nánast allar tegundir bygginga og veitir ákveðinn ramma fyrir heilbrigðar, skilvirkar og hagkvæmar grænar byggingar. Vottunin nær bæði yfir byggingar í notkun og nýbyggingar, allt frá íbúðarhúsnæði yfir í iðnaðarhúsnæði og hverfisSKIPULAG.

Hringrásarhagkerfið er svo ein af þeim spennandi lausnum sem við trúum að muni tengja saman nýsköpun, fyrirtæki og samfélög með því að draga úr soun, framleiða nær kaupanda, hanna vörur til að nýta oftast en einu sinni og tryggja vörum, efnum og úrgangi framhaldslíf. Okkar sérfræðipækking hefur nýst fyrirtækjum og stofnunum við að innleiða hringrásarhagkerfið í virðisheðjunum, í framleiðsluna sem og í vörubróun og annarri nýsköpun.

Mjúku málin orðin nauðsynleg Sjálfbærni er ekki lengur „mjúku málin“ ef svo má að orði komast. Öll fyrirtæki þurfa að huga að sjálfbærni til þess að vera samkeppnishæf þó áherslan geti verið mismunandi. Fyrirtæki með mengandi kjarnastarfsemi setja í forgang þær UFS-áherslur sem þau geta breytt nú þegar en þau þurfa að vera með í sinni stefnu að fylgjast með eða taka þátt í innleiðingu á nýrri tækni og breytingum. En auk þess vera með skýra stefnu varðandi kolefnishlutleysi með vottuðum kolefniseiningum. Fyrirtæki sem eru með lágt kolefnisspor geta haft önnur mikilvæg áhrif á samfélag og nærumhverfi og setja þá meiri fókus þar. Við finnum fyrir því að þrýstingur frá fjárfestum, neytendum og birgjum

» **Sjálfbærni er ekki lengur „mjúku málin“ ef svo má að orði komast. Öll fyrirtæki þurfa að huga að sjálfbærni til þess að vera samkeppnishæf þó áherslan geti verið mismunandi.**

er að aukast og er gerð krafa um gagnsæi, traust og metnaðarfull markmið í öllum UFS-þáttum. Við höfum öll séð það í fjölmiðlum að orðsporsáhætta fyrirtækja er að aukast og með því er hægt að færa rök fyrir því að UFS-þættir eru orðnir nauðsynlegir fyrir áhættumat fyrirtækja.


Ef við horfum eingöngu á umhverfismálin ætti loftslagsáhætta að vera tekin inn í ákvarðanir allra stjórnenda. Loftslagsáhætta er ekki einungis af umhverfislegum afleiðingum loftslagsbreytinga, heldur felur einnig í sér áhættu af þeim hröðu samfélagslegu breytingum sem munu eiga sér stað á næstu árum vegna loftslagsbreytinga. Fyrirtæki þurfa að vera meðvituð um hvar þessi áhætta liggur og hvernig þau ætla að bregðast við henni. Þá hafa kröfur hagaðila einnig aukist umtalsvert á félagslega þætti og stjórnarhætti fyrirtækja, til að mynda út frá jafnrétti, mismunum, gagnsæi og öryggismálum og er mikilvægt að þetta sé allt skoðað þegar sjálfbærnin er annars vegar.

Langhlaup en ekki spretthlaup Tilskipanir Evrópusambandsins eru alltaf að verða skýrari, yfirgrípsmeiri og stífari hvað varðar umhverfismál og sjálfbærni-upplýsingagjöf. Þó að þetta sé ekki enn þá komið í lög á Íslandi, sjáum við að þessar reglugerðir eru á leiðinni. Nýr staðall um sjálfbærniupplýs-

ingagjöf fyrirtækja fer að líta dagsins ljós í Evrópu og er einnig verið að þróa alþjóðlegan staðal fyrir sjálfbærniupplýsingar að fyrirmynd fjárhagslegra upplýsingagjafar. Samhæðir staðlar munu gera okkur kleift að bera saman mismunandi fyrirtæki af meiri vissu og taka upplýstari ákvarðanir. Í framhaldinu verður krafa um að sjálfbærniupplýsingar skráðra félaga verði endurskoðaðar af óháðum aðila líkt og fjárhagsupplýsingar þeirra. Þó þessir staðlar séu ekki tilbúnir þá hvetjum við fyrirtæki til að byrja strax, því það er ekki lengur spurning hvort þeir koma heldur hvenær. Það er mikilvægt að bregðast við kröfum hagaðila og vera undirbúin undir komandi lagalegar kröfur til þess að tryggja framtíðar viðskiptatækifæri og dragast ekki aftur úr. Skilningurinn og þekkingin sem þarf að vera til staðar innan fyrirtækja verður ekki fengin á einni nóttu – þetta er langhlaup, ekki spretthlaup.

Byrja smátt en miða hátt Það hefur sýnt sig að það er fjárhagsleg áhætta að leggja ekki áherslu á málaflokkinn. Farsæl innleiðing sjálfbærni er lágmarkun á áhættu og eykur gagnsæi til hluthafa, eigenda, starfsfólks og er öllum hagaðilum til góðs. Svo ekki sé talað um plánetuna okkar því ef náttúruleg verðmæti skerðast verulega getum við ekki stundað viðskipti, það segir sig sjálft. Góð fyrstu skref væru að byrja smátt en miða hátt, setja sér stefnu, raunhæf og mælanleg markmið. Fyrirtæki eru ólík og þar með er sjálfbærni vegferð þeirra mismunandi eftir kjarnastarfsemi. Sjálfbærnistefnuna þarf að móta í takt við fyrirtækið og innleiða hana svo í alla anga fyrirtækisins. Mikilvægt er að kynna sér málaflokkinn vel og hvar áherslurnar liggja í mismunandi atvinnugeirum. Þá er gott að fara í greiningu á starfsemi fyrirtækisins og skilgreina hvað er mikilvægast fyrir starfsemi þess og menningu. Eitt er þó mikilvægast og það er að byrja. ■

Nánari upplýsingar á ey.is.



„Í þessu heildarsamhengi, þar sem stjórnvöld setja metnaðarfull markmið, þá verður atvinnulífið að finna bestu lausnirnar til að ná þeim,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Við erum stödd í miðri grænni iðnbyltingu

Atvinnulífið hefur lagt meiri áherslu á sjálfbærni á undanförnum árum og koma loftslagsmálin þar mjög við sögu. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, segir að við séum stödd í miðri grænni iðnbyltingu. Hann talar sérstaklega um nýsköpun sem sé í eðli sínu græn.

„Atvinnulífið hefur tileinkað sér sjálfbærni í meiri mæli á undanförunum árum og gerir það á ymsan hátt. Hugsunin um sjálfbærni er nú þegar innbyggð í starfsemi margra fyrirtækja þar sem í allri ákvarðanatöku er tekið mið af samfélaginu, umhverfinu og loftslaginu,“ segir Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins. „Það tengist meðal annars hráefnanotkun og orkunotkun þannig að sjálfbærni hefur fengið aukið vægi á síðustu árum.“

Sigurður segir að ef horft sé sérstaklega til loftslagsmála sem er viðfangsefni Grænvangs þá séu fyrirtækin á fleygiferð í átt að kolefnishlutleysi.

„Mörg þeirra hafa þegar sett sér markmið og náð árangri á þessu sviði og sum hafa þegar náð markmiðum sínum. Gott dæmi um það er Össur sem náði þeim áfanga á síðasta ári að verða kolefnishlutlaust í starfsemi sinni. Einnig má nefna að losun er hluti af iðnaðarferlum álveranna og þar eru skýr markmið um að þau verði kolefnishlutlaus árið 2040 í takt við markmið stjórnvalda. Til marks um hversu vel er unnið að því að ná þessum markmiðum hafa álverin

þegar náð þeim árangri að losun hefur dregist saman um 75% fyrir hvert framleitt tonn af áli frá árinu 1990.

Það er óhætt að segja að við séum núna stödd mitt í grænni iðnbyltingu sem hófst seint á síðustu öld þegar ríki heims tóku ákvörðun um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að bregðast við breyttum aðstæðum í umhverfinu. Það sem sker þessa iðnbyltingu frá öðrum er að í upphafi voru lausnirnar ekki hagkvæmar ef þær voru yfir höfuð til en í öðrum iðnbyltingum voru það tækni framfarir sem vörðuðu leiðina; tækni framfarir sem byltu viðteknum venjum og vinnubrögðum og voru hagkvæmar þannig að þær voru innleiddar sem leiddi þá til efnahagslegra framfara og meiri framleiðni.

Í grænu iðnbyltingunni er þessu öfugt farið – við byrjum á því að setja markmið og það eru stjórnvöld sem gera það. Síðan þarf að finna bestu lausnirnar til að ná markmiðunum og það eru fyrirtækin í atvinnulífinu sem gera það. Það er síðan stjórnvalda að skapa umgjörð sem hvetur til nýsköpunar, orkuskipta og fjárfestinga þannig að metnaðarfullum markmiðum verði náð.“

Sigurður nefnir að allar atvinnugreinar þurfi að finna lausnir til að markmiðum um kolefnishlutleysi og jarðefnaeldsneytislaut Ísland verði náð. Hann segir það jákvætt að nýverið hafi Ícelandair í samvinnu við Landsvirkjun farið í þróunarverkefni í tengslum við orkuskipti í flugi. „Útgerðin hefur þegar náð góðum árangri í losun líkt

Það er síðan stjórnvalda að skapa umgjörð sem hvetur til nýsköpunar, orkuskipta og fjárfestinga þannig að metnaðarfullum markmiðum verði náð.

og iðnaðurinn. Þetta er að gerast meira og minna í öllum atvinnugreinum. Dæmi um gott samstarf hins opinbera og atvinnulífsins á þessu sviði er nýr vegvísir um vistvæna mannvirkjagerð sem tengist byggingariðnaðinum.“

Nýsköpun í eðli sínu græn
Sigurður nefnir nýsköpun. Hvaða hlutverk spilar hún í loftslagsmálum í dag?

„Í þessu heildarsamhengi þar sem stjórnvöld setja metnaðarfull markmið þá verður atvinnulífið að finna bestu lausnirnar til að ná þeim. Það gerist fyrst og fremst með nýsköpun sem er í eðli sínu græn því hún leiðir til nýrra lausna sem eru þá betri heldur en fyrri lausnir og betri í þessu tilliti þýðir minni losun. Ég get nefnt fyrirtækið Carbfix sem hefur þróað lausn til þess að dæla koltvísýringi niður í berglög þar sem hann verður að steini. Þetta er byltingarkennd lausn á heimsvísu. Þannig skiptir frumkvæði atvinnulífsins máli.

Það má líka halda því á lofti að Ísland varð fyrir um hálfri öld einn af brautryðjendunum í heiminum

í nýtingu jarðvarma sem var hluti fyrri orkuskipta. Þá var mikil olíukrísa í heiminum þannig að olíuverð hafði hækkað mikið og til að bregðast við því var farið í nýtingu jarðvarma til húshitunar. Sú þekking sem þá varð til á grundvelli nýsköpunar hefur verið nýtt í að minnsta kosti 45 löndum í öllum heimsálfum.

Ég get líka nefnt fyrirtæki eins og Carbon Recycling International sem er leiðandi á heimsvísu á sviði rafeldsneytis sem mun leika lykilhlutverk í orkuskiptum í heiminum sem fram undan eru en þar er jarðefnaeldsneyti skipt út fyrir hreina orkugjafa. Við á Íslandi viljum ganga alla leiðina; heimurinn ætlar að taka skrefið í þá átt að draga úr vægi olíunotkunar en íslensk stjórnvöld hafa sett markmið um jarðefnaeldsneytislaut Ísland árið 2040 sem þýðir að við hættum að flytja inn olíu og brenna en þess í stað að nýta hreina orkugjafa. Þá þarf að breyta rafmagni í orkugjafa sem hægt er að nýta í skipum, flugvélum og stærri ökutækjum. Rafeldsneyti er lausnin þar. Það er til mikils að vinna að verða sjálfbær og sjálfstæð í orkumálum sem þjóð.“


Mikilvægt fyrsta skref
Sigurður er spurður út í hlutverk loftslagsvegvisis atvinnulífsins.

„Atvinnulífið hafði frumkvæði að því að vinna loftslagsvegvisi atvinnulífsins en það voru öll samtök helstu atvinnugreina sem tóku höndum saman og unnu að gerð vegvísisins með Grænvangi. Þetta er fyrsta skrefið á langri leið en er samt mikilvægt vegna þess

að þarna eru markmiðin sett fram eftir atvinnugreinum; staðan er greind, fjallað um losun eftir atvinnugreinum og fjallað um helstu áskoranir og hvað standi í vegi fyrir því að hægt sé að ná árangri. Það er mjög misjafnt eftir greinum; stundum vantar grænar lausnir og stundum þarf fjárhagslega hvata. Þannig er um að ræða mikilvægt fyrsta skref en næsta skref verður enn þá mikilvægara.

Stjórnvöld hafa í því samhengi lagt áherslu á það bæði í stjórnarsáttmálanum og það kom skýrt fram í máli forsætisráðherra á lönþingi um daginn að stjórnvöld vilja vinna náðið með atvinnugreinunum hverri fyrir sig að því að setja markmið. Afraksturinn af því er einnig einhvers konar kortlagning á því hvað stjórnvöld þurfa að gera til þess að ryðja hindrunum úr vegi og greiða götu til að þessi markmið náist. Þannig að sú vinna verður væntanlega annar áfangi í loftslagsvegvisi atvinnulífsins.

Ég geri ráð fyrir að önnur útgáfa Loftslagsvegvisis atvinnulífsins verði á næsta ári en það verður mjög mikilvægt skref. Í þessu samhengi hafa stjórnvöld horft til Danmerkur þar sem dönsk stjórnvöld fóru í sambærilega vinnu og þar voru gerðir samningar við einstakar greinar um hvata stjórnvalda um grænar fjárfestingar, græna nýsköpun og grænar lausnir. Þannig koma hvatar frá hinu opinbera en atvinnulífinu er falið að koma með lausnir. Þetta er mjög spennandi verkefni og mun skipta miklu máli í því að ná þessum metnaðarfullu markmiðum sem sett hafa verið.“ ■



„Nú eru fyrirtæki að skilgreina lykilmælikvarða ekki einungis út frá efnahagslegum forsendum heldur líka út frá þessum óáþreifanlegu þáttum og taka inn umhverfis- og félagslega þætti," segir Birta Kristín Helgadóttir.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Árangri í loftslagsmálum verður einungis náð með samhentu átaki samfélagsins í heild

Hlutverk Grænvangs er fyrst og fremst að hvetja til samstarfs milli atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun og styðja við sameiginleg loftslagsmarkmið. Í fyrra gaf Grænvangur í fyrsta skipti út Loftslagsvegvísi atvinnulífsins sem líta má á sem lykil að samstarfi milli atvinnulífsins og stjórnvalda um að draga úr losun og ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum.

„Hlutverk Grænvangs er fyrst og fremst að hvetja til samstarfs milli atvinnulífs og stjórnvalda við að draga úr losun og styðja við sameiginleg loftslagsmarkmið," segir Birta Kristín Helgadóttir, forstöðumaður Grænvangs. „Grænvangur styður við loftslagsvegferð atvinnulífsins og hvetur fyrirtæki til þátttöku í grænu ferli; umbótaverkefnum og almennri loftslagsvegferð í átt að grænni framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag. Við viljum þannig setja mál á dagskrá og viðhalda jákvæðri og faglegri umræðu. Einn af lykilviðburðum Grænvangs er Loftslagsmót, stefnumót fyrir- tækja, stofnana og annarra aðila þar sem hægt er að kynna lausnir sínar eða kynnast lausnum sem gætu gagnast á loftslagsvegferðinni eða til þess að grænka reksturinn. Við stefnum að því að halda loftslagsmót í þriðja skipti í byrjun maí í samstarfi við Festu, RANNÍS og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti. Þar para aðilar sig saman á 15 mínútna fundi og ræða grænar lausnir sem gagnast þeim.

Grænvangur styður við loftslagsvegferð atvinnulífsins og hvetur fyrirtæki til þátttöku í grænu ferli; umbótaverkefnum og almennri loftslagsvegferð í átt að grænni framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf og íslenskt samfélag.

Í fyrra gaf Grænvangur út fyrstu útgáfu af Loftslagsvegvísi atvinnulífsins sem er lykill að samstarfi milli atvinnulífsins og stjórnvalda um að draga úr losun og ná sameiginlegum loftslagsmarkmiðum. Við unnum loftslagsvegvisinn með atvinnugreinafélögunum sex, Samorku, Samtökum ferðaþjónustunnar (SAF), Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF), Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), Samtökum iðnaðarins (SI), Samtökum verslunar og þjónustu (SVÞ) og Bændasamtökunum og þessi fyrsta útgáfa var ákveðinn núllpunktur þar sem staðan í hverri atvinnugrein fyrir sig var sett fram ásamt tillögum til úrbóta og stefnum fram á við. Við teljum að þessi loftslagsvegvisir sé mikilvægur bæði til markmiðasetningar fyrir fyrirtæki og hvatning til stjórnvalda um að ryðja hindrunum úr vegi og skapa hvata til frekari aðgerða. Það er ekki síst í atvinnulífinu sem lausnirnar verða til.“

Grænvangur heldur úti vefsíðu: graenvangur.is. „Þar erum við með ýmsan fróðleik um hvernig fyrirtæki geta grænkað rekstur sinn og þá eru þar hlekkir og upplýsingar sem nýtast í þeim tilgangi; þar má finna reiknivélar, ráðgjafa og ýmis verkfæri á þessu sviði. Síðan viljum við auðvitað halda áfram að stuðla að umfjöllun um nýsköpun og grænar lausnir og skapa þannig jákvæða umræðu og stemningu í kringum málaflokkinn og erum til að mynda með ársfund 5. apríl þar sem við ætlum einmitt að setja mál málanna á dagskrá. Á ársfundi Grænvangs munum við eiga samtal um þátt atvinnulífsins í orkuskiptum Íslands en árangri í loftslagsmálum verður einungis náð með samhentu átaki samfélagsins í heild; samvinnu atvinnulífsins og stjórnvalda og almennings í raun líka. Með þessari samvinnu getum við tryggt að loftslagsmarkmiðum verði náð og samhliða stuðlað að aukinni samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðamörkuðum til lengri tíma lítið.“

Umhverfi og félagslegir þættir
Hvernig tengist sjálfbærni í rekstri loftslagsmálum?

„Það er þannig að sjálfbærni heilt yfir er að verða miklu betur þekkt í rekstri fyrirtækja þessi misseri og aukin áhersla lögð á sjálfbæra vegferð fyrirtækja. Þá er verið að tala um umhverfi og félagslega þætti og svo stjórnarhætti – eða umhverfi, samfélag og efnahag sem eru saman sjálfbærnistöðirnar þrjár. Nú eru fyrirtæki að skilgreina lykilmælikvarða

Það er þannig að sjálfbærni heilt yfir er að verða miklu betur þekkt í rekstri fyrirtækja þessi misseri og aukin áhersla lögð á sjálfbæra vegferð fyrirtækja.

ekki einungis út frá efnahagslegum forsendum heldur líka út frá þessum óáþreifanlegu þáttum og taka inn umhverfis- og félagslega þætti. Þá setja þau sér markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála og móta sér sjálfbærnistefnu í rekstri en þá þarf að vera með vel skilgreinda umhverfis- og loftslagsstefnu sem tekur mið af losun frá hefðbundnum rekstri, orkunotkun, úrgangi og ferðalögum svo dæmi séu tekin; dregur úr losun þar sem hægt er og kol-efnisjafnar það sem eftir stendur. Síðan þarf auðvitað að huga að félagslega þættinum og þar þurfa fyrirtæki að vera með góða og vel skilgreinda mannauðsstefnu og jafnréttisstefnu og er mikilvægt að leggja áherslu á virðingu, jafnrétti, heilsu og öryggi starfsmanna. Svo má ekki gleyma stjórnarháttunum; að hafa góðar síðareglur, persónuverndarstefnu og skýrar starfsreglur stjórnar. Með því að brjóta þetta svona niður og móta sjálfbærnistefnu þá næst

að halda utan um ólíka þætti rekstursins en draga inn þessa óáþreifanlegu þætti sem alla jafna hafa ekki endilega verið teknir inn og gera þá að mælikvörðum; það er nauðsynlegt að skilgreina mælikvarða og markmið til að ná árangri. Síðast en ekki síst er auðvitað mikilvægt að endurskoða stefnu og markmið reglulega og uppfæra eftir þörfum. Með yfirlýsingu og heildrænni sýn á reksturinn má taka inn áhrif loftslagsbreytinga á reksturinn og ekki síður áhrif viðkomandi rekstrar á loftslagsbreytingar.“

Allir geta gert eitthvað
Þegar Birta Kristín er spurð hvernig fyrirtæki geti stundað sjálfbæran rekstur segir hún að það geti allir haft áhrif með einum eða öðrum hætti. „Og mikilvægast auðvitað er að byrja. Fólk á til að mikla fyrir sér hvort það sé að taka þessi mál föstum tókum en það er að breytast hratt og greinilega miklu meiri vilji til góðra verka og skilningur á þörfinni. Einfalda nálgunin á þetta er að þá geta allir gert eitthvað en stóra málið er að hefjast handa. Það er alltaf gott að byrja á því að setja fram einhvers konar stefnu- yfirlýsingu; einhvern ramma til þess að vinna eftir sem er raunhæfur, skynsamlegur og skiljanlegur út frá rekstri einingarinnar. Síðan eru til dæmis ýmis töl og tæki sem hægt er að nýta sér hvort sem það eru ráðgjafar, ókeypis reiknivélar á netinu eða grænu skrefin í ríkisrekstri sem eru einfaldar leiðbeiningar til þess að byrja á.“ ■



Hrönn Ingólfsdóttir. „Við sjáum að með skýrri stefnu náum við árangri hraðar og náum að koma betur til skila inn í fyrirtækið hvert við erum að fara.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Með skýrri stefnu gerast töfrar

”Sjálfbærni-stefnan tengist beint inn í heildar-stefnu fyrir-tækisins því fyrir-tækið endurskoðaði líka heildarstefnu sína á síðasta ári.

Isavia hefur mótað sér metnaðarfulla sjálfbærnistefnu sem skiptist í fjóra áhersluþætti. Það er umhverfishluti þar sem loftslagsmál eru áberandi auk auðlindanýtingar, samfélagsþáttur þar sem áhersla er lögð á lífsgæði og svo efnahagsþáttur þar sem horft er á virðisskópun.

„Isavia var áður með aðskildar stefnur um annars vegar samfélagsábyrgð og hins vegar umhverfisstefnu. Við höfum nú sameinað þessar tvær stefnur í eina sjálfbærnistefnu og um leið uppfært fimm ára aðgerðaáætlun okkar í málaflokknum. Við sameinuðum stefnurnar á grundvelli þeirrar þróunar sem orðið hefur í málaflokknum undanfarin ár í bæði innra og ytra umhverfi félagsins,“ segir Hrönn Ingólfsdóttir, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Isavia. „Þar tókum við loftslagsmálin inn enn skýrar en áður.

Stefnan skiptist í fjóra áhersluþætti sem eru einmitt loftslagsmál sem tilheyra umhverfishlutanum auk áherslu á góða auðlindanýtingu, horft er á lífsgæði í samfélagsþættinum og svo undir efnahagsþættinum er horft á virðisskópun. Við sjáum að með skýrri stefnu náum við árangri hraðar og náum að koma betur til skila inn í fyrirtækið hvert við erum að fara.

Sjálfbærnistefnan tengist beint inn í heildarstefnu fyrirtækisins því fyrirtækið endurskoðaði líka heildarstefnu sína á síðasta ári. Sjálfbærni er alltumlykjandi í öllu sem við gerum og er ein af stefnuáherslum félagsins.

Grundvöllurinn fyrir því að árangur náist í þessum málaflokki er að yfirstjórn hafi skilning á honum. Ekki er sjálfgefið að sú sé staðan, jafnvel ekki árið 2022, en hjá Isavia styðja stjórnendur vel við vegferðina.“

Kolefnislaus árið 2030

Hrönn segir að varðandi loftslagsmál sé lögð áhersla á að fyrirtækið verði kolefnislaust árið 2030. „Við gerðum greiningu á því hvernig við kæmumst á þann stað; við vorum búin að skrifa undir það að fyrirtækið yrði orðið kolefnislaust árið 2050 samkvæmt yfirlýsingu Alþjóðasamtaka flugvalla en svo fóru flugvellir að færa sig nær í tíma og margir treystu sér í að þetta yrði mögulegt árið 2030. Okkur fannst það vera áhugavert en við vildum vera viss um að við réðum við það þannig að við létum gera ítarlega greiningu á ökutækjafloða Isavia sem telur yfir 140 tæki hjá móðurfélaginu.

Kolefnisspor reksturs hjá okkur kemur að mestu frá eldsneytisnotkun. Það sem verður erfiðast fyrir okkur er að skipta út sameykjunum sem hreinsa flugbrautirnar því þar er tæknin komin styst.

Við vildum vera viss um að við gætum þetta, þannig að þetta markmið, að verða kolefnislaus árið 2030, er byggt á ítarlegum greiningum.“

Auðlindanýting

Hvað auðlindanýtingu varðar segir Hrönn að lögð sé áhersla á sjálfbær innkaup og að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif. „Við erum að vinna að aðgerðum til að tryggja hringrásarfyrirkomulag hjá Isavia. Síðan horfum við á að byggja upp innviðina okkar á sjálfbæran hátt en það er mikil uppbygging fram undan á Keflavíkurlugvelli. Við viljum gera það á sem umhverfisvænastan máta og fá BREEAM-umhverfisvottun. Við erum þar í samvinnu við erlenda ráðgjafa sem aðstoða okkur. Í öllum svona framkvæmdum er líka mjög mikilvægt að vera í góðu samstarfi við alla hagaðila innan og utan Keflavíkurlugvallar.“



Isavia leggur áherslu á að styðja vel við samfélagsleg verkefni og hefur sjálfbærni að leiðarljósi.

Samvinna

Þegar kemur að samfélagsþættinum, lífsgæðum, segir Hrönn að Isavia vilji vera til fyrirmyndar í sjálfbærni á Íslandi. „Við erum að auka sjálfbærni í flugvallarsamfélaginu á Keflavíkurlugvelli. Starfsfólk er í góðu samstarfi við viðskiptafélaga okkar og vinnur með rekstraráðilum á flugvellinum að ýmsum umbótum á þessu sviði. Félagið deilir sinni þekkingu og lærir af þeim. Við viljum ná árangri sem heild og erum þannig að ná öðrum með okkur því að það er líka á okkar ábyrgð, þótt við rekum ekki nema hluta af flugvellinum, að öðrum gangi vel. Við vinnum líka með nærsamfélaginu. Isavia er hluti af samstarfi sem kallast Suðurnesjavettvangur þar sem við vinnum mjög markvisst og náð einmitt með sveitarfélögunum fjórum á Suðurnesjum, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum að úrbótaverkefnum.“

Langtímavirðisauki

Svo er það efnahagsþátturinn og í því sambandi segir Hrönn

að Isavia vilji að reksturinn sé sjálfbær. „Við viljum skapa langtímavirðisauka inn í hagkerfið. Sem flugvöllur ber Isavia ákveðna ábyrgð á því sviði og við viljum taka ákvarðanir með sjálfbærni að leiðarljósi. Hún er alltumlykjandi í stefnunni okkar og hugsun. Svo er þetta vegferð og það sem við þurfum að muna er að stuðla að framþróun og stöðugum umbótum. Það eru nýir straumar og stefnur á þessu sviði og maður þarf alltaf að fylgjast með og reyna að gera betur. Árangur næst ekki á einum dagi.“

Mikilvægi starfseminnar

Isavia er að hefja metár í framkvæmdum og þá er nauðsynlegt að þau áform rími við sjálfbærni-stefnuna.

„Tilgangur Isavia er að leiða flugvallarsamfélag sem eykur lífsgæði og velsæld á Íslandi og það gerum við með því að tengja heiminn í gegnum Ísland. Með því að fjölga flugtengingum erum við líka að auka hagvöxt á Íslandi og það er sagt að 10% fjölgun nýrra flugtenginga auki hagvöxt um 0,5%. Þannig að í því samhengi erum við í rauninni að stækka til að uppfylla það og geta tekið á móti viðskiptavinum okkar. Það er í sjálfu sér ekki umhverfisvænt að byggja en við viljum gera það á sem sjálfbærastan hátt, til dæmis með efnisvali á vörum með lægra kolefnisspori.

Við hlutum nýverið ISO14001 umhverfisvottun. Það skiptir okkur afar miklu máli að hafa vottað umhverfisstjórnunarkerfi sem nær yfir starfseminna. Vottunin staðfestir áherslur okkar í sjálfbærni. Starfsfólk okkar hefur fengið fræðslu um kerfið, vottunina og sjálfbærnistefnu félagsins. Það skiptir höfuðmáli að fólkið okkar viti hvert við erum að fara og hvernig við komumst þangað. Saman náum við árangri.“ ■

”Isavia er að hefja metár í framkvæmdum og þá er nauðsynlegt að þau áform rími við sjálfbærni-stefnuna.



Margrét Sveinbjörnsdóttir viðskiptaþróunarstjóri segir mikla áherslu hafa verið lagða á þróun í dk öppunum. Nýtt dk One app kemur út á næstu dögum með töluverðum nýjungum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Samfélagsleg ábyrgð í verki

dk hugbúnaður þróar og selur langútbreiddasta viðskiptakerfið á Íslandi. dk hentar fyrir allar greinar atvinnulífsins og býður upp á alls kyns sérlausnir fyrir félög, fyrirtæki og sveitarfélög.

Boðið er upp á allar algengustu kerfiseiningar eins og fjárhags-, viðskiptamanna-, lánardrottna-, innkaupa-, sölu-, birgða-, verk- og launabókhald. Að sögn Margrétar Sveinbjörnsdóttur viðskiptaþróunarstjóra býður dk upp á mikið úrval sérlausna fyrir hinar ýmsu tegundir fyrirtækja, meðal annars almenn þjónustufyrirtæki, verslanir, veitingahús, hótél og gististaði, stéttarfélög, sveitarfélög, endurskoðunar- og bókhaldsfyrirtæki, útgerðir, fiskvinnslur og framleiðslufyrirtæki, svo eitt-hvað sé nefnt. Auk þess hafa verið smíðaðar tengingar við önnur kerfi, bókunarvélar, vefsíður og vefþjónustur.

„dk hugbúnaður er einnig leiðandi í hýsingarþjónustu fyrir stór sem smá fyrirtæki á Íslandi. dk hugbúnaður er meðal stærstu hýsingaraðila hérlandis og hýsir meðal annars um 30.000 einstök fyrirtæki,“ segir Margrét.

„Í dag eru fyrirtækin sem nota dk hugbúnað orðin á sjöunda þúsund. Þau eru úr flestum atvinnugreinum og fjölgar ört. Viðskiptavinir dk eru stór sem smá fyrirtæki, lausnaframboð dk er

gríðarlega stórt og hentar því fyrir ólíkar gerðir reksturs.”

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í innleiðingu

„Við hjá dk erum meðvituð um samfélagsábyrgð okkar, gagnvart fólki, umhverfinu og þeirri atvinnugrein sem við tilheyrum. Við viljum umgangast umhverfið af ábyrgð og virðingu. Megináhersla okkar er á stafræn viðskipti og tækni þar sem við getum haft jákvæð áhrif og stuðlað að bestu lausn fyrir viðskiptavinum okkar. Starfsmenn dk hugbúnaðar veita aðstoð við úttekt á þörfum fyrirtækja og ráðleggja miðað við aðstæður hverju sinni.

dk hugbúnaður hefur skrifað undir viljayfirlýsingu um innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Markaðsstofa Kópavogs hefur haft frumkvæði að því að hvetja rekstraraðila í Kópavogi til að sýna ábyrgð í verki með því að ná mælingu á núverandi stöðu í ýmsum þáttum starfsemi sinnar og setja sér jafnframt markmið um framfarir til næstu ára. dk er í hópi fjölmargra rekstraraðila í Kópavogi sem hafa staðfest viljayfirlýsingu um innleiðingu Heimsmarkmiða. Með þátttöku okkar höfum við samþykkt að veita Markaðsstofu Kópavogs upplýsingar um markmið okkar sem og árlegar árangursmælingar og samþykkjum að upplýsingarnar verði skráðar í sameiginlegan

gagnabanka á vegum Markaðsstofu Kópavogs.

„Við hjá dk vinnum stöðugt að því að bæta okkur og með viljayfirlýsingunni um að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu okkar og daglegan rekstur, sýnum við samfélagslega ábyrgð í verki sem leiðir til jákvæðra áhrifa á umhverfið og samfélagið. Það sem liggur okkur næst þar eru til dæmis markmið um nýsköpun og uppbyggingu, góð atvinna og hagvöxtur, heilsa og vellíðan, menntun fyrir alla og jafnrétti kynjanna,“ segir Margrét.

Síðustu árin höfum við fengið vottun fyrir góðan rekstur í gegnum „Framúrskarandi fyrirtæki“ og „Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri“.

Aukin áhersla á rafræn viðskipti

„Rafrænir reikningar eru mikilvægur hluti viðskipta í dag, með þeim hætti skila upplýsingar sér hratt á milli kerfa og villuhætta minnkar. Fjárstreymi verður skilvirkara. Meðhöndlun rafrænna reikninga tekur að meðaltali þrjá daga á meðan meðhöndlun pappírsreikninga tekur að meðaltali 15 daga og er því um 80% hagræðingu að ræða. Það gefur auga leið hversu mikill ávinningur þetta er fyrir umhverfið og kolefnissporið.

Það eru gríðarlega spennandi hlutir að gerast hjá okkur og dk Viðskiptahugbúnaður er í stöðugri þróun. Við höfum verið að leggja mikla áherslu á meiri sjálfvirkni í

Við hjá dk vinnum stöðugt að því að bæta okkur og með viljayfirlýsingunni um að innleiða Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna í stefnu okkar og daglegan rekstur, sýnum við samfélagslega ábyrgð í verki.

kerfinu og rafræn samskipti inn og út úr kerfinu. Þar koma smáforritin og veflausnir sterkar inn og það má segja að þær lausnir séu framlenging á bókhaldskerfið. Þessar lausnir eru mikil hagræðing í rekstri og starfsemi fyrirtækja.

Mikil áhersla hefur einnig verið lögð á þróun í dk öppunum. Nýtt dk One app kemur út á næstu dögum með töluverðum nýjungum. Nú er hægt að taka mynd af reikningum og senda beint inn í dk. Þar sem ný vinnsla tekur við og les inn reikninga í lánardrottakerfið úr PDF-skjölum og myndum. Hægt er að sjá reikninginn og laga /breyta bókun áður en reikningur er stofnaður í dk. Einnig er hægt að vista skjöl í fyrirfram skilgreindri möppu og lesa inn.

Bætt hefur verið við samþykktarkerfi í dk One appið sem fram að þessu hefur einungis verið á netinu hjá okkur.

Dæmi um viðbót í nýjustu útgáfunni okkar í dk hugbúnaði er jafnlaunagreining, innlestur grunngagna frá notendum vegna jafnlaunagreiningar. Þessi gögn eru síðan unnin saman við launagögn og reiknaðir út ýmsir þættir sem tengjast jafnlaunagreiningu, til dæmis stig fyrir persónubundna þætti og einstök störf. Einnig er reiknaður út launamunur kynja út frá þeim forsendum sem eru gefnar. Þessar upplýsingar er síðan hluti af þeim gögnum sem þarf að skila til að öðlast jafnlaunavottun sem veitt er af þar til bærum aðilum.

Nýlega hefur Innbyggða hjálpin í kerfinu verið endurskrifuð og fleiri hjálpargluggum (Wizard) hefur verið bætt við kerfið. Möguleiki er nú að lesa rafræn fylgiskjöl í töflu í stað þess að vera með þau á gagnadrifi. Mikil vinna hefur farið í hjálpar- og kennslumyndbönd sem eru sýnileg á heimasíðu dk hugbúnaðar og YouTube rás en það hefur hingað til ekki verið tiltækt,“ segir Margrét að lokum. ■



Sjálfbærnivegferðin býr til viðskiptatækifæri

Reginn fasteignafélag hefur á síðustu árum lagt mikla áherslu á sjálfbærni í rekstri félagsins og eigna þess. Sunna Hrönn Sigmarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Regin, segir grænar áherslur fyrirtækisins uppsprettu fjölmargra viðskiptatækifæra.

„Við höfum ráðist í ýmsar aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum fasteignafélagsins og hefur Reginn unnið að fjölmörgum verkefnum til að tryggja áframhaldandi þróun í átt að sjálfbærni í rekstri,“ segir Sunna Hrönn Sigmarsdóttir, sem leiðir sjálfbærnimál Regins.

Sunna segir eina helstu sérstöðu Regins gagnvart öðrum fasteignafélögum á Íslandi felast í því að félagið sjái sjálft um daglegan fasteignarekstur og viðhald fyrir leigutaka sína í stórum eignum eins og Smáralind, Höfðatorgi og Egilshöll.

„Þar erum við að tala um hús-vörslu, öryggismál, þrif og ræstingar, orku, sorp, viðhald og svo framvegis. Félagið sér um þennan rekstur í einum þriðja hluta af fasteignum sínum og sú staða gerir það að verkum að félagið er í einstakri aðstöðu til að minnka neikvæð umhverfisáhrif fasteigna í eigu félagsins,“ greinir Sunna Hrönn frá.

Grænir leigusamningar

Lykilforsendu þess að hafa enn meiri áhrif og ná til stærri hluta eignasafnsins segir Sunna felast í því að fá leigutaka í lið með félaginu og auka sjálfbærni í rýmum leigutaka.

„Eftirspurn eftir auknu samstarfi leigusala og leigutaka um sjálfbærari rekstur í leigurými er sífellt að aukast, og staðfesta þjónustukannanir Regins þá þróun.



Sunna Hrönn Sigmarsdóttir er framkvæmdastjóri Regins. Hér stendur hún í einni glæsilegustu hjólageymslu landsins, sem er við innganginn Hagkaupsmegin í Smáralind.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI

Félagið er sannfært um að aukin sjálfbærni í rekstri og grænar áherslur félagsins séu uppspretta fjölmargra viðskiptatækifæra og að þarna verði til nýir leigutakar og ný tækifæri.“

Hjá Regin er lögð sérstök áhersla á sjálfbærni í þjónustu við viðskiptavinum og þróaðar hafa verið ýmsar lausnir sem snúa að því.

„Meðal annars hefur verið einblínt á lausnir, vörur og þjónustu sem stuðla að sjálfbærari rekstri og eru aukin tekjulind eða leiða til sparnaðar fyrir viðskiptavinum

og félagið, ásamt því að stuðla að aukinni velliðan í leigðum rýmum Regins,“ upplýsir Sunna Hrönn.

Í takt við þessar áherslur hóf Reginn í lok árs 2021 að bjóða viðskiptavinum sínum upp á græna leigusamninga.

„Með grænum leigusamningum vill Reginn fá viðskiptavinum í lið með sér og auka sjálfbærni í eignasafni félagsins, með sameiginlega hagsmuni að leiðarljósi. Grænn leigusamningur er samkomulag á milli leigusala og leigutaka um að minnka kolefnisspor í hinu leigða

rými og bæta nýtingu auðlinda ásamt því að stuðla að aukinni velliðan starfsfólks,“ útskýrir Sunna.

Jákvæð og sjálfbær samvinna

Til að auðvelda viðskiptavinum Regins vegferðina í átt að sjálfbærari rekstri hefur Reginn unnið leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum sína um hvernig hægt er að auka sjálfbærni í rekstri fasteigna.

„Félagið aðstoðar síðan viðskiptavinum við að setja sér markmið að aukinni sjálfbærni í hinu leigða rými og vinna áætlanir um

aðgerðir til að ná settum markmiðum. Með þessu samstarfi nær félagið til stærri hluta eignasafnsins og miðlar bæði þekkingu og reynslu til viðskiptavina sinna. Afrakstur þessarar samvinnu er því jákvæður fyrir báða aðila, en umfram allt jákvæður fyrir umhverfið,“ segir Sunna Hrönn. ■

Reginn er í Hagasmára 1 í Kópavogi. Sími 512 8900. Netfang: reginn@reginn.is. Sjá nánar á reginn.is

Nýta allan mat og búa til nýja rétti

Hjónin Íris Ann Sigurðardóttir og Lucas Keller eiga og reka veitinga- og sælkerastaðinn Coocoo's Nest úti á Granda og hinn frumlega og skemmtilega bar Luna Flórens. Hjónin kynntust á Ítalíu á sínum tíma en Lucas er frá Kaliforníu og var að læra matreiðslu og Íris Ann var að læra ljósmyndun og sjónlist.

sjofn@frettabladid.is

Saman létu þau drauminn rætast um að opna veitingastaðinn The Coocoo's Nest þar sem ástríða þeirra og sköpun fær að njóta sín. Saman eiga þau tvo dásamlega stráka, Indigo og Sky. Sjálfbærni og samfélagsábyrgð hefur ávallt verið þeim hugleikin og þegar að rekstrinum kemur leggja þau sig fram um að sýna ábyrgð í verki.

„Það er vissulega í mörg horn að líta þegar kemur að sjálfbærni og samfélagsábyrgð fyrirtekja og alltaf svigrúm til að gera betur. Stundum hugsa ég að lif okkar væri auðveldara ef við værum ekki svona samviskusöm hvað þetta varðar. En það fylgir í raun ástríðu okkar að gera hlutina vel og rétt,“ segir Íris og bætir við að frá upphafi hafi þau ávallt haft ástríðu fyrir að gera þessa hluti vel.

„Við erum mjög meðvituð um hvaðan hráefnin okkar koma og gerum okkar besta til að versla lífrænt og versla við minni birgja sem eru einnig með svipaðar hugsjónir. Eirný Sigurðardóttir, ostadrottning og stofnandi Matarmarkaðar



Íslands, spilaði stórt hlutverk á sínum tíma í að tengja okkur við fólk hér heima sem er að gera stórkostlega hluti. Það er alveg hreint magnað hvað það eru margir bændur að rækta hér heima af miklum metnaði, það væri gaman

að sjá þá fá meiri stuðning til þess að hvetja það fólk áfram.“

Innblásturinn kemur frá Ítalíu

Þegar kemur að flokkun á rusli hugsa Íris og Lucas út í hvert smáatriði. „Við reynum einnig að

vanda okkur við að flokka allt rusl vel. Við flokkum allt plast, pappír, ál, lífrænan úrgang og fleira. Markmiðið er þó að vera með eins litid af lífrænu rusli og við getum og við gerum það með því að nýta hráefnin eins vel og hægt er. Með því

Fjölskyldan er samtaka í því að fara vel með jörðina.

MYND/ADSEND

að vera með rétti dagsins er hægt að finna upp á nýjum uppskriftum til að nýta allan mat vel sem er annars ekki á matseðli. Lucas, sem er kokkur, vann á Michelin-stjörnu veitingastað á Ítalíu, sem var einn af fáum stöðum með stjörnu sem framleiðir aðeins grænmetisfæði, en á þeim stað var mikil áhersla á að nýta allt hráefni og þaðan fékk hann mikinn innblástur. Það snýst um að hugsa stundum út fyrir kassann og prófa nýjar uppskriftir með það sem er til. Ég til að mynda opna oft ísskápin og finnst ekkert vera til, svo kemur Lucas og býr til þriggja rétta máltíð!“

Kostar meira að vera sjálfbær

„Það sem er erfiðast við að vera sjálfbær er að það kostar meira en ella. Bæði það að kaupa lífrænt og að flokka rusl kostar töluvert meira en að gera það ekki. Eflaust myndu fleiri standa sig betur í þessum málum ef það væri ekki raunin. Það væri dásamlegt ef hægt væri að styðja þau fyrirtæki sem sinna þessum málum vel, eða búa til einhvers konar hvatningarúrræði. En þrátt fyrir aukakostnað held ég að samfélagsábyrgð fyrirtekja skili sér margfalt til baka. Við finnum að okkar fastakúnnar þekkja það sem við leggjum af mörkum og kjósa að styðja okkur vegna þessa, það skín alltaf í gegn. Við erum með frábæran fastakúnnahóp sem við sjáum að eru með sömu hugsjónir, fólk sem vill gera vel fyrir samfélagið og kys að hætta peningunum sínum þannig að styðja þau fyrirtæki sem stuðla að því,“ segir Íris að lokum. ■

FLÖSKUR

í íslensku sjávarríki

Marine bottles of Iceland | Flaschen im isländischen Meer



Norðursjávar Kóli
Atlantic Cola



Lúði
Plastysis
Aukreitis



Plastbítur
Virus Plastikus



Spuri
Flaskus Flaskus




Ískóli
Plastus Vesenis



Sóðabikkja
Mengunis Majoris



Maghnútur
Sodapop Virus



Slorsíli
Ógangus Ópolandis



Skarskólpi
Kippis Kippus



Djúpsjávar lufsi
Maritima Polyurethane

Ef plastnotkun þróast áfram eins og hún er í dag þá er því spáð að árið 2050 verði jafnmikið af plasti og fiski í höfunum í kílóum talið. Leggðu þitt af mörkum og tryggðu að allar dryggjarumbúðir á þínu heimili skili sér í Endurvinnsluna. Þannig leggur þú þitt af mörkum og færð greitt fyrir það!





Það er öflugur hópur starfsmanna hjá Múlalundi og allir taka starfið sitt alvarlega.

MYNDIR/ADSENDAR

Viðskipti við Múlalund eru frábært samfélagsverkefni

Múlalundur, vinnustofa SÍBS, býður fyrirtækjum og einstaklingum fjölbreytta þjónustu sem skapar um leið tækifæri fyrir fólk með skerta starfsorku til að leggja sitt af mörkum til atvinnulífsins. Heimsmarkmiðin, hringrásarhagkerfi og útvistun verkefna, eiga öll færi á Múlalundi.

Á Múlalundi, vinnustofu SÍBS, fást allar almennar skrifstofuvörur á einum stað, pappír og ritföng. Þar fæst einnig fjölbreytt úrval vara sem nýtist fjölbreyttum hópi viðskiptavina svo sem íþrótta-vörur, fallegar vörur til heimilisins, þrjónavörur, vörur fyrir safnara og stuðningsvörur fyrir fatlaða.

„Þá tekur starfsfólk Múlalundar að sér fjölbreytt verkefni fyrir viðskiptavinum, oft verkefni sem kalla á handavinnu, sem mun hagkvæm-ara er að láta starfsfólk Múlalundar um en að þau taki orku frá öðrum verkefnum í fyrirtækjum viðskiptavina,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar, vinnustofu SÍBS. Vefverslun Múlalundar má finna á slóðinni mulalundur.is.

„Múlalundur er stöðugt að sníða vöru og þjónustu að þörfum fyrirtækja og treystir á að fyrirtæki skoði möguleika á samfélagslegri ábyrgð. Það er því mikilvægt að stjórna endur fyrirtækja skapi sér stefnu um að reyna að nýta sér þjónustu fyrirtækja eins og Múlalundar.“

Duglegt fólk þarf næg verkefni Múlalundur þarf á samfélagslegri ábyrgð að halda. „Nú þegar við komum út úr faraldrinum hefur það þau áhrif á Múlalundi að fleiri geta mætt til vinnu og oftar en mögulegt hefur verið undanfarna mánuði. Duglegt fólk þarf að hafa næg verkefni og því köllum við út í samfélagið eftir fjölbreyttum verkefnum svo okkar duglega fólk geti látið hendur standa fram úr ermum næstu mánuði,“ segir Sigurður Viktor.

„Í fyrirtækjum koma oft upp fjölbreytt handavinnuverkefni sem þarf að framkvæma og taka tíma frá öðrum verkefnum. Þá geta fyrirtæki haft samband við Múlalund, fengið tilbod í verkefni og síðan skutlar viðskiptavinur þeim til okkar eða við sækjum þau. Við klárum verkin hratt og vel og sendum verkefnið aftur til viðskiptavinarins. Sum fyrirtæki fá til dæmis sendar vörur erlendis frá í hverri viku þar sem merkingar uppfylla ekki reglugerðir um íslenskar leiðbeiningar eða þar sem strikamerkja þarf vörur upp á nýtt. Viðskiptavinir okkar skutla þá viðkomandi brettum til okkar, við merkjum þau og svo eru þau sótt. Á meðan getur starfsfólk sinnt mikilvægari verkefnum á sama tíma og fyrirtækið skapar störf fyrir fólk með skerta starfsorku.“

Múlalundur selur flotta pappírspoka.



Verkefni eru mörg og misjöfn enda þarf duglegt fólk að hafa næg verkefni og þau geta bætt á sig.



Vinsæl vefverslun Á heimasíðunni mulalundur.is er rekin stór og vinsæl vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali fjölbreyttra vara og bæði verð og úrval koma ánægjulega á óvart. Einfalt er að versla á netinu og sendum við vörurnar yfirleitt strax daginn eftir,“ segir Sigurður. Fari pöntun yfir 20.000 krónur er frí heimsending um land allt en ef pantað er fyrir lægri upphæð er tekið lágt sendingargjald.

Heimsmarkmiðin Á Múlalundi hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri í 63 ár. Æskilegast er að samfélagsleg ábyrgð sé fléttuð inn í hefðbundna starfsemi fyrirtækja. „Við segjum stundum að það að panta vörur af Múlalundi sé einfaldasta samfélagsverkefnið. Panta vörur sem hvort sem er þarf að kaupa og fá þær sendar daginn eftir,“ segir Sigurður Viktor. „Þá er fyrirtækið búið að láta gott af sér leiða þann daginn.“

Á Múlalundi starfa dugmiklir einstaklingar sem í kjölfar slyss eða heilsubreysts hafa þurft að takast á við andlega eða líkamlega fítlun eða veikindi.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer 8 tekur til þess að vinna skuli vera „í boði fyrir alla, konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk“. Þegar fyrirtæki kaupa rekstrarvörur eða þjónustu

Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS með stuðningi Hapdrættis SÍBS.

hafa þau val um að kaupa þær af Múlalundi, vinnustofu SÍBS, og stuðla þannig að fjölbreyttum störfum fyrir fólk með skerta starfsorku.

Hringrásarhagkerfið Mikilvægt er að fyrirtæki og stofnanir leggi áherslu á hringrásarhagkerfið þar sem vörur eru ekki framleiddar, notaðar og þeim hent, heldur séu þær endurnnar og endurnýttar eins og frekast er unnt. Það kallar á að vörur séu teknar í sundur eftir að notkun lýkur og flokkaðar eftir efnum. Þannig fást hreinir straumar til endurvinnslu sem hámarkar virði þeirra, sem og líkur á því að hægt sé að endurnýta og endurvinna vörurnar til fulls. Múlalundur getur sinnt þessum mikilvæga þætti í hringrásinni. „Þá eru slegnar tvær samfélagslegar flugur í einu höggi, umhverfisfötsporið lágmarkað og á sama tíma sköpuð mikilvæg störf fyrir fólk með skerta starfsorku,“ segir Sigurður Viktor.

Fyrirtæki útvisti verkþáttum Í sumum tilfellum hafa viðskiptavinir séð sér hag í því að útvista tilteknum hluta starfsemi sinnar til Múlalundar. Þá sér fyrirtækið til dæmis um markaðsmál, innkaup og samskipti við viðskiptavinum en



Glæsilegir matseðlar fyrir ferðabjónustuna Starfsfólk Múlalundar hefur um árabil framleitt glæsilegar kápur utan um matseðla, vínlist, litla og stóra, hótelmöppur, reikningamöppur, lykklappur og margt fleira fyrir ferðabjónustuaðila um allt land. „Það er gaman að ferðast um landið og hitta fyrir framleiðsluvörurnar okkar á borðum veitingahúsa um allt land,“ segir Sigurður Viktor. Við bjóðum upp á mjög flott efni sem hægt er að leitra á eða þrykkja í merki fyrirtækisins og texta að eigin vali, þannig að úr verði glæsilegur gripur í höndum viðskiptavina á samkeppnishæfu verði. Það er oft mikið álag á matseðlum, þeir liggja í bleytu á borðum löngum stundum og efnin í þeim þurfa að vera sérstaklega vönduð til að hægt sé að strjúka af þeim bleytuna og koma þeim aftur í virkni snyrtilegum og finum.“

Allar þessar vörur eru framleiddar á staðnum frá grunni og fjölbreytnin því næstum takmarkalaus. Fyrirtæki geta haft samræmt útlit á matseðlum, vinseðlum, lykklappum, hótelmöppum, reikningamöppum á veitingastaðnum, klemmuþjöldum fyrir fararstjóra og jafnvel töskumerkjum fyrir viðskiptavinum. „Allt getur verið í sama útliti sem er mjög töff og kemur vel út. Þessar vikurnar erum við að taka í notkun ný efni án plasts sem auka enn úrvæði.“

Nánari upplýsingar má finna á <https://www.mulalundur.is/verslun/matsedlar-serframleiddir/> og með því að hafa samband við starfsfólk Múlalundar sem hefur mikla reynslu á þessu sviði.



Fallegir matseðlar.

Múlalundur sér um að afgreiða pantanir og vinna það sem þarf að vinna. Þetta hentar meðal annars einyrkjum og nýsköpunarfyrirtækjum sérstaklega vel þar sem þau geta einbeitt sér að viðskiptavinum og uppgangi fyrirtækisins. Þetta hentar til dæmis þegar álag er ekki jafnt og þétt heldur eins og ein eða fleiri afhendingar á viku. Þá hentar illa að ráða eigið starfsfólk í verkefnið.“

Öllum er mikilvægt að vinna Múlalundur hefur frá árinu 1959 verið rekinn af SÍBS með stuðningi Hapdrættis SÍBS. Frá því starfsemin hófst hafa þúsundir einstaklinga með skerta starfsorku fengið annað tækifæri og blómstrað á ný.

Á Múlalundi, vinnustofu SÍBS, er glæsileg verslun við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562- 8500. Skoðið úrvæði á mulalundur.is ■



Ólafur Þór Ólafsson (t.v.), forstöðumaður eignatjóna, og Hjalti Þór Guðmundsson, forstöðumaður ökutækjatjóna hjá Sjóvá.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Í sátt við samfélag og umhverfi

Sjóvá hefur um langt skeið unnið að samfélagslega ábyrgum verkefnum og leitast við að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi sinni. Þannig eru til dæmis mörg áhugaverð verkefni í gangi á því sviði þegar kemur að þjónustu við viðskiptavinina sem lenda í tjónum.

Sjóvá hefur í gegnum tíðina lagt ríka áherslu á samfélagslega ábyrgð. Sú hugsun er enda samofin tryggingum sem ganga jú út á að við tökumst saman á við óvænt áföll. Þeir Ólafur Þór Ólafsson, forstöðumaður eignatjóna, og Hjalti Þór Guðmundsson, forstöðumaður ökutækjatjóna, segja að meðal þeirra samfélagslega ábyrgu verkefna sem stöðugt sé unnið að sé að lágmarka umhverfisáhrifin af tjónaþjónustu.

„Sjóvá vill leggja sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins og vinnur því að því að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar. Ábyrg nálgun á allt ferlið okkar, hvort sem um er að ræða samtal við viðskiptavininn, þjónustuleiðir, vöruþróun eða tjónaþjónustu, er okkar leið til að stuðla að sjálfbærari lausnum,“ segir Ólafur. „Sjálfbærni er auðvitað málaflokkur sem varðar tryggingafélög með beinum hætti. Meðvitund um umhverfisáhrif í tjónavinnslu getur haft úrslitaáhrif á ákvarðanir í kjölfar tjóna. Við sjáum mikil tækifæri til þess að bjóða fjölbreyttar lausnir sem minnka vistspor tjóna. Við höfum einnig sett okkur það markmið að verða kolefnishlutlaus fyrir árið 2025.“

Sjálfbærni aukin á öllum sviðum
Hjalte segir hlutverk Sjóvár vera að tryggja verðmætin í lífi fólks og

ramminn utan um þau sé ávallt samfélagið í heild sinni. „Þess vegna er það okkur hjartans mál að starfa í fullri sátt við samfélag og umhverfi og leggja okkar af mörkum til að auka sjálfbærni á öllum sviðum. Með því stuðlum við að bjartari framtíð fyrir samfélagið allt. Við bætum tjón viðskiptavina okkar og tryggjum þannig fjárhagslegt öryggi þeirra. Með öflugu forvarnarstarfi leitumst við jafnframt við að koma í veg fyrir slys og óhöpp og hjálpum þannig viðskiptavinum okkar og samfélaginu öllu að koma í veg fyrir óþarfa tjón og slys. Það skiptir máli bæði fyrir samfélagið og umhverfið.“

Lausn sem sparar sporin
Þeir Hjalte og Ólafur segja stöðugt aukna áherslu lagða á að finna leiðir til að draga úr umhverfisáhrifum starfsemi Sjóvár. Ólafur nefnir fyrst til sögunnar rafræna fjarskoðunarlausn Sjóvár, sem heitir Innsýn og hefur verið í notkun frá byrjun árs 2021. „Með Innsýn geta sérfræðingar okkar skoðað vettvang tjóna í gegnum skjallsíma viðskiptavinar og metið aðstæður og hvort þörf sé á heimsókn. Þannig er oft hægt að leysa málið hratt og vel, auk þess sem þessi lausn hjálpar okkur að minnka kolefnisspor starfseminnar og ekki síður að spara viðskiptavinum okkar sporin. Með þessum hætti geta sérfræðingar okkar líka jafnvel leiðbeint um fyrstu viðbrögð við tjóninu og þannig komið í veg fyrir að það verði stærra.“

Mikill akstur sparaður
Hann segir starfsfólk Sjóvár hafa sparað að minnsta kosti 18.000 km í akstri með Innsýn á árinu 2021. „Við erum að tala um næstum hálfan hring kringum jörðina, en við framkvæmdum yfir 1.000 raf-

rænar tjónaskoðanir um land allt á síðasta ári. Þannig eru dæmi um tjón þar sem Innsýn sparaði akstur upp á allt að 500 km. Sem dæmi var hringt í tjónavaktina hjá okkur vegna vatnsleka á Austurlandi þar sem við gátum strax leiðbeint um viðbrögð til að minna skaðann, símtalið sparaði akstur upp á 300 km og málið var afgreitt á stuttum tíma. Við höfum einnig nýtt okkur þessa lausn með þjónustuaðilum okkar um allt land, það flýtir fyrir og allt ferlið verður umhverfisvænna. Við heyrum að viðskiptavinir okkar eru afar ánægðir með hvort tveggja, aukinn hraða og að þessi lausn hafi minni áhrif á umhverfið.“

Betri nýting tjónamuna
Önnur mikilvæg aðgerð, að sögn Ólafs, er að nýta betur tjónamuni og auka þannig líftíma þeirra hluta sem þegar eru í notkun, í stað þess að kaupa nýja með tilheyrandi vistspori. „Við höfum undanfarin ár leitað nýrra leiða til að nýta tjónsmuni sem við eignumst til að lágmarka soun vegna tjóna. Auðvitað er það ekki alltaf hægt en það er þó oft mögulegt að finna skemmtilegar lausnir. Á síðasta ári höfum við t.d. samstarf við Fjölskiðjuna á höfuðborgarsvæðinu en þar ganga tjónamunir í endurnýjun lífdaga og nýstast til kennslu og þjálfunar. Þetta eru hlutir á borð við tölvu- og tækjabúnað, fatnað og húsgögn fyrir trésmíðadeild. Auk þess ráðstöfum við einnig ýmsum munum til skóla og ýmissa góðgerðarféлага. Til viðbótar við þetta þá stendur viðskiptavinum til boða að velja milli uppgjörðsleiða þar sem umhverfisvænni uppgjörðsleið er valkostur, þegar það er mögulegt. Þetta er eitthvað sem við finnum að fólk kann sannarlega að meta.“

Rúðuviðgerðir minnka soun
Meðal annarra verkefna sem Sjóvá hefur hrint í framkvæmd til að draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar, nefnir Hjalte aukna áherslu á bílrúðuvíðgerðir. „Rúðuviðgerðir minnka soun og þess vegna höfum við sett okkur markmið um að auka



hlutfall viðgerða á framrúðum í stað þess að þeim sé skipt út, þegar slíkt er hægt. Viðgerð er líka mun umhverfisvænni kostur en útskipti á rúðu. Sem dæmi má nefna að útskipti valkostinum bílrúðu losar um 51,62 kg af CO₂ meðan viðgerð losar einungis um 0,0022 kg af CO₂. Þetta er umtalsverður munur eins og sjá má. Við höfum sameiginlegt átak með okkar frábæru samstarfsaðilum í tjónaviðgerðum árið 2020, sem kom í veg fyrir losun sem samsvarar 15 tonna koltvísýringsgilda við rúðuskipti á síðasta ári. Við stefnum enn herra í þessu átaki á næstunni með tilheyrandi ábata fyrir umhverfið. Einnig má nefna að viðskiptavinurinn greiðir ekki eigin áhættu af slíku tjóni og missir ekki Stofnendurgreiðslu. Það er því bæði gott fyrir viðskiptavininn og umhverfið að láta gera við rúðuna þegar mögulegt er.“

Umhverfisvænni valkostir
Þegar bíll viðskiptavinar fer í viðgerð í kjölfar tjóns getur hann oft valið um að fá bílaleigubíl eða greiðslu sem samsvarar

kostnaði við bílaleigubílinn að sögn Hjalta. „Við erum að bjóða fasta upphæð fyrir hvern dag sem ökutækið er í viðgerð, sem fólk velur í auknum mæli. Á síðasta ári bættum við þriðja valkostinum við sem er inneign hjá rafhlaupahjólaleigunni Hopp, sem vakti mikla athygli meðal viðskiptavina okkar, enda skemmtileg nýjung og gaman að þróa þetta áfram. Fjöldi tjóna þar sem annar kostur en bílaleigubíll varð fyrir valinu endaði í 24,4% árið 2021, samanborið við 20% árið 2016, og við eigum von á að sjá þessa tölu hækka á næstu árum.

Við höldum síðan áfram að leita leiða til að þróa vörur okkar, þjónustu og starfsemina í takti við umhverfið, á sama tíma og við höfum þarfir viðskiptavina alltaf að leiðarljósi. Við finnum líka fyrir því að fólk kallar í auknum mæli eftir áherslu á umhverfismálin og því ánægjulegt að geta stöðugt unnið að því að finna nýjar leiðir og lausnir til að minnka áhrifin á umhverfið, með hagsmunum viðskiptavina og samfélagsins alls að leiðarljósi.“ ■

Rík áhersla á samfélagslega ábyrgð

Bláa lónið er með stærstu vinnuveitendum á Suðurnesjum og einn vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi. Fyrirtækið sem slíkt finnur til samfélagslegrar ábyrgðar gagnvart landi og þjóð, að sögn Fannars Jónssonar, gæða- og umhverfisstjóra Bláa lónsins.

Fannar segir að Bláa lónið leggi ríka áherslu á að styðja vel við samfélagsleg verkefni og geri það með ýmsu móti.

„Við erum með virðisskapandi rekstur sem byggist á fjölnýtingu náttúruauðlinda í Svartsengi sem voru upprunalega einungis nýttar í framleiðslu á rafmagni og hita fyrir nærsamfélagið. Þannig stuðlum við að hringrásarhagkerfi byggðu á virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu,“ segir Fannar og bætir við að það sé fyrir tilstilli öflugs samfélags sem fyrirtæki eins og Bláa lónið verður til og getur dafnað jafn vel og það hefur gert síðastliðna áratugi.

Ótvíræður árangur

Spurður á hvaða sviðum samfélagslegrar ábyrgðar Bláa lónið hafi helst náð árangri, er Fannar fljótur til svars. „Grímur Sæmundsen, forstjóri Bláa lónsins, stofnaði fyrirtækið á sínum tíma til þess að rannsaka undraverða eiginleika jarðsjávarins sem til féll í Svartsengi í þeim tilgangi að hjálpa fólki með húðvandamál,“ rifjar hann upp. Hann segir að í þrjátíu ára sögu Bláa lónsins hafi átt sér stað samfelld rannsóknavinna í að finna nýja eiginleika jarðsjávarins og nýjar leiðir í að skilja og nýta þennan einstaka lækningamátt sem býr í honum til að auka veliðan og heilsu fólks.

Fannar minnir á að Bláa lónið reki einnig Lækningalind fyrir fólk með sóríasis, þar sem þær náttúrulegu meðferðir sem eru í boði hafi hjálpað fólki að halda niðri einkennum sjúkdómsins. Síðastliðin ár hafi Bláa lónið boðið þessa þjónustu meðferðargestum og ríkinu að kostnaðarlausu. „Við lítum á það sem samfélagslega ábyrgð okkar að veita þessa þjónustu,“ útskýrir hann.

Styrkir grunnstoðir samfélagsins

Ásamt því að bjóða upp á fríar meðferðir í Lækningalindinni þá segir Fannar Bláa lónið hafa veitt fjárhagslega styrki til fjölda annarra samfélagsverkefna og þannig eflt íþróttastarf, menningarviðburði og lýðheilsu hvers konar. „Allt styrkir þetta grunnstoðir samfélagsins,“ bendir hann á.

Fannar tekur fram að þann góða árangur sem hafi náðst megi ekki síst þakka öflugum og hugmyndaríku starfsfólki, sem komi að stórum hluta úr nærsamfélaginu. Það skipti öllu máli við að skapa framúrskarandi upplifun og velliðan gesta Bláa lónsins. „Okkur er annt um hvert annað hér í Bláa lóninu og fyrirtækið leggur áherslu á að öllum líði vel í vinnunni. Þannig tryggjum við best velliðan gesta okkar og sköpum einstakar minningar,“ segir hann.

Innleiðing heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Á síðasta ári greindu fjölmiðlar frá því að Bláa lónið hygðist innleiða heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ganga út á sjálfbæra þróun og krefjast þátttöku allra þjóða og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að öll heimsbyggðin geti lifað við góð og varanleg lífsgæði. Fannar segir heimsmarkmiðin samræmast vel sýn



Bláa lónið býður upp á Lækningalind fyrir fólk með sóríasis, sem er náttúruleg meðferð.



Fannar, sem er gæða- og umhverfisstjóri, bendir á að Bláa lónið hafi veitt fjárhagslega styrki til fjölda verkefna í samfélaginu og þannig eflt íþróttastarf, menningarviðburði og lýðheilsu hvers konar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

”Okkur er annt um hvert annað hér í Bláa lóninu og fyrir-tækið leggur áherslu á að öllum líði vel í vinnunni. Þannig tryggjum við best velliðan gesta okkar og sköpum einstakar minningar.

nákvæmlega markmið fyrirtækisins og árangur fyrri ára, markmið komandi árs og langtímamarkmið á öllum sviðum samfélagslegrar ábyrgðar. Samfélagsskýrslan taki mið af svokölluðum GRI stöðlum, alþjóðlega viðurkenndum stöðlum um miðlun upplýsinga um samfélagslega ábyrgð.

„Við vinnum ávallt að umbótum í rekstri til að uppfylla þarfir og væntingar okkar viðskiptavina, sem eru í stöðugri framþróun,“ segir Fannar.

Hann undirstrikar mikilvægi þess að samfélagið finni og skilji samfélagslegan ávinning af vexti og velgengni fyrirtækja innan þess og það sé á ábyrgð fyrirtækja að koma því til skila. Þess vegna standi Bláa lónið fyrir útgáfu samfélagsskýrslunnar fyrrnefndu. „Ég hvet alla til að kynna sér þessar skýrslur,“ segir hann brosandi og bætir við að hægt sé að nálgast þær á heimasíðu fyrirtækisins, www.bluelagoon.com.

Sumir eru þeirrar skoðunar að samfélagsleg ábyrgð hafi aldrei verið jafn mikilvæg og nú. Er Fannar sammála því?

„Samfélagsleg ábyrgð hefur alltaf verið mikilvæg en með aukinni vitundarvakningu síðastliðinna ára um málefni umhverfislegra og félagslegra þátta þá hefur mikilvægi upplýsingaflæðis og aðgerða í þeim málaflokkum aukist og nú skipta þau orðið jafn miklu máli og efnahagslegir þættir. Þessar meginstoðir samfélagslegrar ábyrgðar hafa einnig mikil áhrif á orðspor og vörumerki fyrirtækja í dag og til framtíðar.“

Fannar segir að Bláa lónið leggi ríka áherslu á að styðja vel við samfélagsleg verkefni og geri það með ýmsu móti.

„Því þannig tryggjum við best blómlega framtíð okkar allra og bætum heilsu og velliðan fólks í sátt við náttúru,“ segir hann og leggur áherslu á orð sín.

Er þetta langtímaverkefni?
Hann kinkar kolli. „Algjörlega, og það er samofið stjórnerfi Bláa lónsins.“ ■

og stefnu Bláa lónsins um að bæta heilsu og velliðan fólks í sátt við umhverfið.

„Fyrirtækið getur svo haft meiri áhrif á sum markmið fremur en önnur og í því skyni hefur það unnið að forgangsroðun aðgerða og vægi markmiða með starfsfólki sínu,“ segir hann.

Hvernig hefur gengið að innleiða þessi markmið og stefnið þið að því að gera enn betur í þessum efnum?

„Eins og ég segi þá hafa áherslur fyrirtækisins síðastliðin ár fallið mjög vel að mörgum þessara markmiða og því hefur innleiðing gengið vel,“ svarar hann, „en til að ná enn meiri árangri höfum við tengt meginmarkmið og áherslur fyrirtækisins fyrir 2022 við heimsmarkmiðin í enn ríkari mæli og munum halda þeirri vinnu áfram á komandi árum.“

Fannar heldur áfram. „Við í Bláa lóninu mætum öll í vinnuna til að auka ánægju, velliðan og heilsu okkar gesta og reynum þannig að hafa jákvæð áhrif á heiminn sem við öll búum í. Ég held að við getum nú verið sammála um að það sé nokkuð sem við þurfum öll á að halda, ekki hvað síst um þessar mundir.“

Stöðugar umbætur

Þá getur Fannar þess að frá 2019 hafi Bláa lónið gefið út árlega samfélagsskýrslu þar sem útlistuð eru



„Við ætlum að taka virkan þátt í að ýta heiminum í átt að sjálfbærni,“ segir Þórólfur Nielsen, forstöðumaður hjá Landsvirkjun.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Loftslagsmál eru orkumál og orkufyrirtæki í heiminum munu leika lykilhlutverk í lausn loftslagsvandans. Til að bregðast við breyttu umhverfi lagðist Landsvirkjun í heildstæða stefnumótun á árunum 2020–2021. Ný stefna fyrirtækisins kjarnar áherslu fyrirtækisins á loftslagsaðgerðir og sjálfbærni í stóru og smáu.

Þórólfur Nielsen, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Landsvirkjun, segir að framtíðarsýn orkufyrirtækis þjóðarinnar sé „sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku“. „Hlutverk okkar er að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegu orkulinda sem fyrirtækinu er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi,“ segir hann. „Úr þessu má lesa að við hjá Landsvirkjun ætlum að taka virkan þátt í að ýta heiminum í átt að sjálfbærni og viljum vanda okkur og gera það á réttan hátt. Við ætlum okkur leiðandi hlutverk við að stuðla að orkuskiptum og kolefnishlutleysi og viljum gera það í eins víðtækri sátt og frekast er unnt við bæði náttúru og menn.“

Ósjálfbær orkunotkun

Þórólfur segir að heimurinn standi á tímamótum og orkunotkun mannkyns sé ósjálfbær. „Rúmlega tveir þriðju af losun gróðurhúsalofttegunda í heiminum koma frá orkuvinnslu vegna brennslu jarðefnaeldsneytis og á því þarf að halda hnattrænni hlýnun innan við 1,5°C og við þurfum að halda betur á spöðunum ef það á að nást. Við þurfum að breyta neysluvenjum okkar, auka orkunýtni, hætta að brenna olíu, kolum og gasi og margfalda hlut endurnýjanlegrar orku.“

Hann segir að Ísland ætli ekki að skila auðu. „Stjórnvöld hafa sett okkur metnaðarfull markmið.

Við ætlum að gera hlutina vel

Við stefnum að kolefnishlutleysi fyrir árið 2040 og að hætta alfarið olíu- og bensinnotkun fyrir sama tíma. Verkefnið snýr fyrst og síðast að bílum, skipum og flugvélum og er stórt og flókið. Við búum þó að dýrmætri reynslu af fyrri orkuskiptum þegar við höfum að nýta mengandi orkugjafa til húshitunar og raforkuframleiðslu og tökum í staðinn að nýta innlenda endurnýjanlega orku. Sú framsýni sem við sýndum á þessum tíma hefur ekki einungis skilað óumdeildum loftslagsávinningi heldur hefur hún einnig byggt ríkulega undir þau lífskjör sem við í dag erum vön. Ísland á raunhæft tækifæri til að verða fyrsta þjóð heims sem er alfarið óháð jarðefnaeldsneyti og um leið alfarið orkusjálfstæð.“

Nýverið skilaði vinnuhópur á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins grænbók um stöðu og áskoranir í orkumálum með vísan til markmiða og áherslna stjórnvalda í loftslagsmálum. Í grænbókinni kemur fram að ef ná eigi þeim loftslagsmarkmiðum sem stjórnvöld hafa sett þá þarf að taka frekari skref í orkuöflun. Þórólfur bendir á að í grænbókinni séu orkuskiptin ein og sér sögð kalla á 16 TWst í aukinni orku fram til 2040 og aukin orkuþörf almennings og atvinnulífs er metin aðrar 8 TWst á því tímabili. „Samanlagt er þetta meira en öll raforkuvinnsla á Íslandi í dag,“ segir hann. „Hver nákvæmlega orkuþörfin verður mun framtíðin ein leiða í ljós. Það sem er þó ljóst er að orkuþörfin er veruleg og orkufyrirtækin munu verða í lykilhlutverki þegar kemur að því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands.“

Þörf á víðtækri sátt

Þórólfur segir blasa við að verkefnið sé stórt. „Það blasir einnig

við hversu mikilvægt það er að ná eins víðtækri sátt og hægt er um hvernig við nálgumst verkefnið,“ segir hann. „Það að flytja okkar losun til annarra landa gerir ekki gagn. Við verðum að feta meðalveg loftslagsaðgerða, náttúruverndar og þess að styðja við lífskjör í landinu. Pólitísk forysta í markmiðasetningu og nálgun okkar Íslendinga á verkefnið er mikilvæg sem aldrei áður. Í þessu tilliti er rétt að minnast á að stjórnvöld hafa gefið út að lög um verndar- og orkunýtingaráætlun verði endurskoðuð frá grunni á kjörtímabilinu með það að markmiði að tryggja nýtingu orkuauðlinda með hagkvæmum og sjálfbærum hætti. Það er von Landsvirkjunar að sú endurskoðaða löggjöf og í framhaldinu vönduð framkvæmd þeirra laga muni hjálpa okkur Íslendingum að byggja undir sem víðtækasta sátt og varða veginn fram á við í góðu jafnvægi loftslagsaðgerða, náttúruverndar, efnahags og lífskjara.“

Ný svið styðja við stefnu

Eins og Þórólfur nefndi í upphafi lagðist Landsvirkjun í heildstæða stefnumótun. Til að styðja við þá stefnu og tryggja að fyrirtækið nái þeim árangri sem að var stefnt voru gerðar víðtækar skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu. „Nýtt svið samfélags og umhverfis var sett á laggirnar til að lyfta betur upp og samræma frekar áherslur fyrirtækisins í þessum málum og situr framkvæmdastjóri sviðsins í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Sviðið styður við aðrar einingar fyrirtækisins í vegferð okkar að enn aukinni samfélagslegri ábyrgð, virkara samtali og samstarfi, grænni rekstri og kolefnishlutleysi. Við gerum okkur fulla grein fyrir því að beislun endurnýjanlegra auðlinda kallar á inngríp í

” Hver nákvæmlega orkuþörfin verður mun framtíðin ein leiða í ljós. Það sem er þó ljóst er að orkuþörfin er veruleg og orkufyrirtækin munu verða í lykilhlutverki þegar kemur að því að ná loftslagsmarkmiðum Íslands.

náttúruna og við ætlum okkur að vanda okkur og gera hlutina vel. Þá ætlum við að vera enn virkari þátttakandi í þeim samfélögum sem við störfum,“ segir Þórólfur.

Hann segir að stefna fyrirtækisins leggi einnig áherslu á skapandi samstarf. Í nýju skipuriti var því orkutengdri nýsköpun búið gott rúm á nýju sviði viðskiptaþróunar og nýsköpunar. „Við höfum þegar stofnað til fjölda samstarfsverkefna um orkutengda nýsköpun sem við erum mjög spennt fyrir en þar má nefna Eim, sem hefur bætt nýtingu orkuauðlinda og aukna nýsköpun í orkumálum á Norðausturlandi að leiðarljósi, Orkideu, sem ýtir undir framgang hátæknimatvælaframleiðslu og líftækni á Suðurlandi með sjálfbæra verðmætasköpun að leiðarljósi, og Bláma, sem stuðlar að nýsköpun og orkuskiptum á Vestfjörðum með áherslu á sjótengda starfsemi. Í þessu tilliti má einnig nefna að Landsvirkjun var á meðal stofnaðila að rannsóknarsetri um sjálfbærni við Háskólann í Reykjavík en setrið sinnir menntun og rannsóknum á nýtingu endurnýjanlegrar raforku og áhrifum hennar

á umhverfi og samfélag, þvert á fræðasvið háskólans.“

Þórólfur segir að hjá Landsvirkjun stefni starfsfólk sifellst að því að bæta sig og ná settum markmiðum. „Því til staðfestingar höfum við tengt fjármögnun fyrirtækisins saman við markmið okkar í sjálfbærni. Þannig er öll fjármögnun fyrirtækisins síðustu ár græn eða sjálfbærnitengd og vaxtakjör á sjálfbærnitengdu lánunum okkar taka mið af skilgreindum markmiðum okkar á sviði sjálfbærni. Við erum sérstaklega stolt af brautryðjendastarfi okkar á þessu sviði en nefna má að við vorum fyrsti útgefandi grænna skuldabréfa á Íslandi árið 2018 og einn af fyrstu útgefendum grænna skuldabréfa á lokaða bandaríska skuldabréfamákaðinum. 27% af allri okkar fjármögnun eru í dag ýmist græn eða sjálfbærnitengd.“

Landsvirkjun er tilbúin fyrir spennandi framtíð. „Undanfarinn áratug eða svo höfum við lagt ríka áherslu á að treysta efnahag fyrirtækisins og höfum náð þeim markmiðum sem við settum okkur,“ segir Þórólfur. „Við höfum aukið við orkuvinnslu fyrirtækisins og bætt nýtingu kerfisins. Við höfum aukið á fjölbreytni viðskipta okkar og endursamið við viðskiptavinum um raforkuverð sem er samkeppnishæft fyrir báða aðila. Þá höfum við greitt niður skuldir og stöndum í dag jafnfætis systurfyrirtækjum okkar á Norðurlöndum hvað varðar aðgengi að fjármagni og lánshæfi. Allt þetta hefur dregið úr áhættu í okkar rekstri og aukið svigrúm okkar, meðal annars til arðgreiðslna og frekari öflunar endurnýjanlegrar orku. Við búum í dag að sterkum efnahag og höfum skýra stefnu í umhverfis- og samfélagsmálum. Við erum því tilbúin að taka að okkur leiðandi hlutverk í vegferð okkar allra að sjálfbærari heimi, knúnum endurnýjanlegri orku,“ segir Þórólfur Nielsen, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Landsvirkjun. ■

MS leggur áherslu á umhverfisvæna framleiðslu

Mjólkursamsalan ein-setur sér að starfa í sátt við umhverfi sitt og náttúru landsins hverju sinni. Með stefnu sinni leitast fyrirtækið við að endurspegla umhverfisvæn sjónarmið í öllum skrefum virðis_keðjunnar og leggja þar með ríka áherslu á bestu umgengni til verndar umhverfinu og náttúru landsins.

Á undanförnum árum hefur MS tekið stór skref í átt að sjálfbærni, með því að draga úr kolefnisspori og hámarka nýtingu hráefna. Asamt því að hafa skipt yfir í umhverfisvænni mjólkurumbúðir og minnkað plastnotkun, hefur fyrirtækið ráðist í stór fjárfestingarverkefni í framleiðsluhluta starfseminnar. „Fyrir tveimur árum tókum við síðustu skrefin í orkuskiptum hjá fyrirtækinu í gufuframleiðslu. Mjólkursamsalan slökkti á síðasta olíukatli fyrirtækisins haustið 2020 og þannig náðum við því markmiði að öll gufa, sem er nauðsynleg til mjólkurvöruframleiðslu, er nú framleidd með endurnýjanlegri orku. Mjólkursamsalan er eina fyrirtækið í mjólkurframleiðslu í heiminum sem nýtir alfarið umhverfisvæna orku í vinnslu á mjólkurafurðum, svo vitað sé,“ segir Margrét Gísladóttir, sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði Mjólkursamsölnunnar.

Etanólframleiðsla af stað í haust
Fyrir fimm árum var tekið risa-



Margrét Gísladóttir, sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði Mjólkursamsölnunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

skref í umhverfismálum tengdum matvælaframleiðslu hér á landi þegar opnuð var ný verksmiðja á Sauðárkróki, Íslenskar mysuafurðir, sem er í eigu Mjólkursamsölnunnar og Kaupfélags Skagfirðinga. „Þá höfum við framleiðslu á próteindufti úr um 50 milljón lítrum af mysu sem áður var ónýtt. „Stefnt er á að etanólframleiðsla úr

mjólkursykri muni einnig hefjast þar með haustinu. Þá erum við í raun farin að fullnýta hráefnið og eina sem verður eftir við framleiðsluna er vatn,“ segir Margrét.

Dregið úr matarsóun
Mjólkursamsalan hefur einnig um árabílagt áherslu á umhverfisvænar umbúðir og endurvinnslu

þeirra. Mjólkurfernur MS eru umhverfisvænustu umbúðir sem völ er á fyrir mjólk og bera 66% minna kolefnisspor en áður. Var Mjólkursamsalan fyrst fyrirtækja sinnar tegundar til að nýta sér þennan vistvæna valmöguleika fyrir alla sína mjólk og það munar um minna, þar sem fyrirtækið þakkar árlega mjólk í 25 milljónir

mjólkurferna. Þá höfum við einnig einbeitt okkur að því að minnka matarsóun og merkjum nú fernurnar okkar „Best fyrir – oft goð lengur“. Matvörur sem eru merktar með „best fyrir“ eru oft í lagi eftir þá dagsetningu, svo lengi sem lýkt og bragð er í lagi og ef varan hefur verið geymd rétt. ■

Ef jörðin væri geimskip

Þá þyrfti hún að hafa sjálfbæra nýtingu og hringrásarhagkerfið að leiðarljósi, segir Eva Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Podium ehf.

„Stærsta breytingastjórnunarverkefni okkar tíma er að tryggja áframhaldandi tilveru okkar á jörðinni, þar sem jafnvægi er á milli lífsgæða og almennrar hagsældar. Þegar fjallað er um hagsæld og lífsgæði þjóða er ekki nóg að horfa eingöngu til efnahagslegra þátta eins og vergrar landsframleiðslu eða hagvaxtar. Mæla þarf aðra þætti sem hafa áhrif á daglegt líf fólks, eins og heilsu, húsnæði, atvinnu, menntun, tekjur og fleira.“ Þetta segir Eva Magnúsdóttir, stofnandi og framkvæmdastjóri Podium ehf.

Eva hefur leitt stefnumótun og innleiðingu stefnu með sjálfbærni að leiðarljósi hjá fjölda fyrirtækja, sveitarfélaga og félagasamtaka frá 2014. Podium veitir stjórnendum ráðgjöf við að auka sjálfbærni í rekstri og stuðst er við alþjóðlega staðla og viðmið, svo sem eins og GRI, UFS, UN Global Compact og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Hagvöxtur á kostnað jarðar
„Ósjálfbær hagvöxtur er ekki góð hugmynd sé hann fenginn á kostnað jarðarinnar. Við þurfum að huga vel að því hvaða áhrif aðgerðir okkar hafa. Hugsum okkur ef jörðin væri geimskip, þá þyrfti hún að vera sjálfbær og það yrði að vera jafnvægi á milli getu geimskipsins til þess að styðja við líf íbúa þess og væntinga þeirra. Þú færir ekki út í búð í miðri geimferð – yrðir annaðhvort að hafa allt til taks eða notast við sjálfbæra nýtingu og hringrásarhugsun um borð. Sjálfbærni og samfélagsleg

ábyrgð hafa úrslitaáhrif á framtíð okkar á jörðinni. Ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklingar þurfa að taka höndum saman og innleiða sjálfbærni í sitt daglega líf. Samvinna er mikilvæg á öllum stigum og gott dæmi er samvinnuverkefni íslenskra stjórnvalda, samráðshópur sem starfandi er á vegum forsætisráðuneytis, og Sambands íslenskra sveitarfélaga um heimsmarkmiðin. Verkefnið er stuðningsverkefni fyrir sveitarfélög um innleiðingu heimsmarkmiðanna og felur meðal annars í sér verkfærakistu um innleiðingu heimsmarkmiðanna. Með slíku samstarfi fá sveitarfélög ráðgjöf og fagþekkingu og styðja hvert við annað.“

Að virkja eða ekki virkja
Eva segir að sem betur fer séu fyrirtæki og mörg sveitarfélög á Íslandi almennt að standa sig vel í sinni sjálfbærnivegferð en að við þurfum saman sem þjóð að taka á stóru málunum sem eru orkuskiptin og innleiðing hringrásarhagkerfisins á öllu landinu. Við þurfum þannig líka að finna þetta jafnvægi á milli náttúruverndar og sjálfbærrar nýtingar á auðlindum jarðar. Það eru stóru málin sem við þurfum að ná sátt um, segir hún. „Að virkja eða ekki virkja.

Ég er svo lánsöm að hafa fengið að fylgja mörgum metnaðarfullum fyrirtækjum og sveitarfélögum á þeirra sjálfbærnivegferð og markmiðasetningu. Vinnustofur þar sem stjórnendur og starfsmenn, kjörnir fulltrúar, skólafólk, börn og unglingar koma saman og ákveða framtíðina, getur verið mikil uppljómun. Þegar unnið er með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna ríkir almenn sátt því það er enginn sérstaklega ósammála um að þau búi til betri heim,“ segir hún.

Sjálfbærni og samfélagsleg ábyrgð hafa úrslitaáhrif á framtíð okkar á jörðinni.

Miðlun og sjálfbærniáhætta
Að miðla því sem vel er gert getur breytt álitum okkar á fyrirtækjum og við höfum val sem neytendur um hvert við beinum viðskiptum okkar. Við þurfum að geta kynnt okkur vel hvernig fyrirtækin standa sig í sjálfbærni miðlun. Lagabreytingar um upplýsingagjöf sjálfbærniupplýsinga, sem boðaðar hafa verið hjá ESB og kynntar, munu að öllum líkindum hafa áhrif hér á landi þegar þær taka gildi. Þannig verður mögulegt að mata inn sjálfbærniupplýsingar í evrópskan gagnagrunn og fyrirtæki verða skylduð til þess að nota sjálfbærni staðla ESB. Lögin ná til stærri hóps fyrirtækja og fyrirtækjunum ber að tilgreina áhrif sín á umhverfi og samfélag og einnig leggja áherslu á sjálfbærniáhættu. Allflest íslensk stórfyrirtæki og einhver minni miðla nú þegar sjálfbærniupplýsingum sínum á mjög skilmerkilegan hátt í skýrslum. Aftur á móti mættu fleiri fara í itarlegri greiningu á sjálfbærniáhættu sinni. Það væri fróðlegt að sjá þannig vinnu ná flugi í framtíðinni, því það myndi leggja grunninn að framtíðarmarkmiðum og enn itarlegri skýrslugjöf. ■

Podium er með skrifstofu í Leirvogstungu 20 í Mosfellsbænum, sími hjá Evu er 858 6301.



Eva Magnúsdóttir rekur ráðgjafarfyrirtækið Podium.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Krístrún Tinna Gunnarsdóttir, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Íslandsbanka.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR


Öll starfsemi Íslandsbanka styður sjálfbærni

Íslandsbanki vill vera hreyfiafl til góðra verka og þessi stefna mótar alla starfsemi bankans, bæði grunnstarfsemi hans og allar hliðar rekstursins. Bankinn vonast til að Ísland verði leiðandi í sjálfbærni og segir að fjármagnseigendur geti haft mikil áhrif með því að styðja sjálfbær verkefni.

„Það eru þrjú ár síðan bankinn fór í mikla stefnumótunavinnu og kynnti í kjölfar hennar nýja stefnu þar sem yfirlýst hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka. Þetta er svo búið að verða hálfgerður tískufrasi síðan og fleiri hafa notað hann, sem er bara frábært, við sjáum að áhuginn á sjálfbærni er að aukast dag frá degi,“ segir Krístrún Tinna Gunnarsdóttir, forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni hjá Íslandsbanka. „En hjá okkur er þetta annars vegar skirskotun í grunnstarfsemi banka, að taka á móti sparnaði og lána hann út til arðbærra og virðis-skapandi verkefna, en svo erum við líka að vísa í aukna sjálfbærni í öllu okkar starfi. Þannig að þetta snýr bæði að því sem við gerum dags daglega og að langtímasýn okkar.

Við leggjum mjög ríka áherslu á að við náum mestum árangri með því að virkja sem flesta starfsmenn bankans. Við erum 700 og þetta er eitt af stærri fyrirtækjum landsins og okkar markmið er að 100% starfsmanna vinni í aukinni sjálfbærni hluta af tíma sínum. Þannig að í stað þess að vera með sérstök stöðugildi sem snúa að þessu eru allir að sinna þessu á sínu sviði,“ útskýrir Krístrún. „Þannig eru þeir sem starfa í innkaupum til dæmis að huga að sjálfbærni í innkaupum og þeir sem eru í útlánum að hugsa um sjálfbærni í verkefnum sem er verið að fjármagna.“

Sjálfbærni er ekki keppni
„Okkur finnst mjög gaman að fá



Lán sem falla undir iðnað og samgöngur ollu 54% af útblæstri bankans en voru ekki nema 6% af heildarútlánnum á þarsíðasta ári. Útblástur vegna húsnaðislána var hins vegar einungis 0,5% af heildarútblæstri en nam 37% af heildarútlánnum. Það sem skilar mestum tekjum er því ekki það sem hefur stærsta kolefnisfótsporið.

mælingar sem sýna að við séum framarlega, til dæmis erum við með hæstu einkunn sem hefur verið gefin í sjálfbærniáhættumatinu hjá Reitum og í fyrra fengum við líka Kuðunginn, umhverfisviðurkenningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, fyrir starf í umhverfismálum út frá því sem við erum að gera með lánasafnið,“ segir Krístrún. „Samkvæmt nýlegri Gallupkönnun á meðal 300 stærstu fyrirtækja landsins voru líka fleiri sem nefndu Íslandsbanka sem leiðandi í sjálfbærni, heldur en alla hina bankana samanlagt. Að sjálfsögðu finnst okkur gaman að það sé tekið eftir því að við séum framarlega í sjálfbærni-málum en við fögnum einnig sjálfbærum skrefum hjá samkeppninni enda er sjálfbærni ekki keppni, við viljum sjá Ísland ná árangri og þar eru fjármagnseigendur og fjármálageirinn í lykilstöðu. Við getum sett pressu og búið til jákvæða hvata sem ýta undir sjálfbærar fjárfestingar. Þannig eru lífeyris-sjóðirnir til dæmis að fara að veita 600 milljörðum í sjálfbær verkefni á næstu árum,“ segir Krístrún. „Við fögnum samkeppni á þessu sviði og viljum sjá Ísland framarlega í sjálfbærnimálum almennt.

Ekki myndi skemma fyrir að sterk ímynd Íslands sem sjálfbærs lands myndi laða að erlent fjármagn í auknum mæli. Það er til mikils að vinna fyrir okkur í þeim efnum og yrði mikil lyftistöng fyrir íslenskt efnahagslíf.“

Hægt að hafa mikil áhrif með lánastarfsemi
„Þetta er kannski svolítil klisja, en sjálfbærni er vegferð. Við erum alltaf að læra meira og fá betri gögn, mælingar og samanburð og setja markið hærra,“ segir Krístrún. „En út frá umhverfismálum hefur rekstur bankans verið kolefnishlutlaus síðan árið 2019 og í fyrra tókum við ákvörðun um að stefna að fullu kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, ekki bara í rekstri, heldur líka í útlánum og fjárfestingum. Við erum nýbúin að klára mælingar á kolefnisspori lána- og eignasafnsins og út frá því vitum við að kolefnisfótspor þess á einum degi er svipað og kolefnisfótspor reksturs bankans á heilu ári. Þetta undirstrikar það sem við vissum, að það eru tækifæri til að vera raunverulegt hreyfiafl og hjálpa viðskiptavinum okkar að ná árangri á þeirri eigin sjálfbærni-

Við fögnum einnig sjálfbærum skrefum hjá samkeppninni enda er þetta ekki keppni.

Krístrún Tinna Gunnarsdóttir

vegferð,“ segir Krístrún. „Það mun krefjast mikilla fjárfestinga að ná markmiðum Íslands í orkumálum. Við tölum mikið um orkuskiptin en þau verða ekki raunveruleg fyrr en búið er að ráðast í fjárfestingar og auka aðgengi að orku svo við getum orðið óháð jarðefnaeldsneyti.“

Ísland í dauðafæri að verða meira leiðandi í sjálfbærni
„Við erum mjög ánægð með hvar við stöndum og stolt af þeirri vegferð sem við höfum verið á. Þegar við berum okkur saman við banka í nágrannalöndunum sjáum við líka að það er stundum styrkleiki að vera lítill banki, við getum brugðist hraðar við og tekið ákvarðanir hraðar, því það er gott aðgengi að stjórnum,“ segir Krístrún. „Okkur finnst því Ísland vera í dauðafæri til að vera þekkt fyrir að vera leiðandi á sviði sjálfbærni. Það hefur gengið vel að auka sjálfbærni í rekstrinum og núna er stóra verkefnið að hafa áhrif út á við og við vorum fyrsti bankinn til að birta fjármálaramma, leikreglur varðandi hvað má kalla sjálfbær útlán, og sá rammi hefur hjálpað okkur að forgangsraða. Eitt af verkefnum er að veita 40 milljörðum til viðbótar í sjálfbær útlán,“ segir Krístrún. „Við finnum líka að það er samkeppni á þessu sviði því fleiri fjárfestar eru að sækja í sömu útlán, sem er bara hið besta mál, því hvatar til fyrirtækja til að fara út í sjálfbærar fjárfestingar eru sannarlega af hinu góða. Á næstunni munum við líka fara í loftið með sjálfbæra banka-

reikninga sem bætast við aðra sjálfbæra sparnaðarmöguleika, en við bjóðum líka upp á grænan skuldabréfasjóð og þrjá erlenda sjóði með sjálfbærniáherslum,“ segir Krístrún. „Við finnum fyrir auknum áhuga á því að láta sparnaðinn ávaxtast vel á sama tíma og krónurnar geta verið hreyfiafl til góðra verka.“

Skortur á gögnum er áskorun
„Ein af áskorunum sem við glímum við er skortur á gögnum. Við erum alltaf að reyna að taka upplýstar ákvarðanir og velja hvar við setjum orkuna og það er sumt sem einfaldlega eru ekki til gögn um á Íslandi. Það kom mér á óvart hvað við vitum lítið um kolefnisfótspor sumra hluta, til dæmis af byggingaframkvæmdum,“ útskýrir Krístrún. „Í mörgum löndum í kringum okkur fær íbúðarhúsnaði ákveðna orkueinkunn og það er vont að ekki sé boðið upp á staðlaðar mælingar á þessu hér. Um leið erum við alltaf að minna okkur á að það þarf ekki að vera fullkomin til að hafa skoðun eða bretta upp ermarnar og grípa til aðgerða. Við þurfum að þora að tala um hvað skiptir máli og vera auðmjúk gagnvart því að þurfa stundum að leiðrétta okkur og vera opin fyrir nýjum upplýsingum,“ segir Krístrún. „Við megum ekki lamast af loftslagskvíða eða láta óvissuna stoppa okkur, enda verður sjálfbærniverkefnið aldrei alveg búið eða fullkomið og við verðum aldrei með öll svör. Eitt af því sem við erum að gera er að veita kúnnum okkar fræðslu og við höldum fræðsluviðburð í haust fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki varðandi að allir geti tekið þátt í sjálfbærniverkefnið. Það þarf ekki að vera stórt fyrirtæki eða með starfsmenn sérstaklega í sjálfbærni til að leggja sitt af mörkum,“ segir Krístrún. „Við finnum að áhugi viðskiptavina er að aukast og margir sækja sér fræðslu.“ ■

Sjálfbærni yfir sjó og land

Sjálfbærni er mikilvægur hluti af fjölbreyttri starfsemi Eimskips. Agla Huld Þórarinsdóttir sjálfbærnisérfræðingur segir verkefnin bæði spennandi og krefjandi.

Agla Huld Þórarinsdóttir er sjálfbærnisérfræðingur hjá Eimskip. Hún tók við starfinu fyrir ári en Agla hefur viðtæka reynslu eftir rúmlega tuttugu ára starfsferil innan fyrirtækisins og þekkir því starfsemina mjög vel.

Agla segir Eimskip vera mjög meðvitað um mikilvægi fyrir-tækisins og ábyrgð.

„Við leggjum okkur fram við að vera til fyrirmyndar og leiðandi í sjálfbærnimálum, bæði gagnvart umhverfi og samfélagi. Við leggjum mikla áherslu á að þekkja þá áhættuþætti sem snúa að sjálfbærni í okkar rekstri og við vinnum markvisst að því að draga úr þeim.“

Verðug markmið í umhverfismálum

Eimskip leggur mikla áherslu á umhverfismál og var fyrirtækið eitt það fyrsta hér á landi til að marka sér umhverfisstefnu.

„Á heimsvísu er talið að milli-landaflutningar beri ábyrgð á um 3 prósentum af öllum útblæstri koltvísýrings (CO2) í heiminum en þó eru flutningar með gámskipum taldir vera einn umhverfis-vænsti flutningsmátinn sem er í boði,“ segir Agla.

„Við höfum fundið fyrir auknum áhuga viðskiptavina á að auka hlutfall sitt í sjóflutningi. Sem dæmi höfum við unnið með fær-eyiskum viðskiptavini í flutningi á ferskum fiski en fyrirtækið færði alfarið vöruflutning sinn yfir í sjóflutning og dró þannig verulega úr kolefnisfótspori sínu án þess að rýra gæði vörunnar.“

Árið 2015 undirritaði Eimskip yfirlýsingu um loftslagsmál sem felur í sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, lágmarka neikvæð umhverfisáhrif með markvissum aðgerðum og mæla árangurinn.

„Við settum okkur það markmið að minnka kolefnisspor okkar um 40 prósent á flutta einingu til ársins 2030. Þetta markmið er undirliggjandi í allri okkar starfsemi og er tekið tillit til þess í ákvarðanatöku í rekstrinum,“ segir Agla.

Eimskip fékk tvö ný skip inn í rekstur sinn árið 2020, Dettifoss og Brúarfoss, sem sérstaklega eru útbúin til að minnka kolefnispor í flutningum. Agla segir það einkar ánægjulegt að sjá bein áhrif nýju skipanna á kolefnisfótspor fyrirtækisins en þegar kolefnisfótsporið á hverja flutningseiningu er skoðað er minnkunin um 18 prósent frá árinu 2015 og hafa skipin sitt að segja í þeirri tölu.

Agla segir Eimskip leggja áherslu á grænar fjárfestingar og að ávallt sé horft til umhverfisþátta við val á nýjum tækjabúnaði.

„Bilarnir sem sölufulltrúar okkar nota hér innanbæjar í Reykjavík eru flestir rafbilar og nýjustu gámalyftararnir okkar eyða 25 prósent minna eldsneyti en eldri tæki. Einnig náðist mikilvægt skref í minnkun kolefnisfótsporsins þegar allir hafnarkranarnir í stærstu höfnum okkar á Íslandi voru rafvæddir. Verkefnið var talsvert flókið og kom fjölmargt starfsfólk að verkefninu auk samstarfsaðila.“

Agla segir eitt af stóru verkefnum fram undan snúa að landtengingu í Sundahöfn en með landtengingu er hægt að leysa af hólmi ljósavélar í nýjustu skipunum þegar þau liggja í höfn. Auk



Agla Huld Þórarinsdóttir er sjálfbærnisérfræðingur hjá Eimskipi.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Við leggjum okkur fram um að vera til fyrirmyndar og leiðandi í sjálfbærnimálum, bæði gagnvart umhverfi og samfélagi.

Agla Huld Þórarinsdóttir

Þess að draga úr kolefnislosun í höfn mun landtengingin einnig hafa jákvæð áhrif á hljóðvist á hafnarsvæðinu og fleiri þætti í starfseminni.

„Með landtengingunni einni reiknum við með að minnka olíunotkun um 160 tonn á ári sem jafngildir 24 hringjum í kringum jörðina á fólsbíl,“ segir Agla.

Eimskip er með starfsemi víða um heim og segir Agla mikilvægt að sjálfbærnivinnan nái alla leið.

„Við leggjum mikla áherslu á að ná utan um kolefnisfótsporið okkar í heild en við höfum náð vel utan um þessi mál hér á landi. Við erum að vinna að mjög skemmtilegu og jafnframt krefjandi verkefni með erlendu skrifstofunum okkar varðandi að ná utan um fótspor þeirra en við erum með starfsemi í 20 löndum svo verkefnið er ansi víðamiklið. Við byggjum á þeirri miklu þekkingu sem við höfum öðlast hér á Íslandi og miðlum henni áfram en löndin eru mislangt komin í þessum málum.“

Á vef Eimskips geta viðskiptavinir fyrirtækisins reiknað út kolefnisfótspor í flutningi með reiknivél en Agla segir það sjálf-sagða þjónustu nú þegar þessi mál eru í slíkum forgangi víða.

„Við höfum þróað lausnir til að auðvelda viðskiptavinum okkur að ná utan um sitt kolefnisfótspor í flutningum. Bæði bjóðum við viðskiptavinum okkar að fá nákvæmt yfirlit yfir sitt kolefnispor í flutningum, á sjó og í akstri innanlands, en einnig er kolefnis-reiknivél á vefnum okkar sem allir geta nýtt sér. Með þessum lausnum viljum við leggja okkar af mörkum til að aðstoða fyrirtæki við að ná



utan um heildarmyndina í sínum rekstri.“

Öryggi og velliðan starfsmanna í fyrirrúmi

Agla segir einn af mikilvægustu þáttum starfsemi Eimskips vera öryggi og velliðan starfsmanna.

„Við leggjum mikla áherslu á forvarnir og þjálfun starfsfólks og reglulega fara fram öryggisæfingar. Nýverið höldum við öryggisviku þar sem heil vika var tileinkuð öryggismálum en í þeirri viku voru haldin námskeið, til dæmis varðandi eldvarnir og skyndihjálp, og einnig sameiginleg æfing með Landhelgisgæslunni í björgun á sjó.“

Það er að mörgu að huga varðandi öryggis- og forvarnamál hjá fyrirtæki eins og Eimskip en Agla nefnir sem dæmi að nýlega var fjárfest í nýjum slökkvibúnaði til að slökkva elda í gámum um borð í skipum fyrirtækisins.

„Þetta er mjög sérhæfður búnaður en allt er þetta gert með öryggi áhafna okkar og skipa að leiðarljósi,“ segir Agla og bætir við að nú sé unnið að því að setja upp kerfi til að auðvelda starfsfólki að koma sjálft með tillögur að umbótum í öryggismálum hvar

sem er í starfsemi Eimskips.

Í tæp tvö ár hefur starfsfólki í höfuðstöðvum Eimskips verið boðið upp á verkefnamiðað vinnuumhverfi þar sem starfsfólk getur valið sér vinnuaðstöðu sem hæfir verkefnum hverju sinni en Agla segir Eimskip hafa lagt upp með fjölbreyttar áherslur til að auka velliðan starfsfólks.

„Við kynntum meðal annars verkefni sem kallast „Focus Friday“ en markmiðið er að draga úr fundarsetu á föstudögum og gefa starfsmönnum aukid tækifæri til að einbeita sér að einstökum verkefnum og halda inn í helgina með hreint borð. Þá eru jafnréttismál okkur afar hugleikin og við þurfum að horfa á þau út frá mörgum sjónarhornum. Við erum svo lánsöm að hér starfar margbreytilegur hópur starfsfólks og við horfum á jafnrétti frá mörgum hliðum öðrum en kyni og þjóð-erni.“

Öllum áskorunum fylgja tækifæri

„Það er okkur mikilvægt að vera til fyrirmyndar í samfélaginu og við viljum vera þátttakendur í þeim breytingum sem eru fyrirsjáanlegar í framtíðinni,“ segir Agla. „Til að ná markmiðum okkar

varðandi minnkun kolefnisfótspors er nauðsynlegt að horfa til orkuskipta, en við erum að vinna að lausnum í þessum málaflokki til framtíðar. Þegar litið er til innanlandsflutninga er um að ræða fjölbreytta framtíðarkosti eins og vetni, rafmagn og metan. Varðandi skipin þá er metanól komið lengst í þróun en einnig koma til greina orkugjafar eins og vetni eða ammóníak. Á þessari vegferð þarf að svara stórum og mikilvægum spurningum; hvornig munu innviðir þróast og verður næga græna orku að fá á viðráðanlegu verði?“

Agla tekur dæmi og segir vélar í stærstu skipum Eimskips með afl sem jafngildir um 20 megavöttum á hvert skip og því má sjá að orkuþörfin er gríðarleg.

„En við erum spennt að takast á við þessar áskoranir þrátt fyrir að verkefnið sé gríðarlega víðamiklið. Öllum áskorunum fylgja tækifæri og við ætlum okkur að taka fullan þátt í þeim breytingum sem eru í vændum,“ segir Agla að lokum. ■

Höfuðstöðvar Eimskips eru á Sundabakka 2 í Reykjavík. Sími 525 7000. Sjá nánar á eimskip.is

Hvetja til vistvæns ferðamáta

Verkfræðistofan Verkís leggur mikla áherslu á sjálfbærni í öllu sínu starfi. Sérstök áhersla er lögð á vistvænar samgöngur og nýlega fékk fyrirtækið platínum-vottun Hjólafélagsins.

Vistvænar samgöngur hafa alltaf verið hluti af sjálfbærnistefnu Verkís, að sögn Elínar Vignisdóttur, landfræðings og ráðgjafa í sjálfbærni.

„Þegar við fluttum höfuðstöðvarnar okkar í Ofanleiti 2 árið 2013 var strax ákveðið að gera mikið fyrir hjólaðafólk. Það er stefna fyrirtækisins að auðvelda starfsfólki að komast til vinnu á vistvænan hátt,“ segir hún.

„Við höfum góða aðstöðu fyrir fólk sem kemur hjólandi í vinnuna. Hér er góð hjólageymsla sem við köllum Hjólahöllina, þar er líka hægt að skipta um föt og þurrka af sér. Við keyptum nýlega tvö rafhjól sem starfsfólk getur prófað í viku og viku í einu til að komast til og frá vinnu. Það er ekki komin reynsla á það en það er okkar von að það verði til þess að fleira starfsfólk velji rafhjól sem ferðamáta.“

Verkís fékk í janúar platínum-vottun Hjólafélagsins. Það er vottun sem fyrirtæki geta fengið ef vinnustaðurinn er svo útbúinn að allir sjá að þangað er best að koma á hjóli, gangandi eða í strætó, hvort sem það eru gestir eða starfsfólk.

„Við söfnum stigum fyrir aðstöðuna og fyrir viðleitni til að hvetja starfsfólk og gesti til að nota vistvænar samgöngur,“ segir Elín.

„Það var líka einn af þáttunum sem voru hafðir í huga þegar verið



Elín Vignisdóttir, landfræðingur og ráðgjafi í sjálfbærni hjá Verkís.

FRÉTTABLAÐID/
EYÞÓR

var að velja nýtt húsnæði fyrir höfuðstöðvarnar að vera staðsett miðsvæðis. Þannig þarf ekki að fara langt til að sækja ýmsa þjónustu.“

Auk rafhjólanna á Verkís rafbíla sem starfsfólk getur fengið til afnota, þurfi það að skreppa frá vegna verkefna eða sinna einkaerindum á vinnutíma.

„Þessum bílum er alltaf að fjölga. Við erum núna með þrjá 100% rafmagnsbíla og nokkra Hybrid bíla. Það er stefna hjá okkur að fjölga rafbílunum,“ upplýsir Elín.

Sjálfbærni í verkefnum

Elín segir að hjá Verkís ríki skilningur um mikilvægi þess

að aðstoða viðskiptavinina við að verða sjálfbærari og draga úr umhverfisáhrifum þeirra.

„Þau mannvirki sem verið er að byggja í dag verða í notkun næstu 100 árin og það skiptir máli að hugsa um þau áhrif sem þau hafa. Við erum alltaf að innleiða meiri sjálfbærni í okkar verkefnum. Við höfum verið að draga úr umhverfisáhrifum en á sama tíma höfum við reynt að hámarka jákvæð áhrif,“ segir hún.

„Við höfum verið að þróa matstæki sem auðveldar verkefnastjórum að meta sjálfbærni í sínum verkefnum, sem þeir geta nýtt sér strax frá upphafi. Tækið auðveldar starfsfólki að koma hug-

myndafræðinni um sjálfbærni inn í verkefnin.“

Við þróun þessa matstækis voru heimsmarkið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun nýtt, þar sem talið er að þau kortleggi alla þætti sjálfbærni mjög vel.

„Sjálfbærni er svo víðfeðm og nær til marga þátta. Flestir þekkja heimsmarkmiðin því þau eru svo vel kynnt og með því að nota þau er auðvelt fyrir fólk að skilja hvað er átt við þegar við ræðum um sjálfbærni. Með því að nota matstækið geta verkefnisstjórar skoðað hvaða heimsmarkmið geta átt við í þeirra verkefni. Og hvar tækifæri eru til að gera betur,“ útskýrir Elín.

„Þetta nýja töl gefur okkur líka tækifæri til að nálgast verkkaupa. Við getum rætt við verkkaupann um hvaða markmið sem snúa að sjálfbærni skipta hann mestu máli og hvernig hægt er að ná þeim á sjálfbæran hátt í verkefninu. Það er hluti af okkar sjálfbærniráðgjöf.“

Reikna kolefnisspor af ráðgjafarvinnu

Elín segir að Verkís sé einnig farið að bjóða verkkaupum að þau reikni kolefnissporið af sinni ráðgjafarvinnu. Það er metið út frá stærð og umfangi verkefna og verkkaupar geta fengið niðurstöðuna afhenta til að átta sig betur á sinni stöðu.


„Við erum ekki bara að gefa upp einhverja tölu heldur skoða hvernig megi draga úr henni. Verkefnastjórinn getur til dæmis skoðað hvort hægt sé að fækka ferðum ef mikið er um ferðir í verkinu, eða hvort hægt sé að ferðast á annan hátt sem hefur minni umhverfisáhrif,“ segir hún.

„Við veitum alls kyns ráðgjöf varðandi sjálfbærni og hvernig verkkaupar geta minnkað umhverfisáhrif í verkefnum. Til þess höfum við til dæmis notað lífferilsgreiningar og samtöl við hönnuði.“

Elín segist finna það að fólk er mun meðvitaðra í dag um umhverfismál en þegar hún hóf störf fyrir Verkís fyrir 14 árum.

„Fólk er meðvitaðra um að draga úr kolefnisspori. Það eru fleiri og fleiri sem sjá nauðsyn þess að draga úr áhrifum sínum á umhverfið.“ ■

VIÐ BYGGJUM UPP SAMFÉLÖG



ÞEKKING Í VERKI Í 90 ÁR

Traustir innviðir, byggðir upp í sátt við umhverfi og náttúru, einfalda okkar daglegu athafnir og gera líf okkar betra. Að baki uppbyggingunni liggur dýrmæt sérþekking, stöðugt mat og ómæld vinna færustu sérfræðinga.

Saga okkar er samofin uppbyggingu íslensks samfélags undanfarin 90 ár.



Tímasparnaður, tilbúin ferli og leiðbeiningar á mannamáli

BravoEarth vefkerfið býður fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum upp á nýja og ferska nálgun við innleiðingu verkferla sem stuðla að sjálfbærum rekstri. Vefkerfið byggir á þeirri hugmyndafræði að með mörgum litlum skrefum sé hægt að gera stór-kostlega hluti.

Eftir að hafa staðið að uppbyggingu Mentors, sem er fyrirtæki sem margir þekkja, ákvað Vilborg Einarsdóttir fyrir rúmum þremur árum að söðla um og færa sig yfir í umhverfisgeirann. „Ég stofnaði fyrirtækið BravoEarth sem hefur það að markmiði að auðvelda fyrirtækjum að koma umhverfis- og sjálfbærnistefnu í framkvæmd. Fram undan á markaðnum eru miklar breytingar þar sem fyrirtæki eru í auknum mæli að endurskoða sinn rekstur og stefnu út frá sjálfbærni. Það er því mjög spennandi að koma fram með nýja lausn sem auðveldar stjórnendum þetta mikilvæga verkefni.

Með mér í teymi eru Mats Rosenkvist, frumkvöðull í Svíþjóð, og Kjartan Sigurðsson, sem er með doktorsgráðu á sviði samfélagslegrar ábyrgðar. Forritun og rekstur BravoEarth kerfisins er hjá fyrirtækinu Derventio solutions í Englandi. Okkar markmið er að

gera sjálfbærni og loftslagsmálin aðgengileg og einfalda ferlið við þessi mikilvægu og vandasömu verkferli. Framtíðarsýn BravoEarth er að byggja upp alþjóðlegt fyrirtæki með lausn sem er leiðandi á sínu sviði, notuð í þúsundum fyrirtækja í Evrópu, sem vinna í átt að sjálfbærni sér og jörðinni til heilla,“ segir Vilborg.

Ný og fersk nálgun

BravoEarth kemur, að sögn Vilborgar, fram með nýja nálgun á markaðnum. „Vefkerfið BravoEarth er þegar í notkun hjá fyrstu viðskiptavinunum með góðum árangri. Fram undan eru spennandi nýjungar sem henta litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem stefna að sjálfbærni. Við leiðum þau áfram skref fyrir skref við mótun og innleiðingu sjálfbærnistefnu og undirbúning við að birta UFS sjálfbærniskýrslu með sérstakri áherslu á loftlagsstefnu og greiningu á loftslagstengdri áhættu og tækifærum.

Mæling á kolefnisspori fer fram hjá Klöppum grænum lausnum eða með öðrum aðferðum, eins og með hjálp Loftslagsmælis Festu, en við styðjum við aðra þætti sjálfbærninnar, það er greiningar, stefnur, markmið og aðgerðir. Við bjóðum einnig upp á ítarlegar leiðbeiningar sem eru aðgengi-



Vilborg segir að í BravoEarth sé búið að leggja stígin fyrir stjórnendur. Þeir sem vinna að sjálfbærnimálum geta fylgt leiðbeiningum skref fyrir skref við innleiðingu á UFS sjálfbærnistefnu, Heimsmarkmiðunum eða loftslagseftirlits.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

legar inni í vefkerfinu. BravoEarth kerfið nýtist einnig mjög vel þegar unnið er með sjálfbærniráðgjöfum eins og sérfræðingum hjá EY.“

Kostirnir felast í skrefunum

Miklir kostir fylgja því fyrir stofnanir og fyrirtæki að nýta BravoEarth. „Tímasparnaður, tilbúin ferli og leiðbeiningar á mannamáli eru nokkrir af helstu kostunum. Fyrirtæki vita oft og tíðum ekki hvað þau eiga að gera og stjórnendur hafa ekki tíma til að sökkva sér í málefnið. Það er mikill kostur að hafa allt á einum stað í skipulögðu kerfi. Það er mikið af upplýsingum úti um allt á netinu en það tekur tíma að safna þeim saman, greina og finna rétta stígin. Í BravoEarth kerfinu er búið að leggja stígin og stjórnendur og þeir sem vinna að

sjálfbærnimálum geta fylgt leiðbeiningum skref fyrir skref, hvort sem unnið er með heimsmarkmiðin, við innleiðingu á UFS sjálfbærnistefnu eða við innleiðingu loftslagseftirlits.

Með öðrum orðum, þá finnur notandi tilbúin matsform í BravoEarth kerfinu fyrir greiningar eins og mikilvægis-, ferla- og áhættugreiningar sem leggja grunn að mótun sjálfbærnistefnu og forgangsroðun. BravoEarth leiðir notanda áfram við gerð sjálfbærnistefnu, en alls eru níu undirstefnur sem tengjast UFS staðlinum, eins og loftslagsstefna, mannréttindastefna og birgjastefna. Til að koma stefnu í framkvæmd þarf að setja markmið. Þú getur brotið sjálfbærni-markmið niður í aðgerðir, útteilt

ábyrgð, skráð tíma og skilgreint viðmið um árangur. Allt er sett upp á skýran hátt og einfalt er að fylgjast með framvindu og kalla fram skýrslur.

Við höfum einnig verið að kynna BravoEarth sem lausn fyrir sveitarfélög til að halda utan um loftslagsstefnu og innleiðingu á heimsmarkmiðunum í samstarfi við Evu Magnúsdóttur í Podium, sem er mjög spennandi verkefni. Kerfið gerir verkefnið skilvirkara og sparar tíma varðandi utanumhald og skýrslugerð.“

Sjálfbærni er framtíðin

„Það er jákvætt að mörg fyrirtæki kjósa nú þegar að innleiða sjálfbærni og stefna að kolefnishlutleysi, enda er það mikilvægt, bæði til að berjast gegn hlýnun jarðar og til að tryggja rekstrarárangur. En fram undan eru ESB reglugerðir sem skylda fyrirtæki og stofnanir til að birta sjálfbærni-skýrslur. Staðlar sem eru í þróun byggja meðal annars á umhverfis- og félagslegum þáttum og stjórna-háttum og mati á loftslagstengdri áhættu og tækifærum. Í dag þurfa aðeins stórfyrirtæki að skila þessum skýrslum en þau þrýsta nú þegar á sína birgja (lítill og meðalstór fyrirtæki) að birta sjálfbærni-skýrslur að auki.

En það eru einnig mikil tækifæri fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum að taka forystu í þessum efnum og þar kemur BravoEarth inn með skýra ferla og þekkingu. Þess má geta að BravoEarth fékk veglegan nýsköpunarstyrk hjá Íslandsbanka til að útfæra og auðvelda stjórnendum fyrirtækja og stjórnnum að halda utan um og meta loftslagstengda áhættu og tækifæri með hliðsjón af TCFD staðlinum. Næsta skref hjá okkur er að gera ítarlegar leiðbeiningar og matsform sem auðveldar þessa vinnu.“ ■

Nánari upplýsingar: bravo.earth/is

Með skipulagi má byggja sjálfbærar borgir

Andrea Kristinsdóttir er 33 ára skipulagsfræðingur hjá VSO ráðgjöf. Hún segir tækifærin firnamörg, til að mynda þegar kemur að því að stuðla að sjálfbærni í borgaskipulagi á Íslandi.

jme@frettabladid.is

Margt má gera til að stuðla að sjálfbærni borga og fyrsta skrefið felst í góðu skipulagi. Andrea lærði landfræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist úr meistaranámi í skipulagsfræði í Aalborg Universitet 2015. „Ég hef einnig réttindi til að votta samkvæmt BREEAM communities kerfinu. BREEAM er alþjóðlegt umhverfissvottunar-kerfi fyrir skipulag og byggingar sem er ætlað að auka sjálfbærni uppbyggingar. Mitt starf snýr að gerð skipulagsáætlana, aðalskipulagi, deiliskipulagi og breytingum á þeim, umhverfismati áætlana og fleiru. Innan þessara verkefna koma síðan upp fjölbreytt viðfangsefni sem snúa að samgöngumálum, mati á flóðahættu, staðarvalsgreiningu, og ýmiss konar umhverfispáttum,“ segir Andrea.

Sjálfbærni gegnumgangandi

„Það er ekki svo langt síðan fólk byrjaði almennt að þæla í sjálfbærni byggðar og hingað til hafa praktísk sjónarmið aðallega verið uppi á borðinu. Í dag er krafan um umhverfismál og sjálfbærni orðin háværi. Krafan um umfjöllun um umhverfisáhrif sem og um gagnsæi og vandað samráð er það einnig,“ segir Andrea. „Hugmyndafræði sjálfbærni á að vera gegnum-



gangandi í öllum verkefnum. Það er jákvætt að í flestum tilfellum í dag eru verkkaupar jákvæðir gagnvart lausnum sem draga úr umhverfisáhrifum og auka sjálfbærni.“

Skipulag öflugasta verkfærið

„Skipulagsgerð er eitt af öflugustu tækjum sem sveitarfélög hafa í verkfærakistunni til að hafa jákvæð áhrif á sjálfbærni byggðar og loftslagsmál almennt. Skipulagið nær þá yfir fyrirkomulag byggðar, samgöngur, gæði umhverfisins og aðgengi að þjónustu sem við nýtum daglega. Til þess að vinna í átt að sjálfbærni er annars vegar mikilvægt að gera áætlanir og setja skilmála sem draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Hins vegar þarf að aðlaga byggð að loftslagsbreyt-

ingum. Skipulag skapar umgjörð um daglegt líf okkar, hvaða tækifæri við höfum til að uppfylla þarfir okkar og hefur mikið að segja um áhrif okkar á umhverfið.

Mitt starf hjá VSO felst meðal annars í ráðgjöf við ákvarðanatöku um staðsetningu starfsemi með tilliti til aðgengis eða vegna áhrifa starfsemi á nágrenni. Það er til dæmis mikilvægt að fjölsótt starfsemi sé ekki staðsett þannig að hún sé óaðgengileg, heldur frekar á svæðum þar sem samgöngur eru góðar og tíðar. Það dregur úr ferðaþörf og takmarkar notkun á einkabílnum, sem er jákvætt út frá umhverfissjónarmiðum.

Hvað varðar aðlögun að loftslagsbreytingum er okkar hlutverk til dæmis að setja stefnu og

skilmála um hvernig við byggjum með tilliti til flóðahættu, hættu á skriðuföllum og annars konar náttúruvá. Á lágsvæðum þarf til dæmis að gera ráðstafanir til að tryggja öryggi fólks og huga að því að ný mannvirki séu staðsett eða hönnuð þannig að þau skemmist ekki í flóðum. Einnig þarf að skoða hvernig er æskilegt að nýta land til að draga úr losun eða binda kolefni. Það er mikilvægt að fá réttar og áreiðanlegar upplýsingar því mat losunar fer eftir tegund lands og aðstæðum á hverjum stað.“

Sjálfbær Reykjavík

Andrea segir að það sem stuðli helst að sjálfbærni borgar sé samvinnun ferðamáta og samspil áfangastaða og samgangna. „Í Kaupmannahöfn

er þetta leyst með sterkri hjóla-menningu og öflugum kerfi almenn-ingssamgangna. Mér þykir Reykjavík vera að standa sig vel í að auka sjálfbærni. Borgin er á réttri leið en á auðvitað langt í land til þess að geta talist sjálfbær. Þá þykir mér áhersla borgarinnar á fjölbreytta samgöngumáta, hágæða almenn-ingssamgöngur og hjóltreiddaáætlun, vera þættir sem eru líklegir til að auka sjálfbærni borgarinnar. Einnig er áhersla borgarinnar á þetta og blandaða byggð innan vaxtar-marka mikilvægur þáttur í að auka sjálfbærni.

Hugmyndafræðin um fimmtán mínútna hverfi vegur þar einnig þungt, því það stuðlar að sjálfbærni að fólk geti sinnt daglegum erindum sínum gangandi eða hjólandi í nágrenni við heimili sitt. Sjálf bý ég í Vesturbæ Reykjavíkur, sem að mínu mati uppfyllir margar af þeim kríturum sem eru á bak við sjálfbærnihugsjónina. Þetta er fimmtán mínútna hverfi, aðgengi að samgöngum er almennt gott, vegalengdir eru stuttar og auðvelt að hjóla. Það er hægt að sinna daglegum erindum að stórum hluta án einkabilsins.

Einnig þykir mér áhugaverð og spennandi nálgun í nýju aðalskipulagi Reykjavíkurborgar þar sem kostnaður við rekstur einkabils er skoðaður í samhengi við húsnæðis-kostnað, en húsnæði og samgöngur eru auðvitað tvær hliðar á sama peningnum. Það hefur vantað upp á að það sé tekið inn í reikninginn hversu mikill tími og peningur fer í að keyra til dæmis úr úthverfi á þjónustusvæði. Þetta finnst mér vera flott nálgun.“ ■



Krístrún Ósk Karlsdóttir, umhverfisfulltrúi IKEA, segir að fyrirtækið hafi sýnt það í verki siðastliðna áratugi að samfélagsleg ábyrgð skipti það máli. MYNDIR/ADSENDAR

Látum verkin tala

Allir birgjar og rekstraraðilar sem IKEA starfar með þurfa að fylgja ströngum siðareglum varðandi umhverfis- og vinnuvernd og samfélagsábyrgð og fyrirtækið hvetur viðskiptavinum til að velja sjálfbærar vörur. IKEA á Íslandi starfar eftir alþjóðlegum stefnum IKEA, en nýtir líka innlend tækifæri til að sýna samfélagsábyrgð í verki.

„Við erum meðvituð um stærð okkar og þau áhrif sem við getum haft og viljum nýta þau á jákvæðan hátt. Siðastliðna áratugi hefur IKEA hérlandis og erlendis mótað sínar eigin stefnur og fengið vottanir á hráefni og ferlum, til að sýna það í verki að samfélagsleg ábyrgð skiptir okkur máli. Við viljum vera hluti af lausninni, finna hagkvæmar og einfaldar leiðir fyrir sem flesta til að lifa sjálfbærara og heilsusamlegra lífi,“ segir Krístrún Ósk Karlsdóttir, umhverfisfulltrúi IKEA.

Aðfangakeðjan er grunnur að sjálfbærni
„Til að auðvelda okkur að ná markmiðum er grundvallaratriði að birgjarnir og vörðskedjan hafi verkfæri til að vinna eftir. Fyrir um 20 árum mótaði IKEA siðareglur fyrir birgja, IWAY, sem stendur fyrir IKEA Way og lýsir kröfum varðandi umhverfis- og vinnuvernd sem við ætlumst til að birgjar okkar standist, auk leiðbeininga um starfshætti sem mælt er með þegar unnið er fyrir IKEA.“
Siðareglurnar eru taldar vera einar af ströngustu siðareglum birgja í heiminum og áhrif þeirra eru heilmikil því um 600 þúsund einstaklingar í yfir 50 löndum starfa hjá birgjum sem eiga í beinum viðskiptum við IKEA. Þá starfa milljónir til viðbótar hjá þeirra birgjum. „IConduct eru svo siðareglur rekstraraðila sem þarf

að uppfylla og skoða árlega. Þær snúa að vöruúrvali, fólki og samfélögum, umhverfismálum, heilsu og öryggi, viðskiptasiðareglum og upplýsingagjöf. Við skoðum okkar birgja samkvæmt siðareglunum en markmiðið er að eiga einungis í viðskiptum við ábyrga aðila sem standast kröfur IWAY og IConduct,“ segir Krístrún.
Árið 2019 hlaut IKEA, fyrst fyrirtækja á Íslandi, AEO-vottun sem viðurkenndur rekstraraðili. „Þetta er alþjóðleg gæðavottun sem felur í sér að fyrirtæki er talið vera öruggur hlekkur í aðfangakeðjunni.“ Vottunin staðfestir það að fyrirtækið tileinkar sér ábyrga tollmeðferð og uppfyllir kröfur um alþjóðlega vöruflutninga. „Það er því óhætt að segja að við höfum tryggt aðfangakeðu okkar frá upp- hafi til enda.“
Hringrásar-IKEA
Á heimsvísu er IKEA að taka breytingum. „Það er verið að endurhugsa hjá IKEA allt frá vöruhönnun til framleiðslu, hráfnisvals, flutninga, sölu og hvernig við lokum hringrásinni og drögum úr soun. Við erum að taka skref í átt að hringrásar-IKEA sem hefur í för með sér jákvæð áhrif fyrir fólk og jörðina.“
Að sögn Krístrúnar er það mikilvægur hluti af þessari breytingu að upplýsa viðskiptavinum og veita innblástur. „Við viljum hvetja fólk til að velja sjálfbærara hráefni eða vörur með sjálfbærari eiginleika. Siðastliðna mánuði hefur verið lögð mikil áhersla á að gera sjálfbærari vörur og upplýsingar um þær sýnilegri, en við teljum að það hafi ekki einungis áhrif á val viðskiptavina hjá okkur, heldur hafi það í för með sér að fólk fari með hugsunina lengra, á aðra staði og skapi jafnvel samræður um umhverfismál. Við viljum með þessu hafa áhrif og sýna gott for-dæmi.“



Hjá IKEA er lögð mikil áhersla á að draga úr soun á ýmsan hátt.

Samstarf sem dregur úr úrgangi
„IKEA á Íslandi starfar að sjálfsögðu eftir stefnum IKEA á alþjóðavísu, en hefur einnig sína eigin stefnu hér á landi sem hefur mótað af þróun og möguleikum í samfélaginu. Eins og fleiri fyrirtæki hérlandis skrifaði IKEA undir loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar fyrir nokkrum árum og hefur síðan þá mælt losun með kerfi Klappa og greint frá upplýsingum í umhverfisskýrslu til að sýna fram á samfélagsábyrgð í verki. „Verkefnin hafa verið af ýmsum toga, eitt af þeim stærstu voru líklega hleðslustæðin, en fyrir framan verslunina eru 60 hleðslustæði sem viðskiptavinir og starfsmenn geta nýtt sér. Í janúar höfum við samstarf við frumkvöðlafyrirtækið Plastplan sem endurnýtir plastúrgang IKEA og kemur til með að hanna úr því nýtsamlega hluti, það verður gaman að sjá hvað kemur út úr því.“

Samfélagsábyrgð í forgangi
„Þó svo að ýmislegt hafi gengið á í heiminum siðastliðin ár og enn ríki töluverð óvissa, þá er mikilvægt, og jafnvel mikilvægara en áður, að missa ekki dampinn og setja samfélagsábyrgð í forgang. Það er mikilvægt að vera sífellt á varðbergi, vera opin fyrir nýjum aðferðum og hugmyndum og láta verkin tala,“ segir Krístrún að lokum. ■



Allir birgjar og rekstraraðilar sem vinna með IKEA þurfa að standast strangar siðareglur.



IKEA hvetur fólk til að velja sjálfbærara hráefni eða vörur með sjálfbærari eiginleika.



IKEA vill finna hagkvæmar og einfaldar leiðir fyrir sem flesta til að lifa sjálfbærara og heilsusamlegra lífi.



Siðastliðna mánuði hefur verið lögð mikil áhersla á að gera sjálfbærari vörur og upplýsingar um þær sýnilegri.



Jón Þórir Þorvaldsson er umhverfisverkfræðingur og verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála á fagsölusviði Húsasmiðjunnar.

MYND/M.FLÓVENT

Síaukin áhersla á umhverfisvernd og ábyrgan rekstur

Húsasmiðjan hefur unnið að því að minnka umhverfis-áhrif af rekstri sínum og vörunum sem eru seldar, á undanförmum árum. Það hefur náðst mjög mikill árangur við að minnka kolefnisfótspor, bjóða upp á umhverfisvænni valkosti í verslunum og rafvæða viðskipti til að minnka pappírsnotkun en það stendur til að gera mun meira.

„Við vinnum eftir nokkrum föstum stefnum sem heyra undir sjálfbærni. Við vinnum eftir formlegri umhverfisstefnu, formlegri mannauðsstefnu, erum með jafnlaunavottun og leggjum áherslu á jafnrétti kynjanna, ásamt því að hafa ákveðin leidarljós og kjarnagildi. En við erum ekki enn komin með formlega sjálfbærnistefnu,“ segir Jón Þórir Þorvaldsson, umhverfisverkfræðingur og verkefnastjóri umhverfis- og samfélagsmála á fagsölusviði Húsasmiðjunnar. „Hún er samt í vinnslu og eins og sést, komin að hluta, svo við erum nú þegar að vinna eftir henni að nokkru leyti.

Ég tók við þessari nýju stöðu 1. september og þurfti að setja mig inn í þetta starf og átta mig á hvar við værum stödd, hvernig fyrirtækið og boðleiðir innan þess virka, hvernig sé best að nýta stöðuna, hvar ég nýttist best í fyrirtækinu og hver séu helstu forgangsatridin,“ segir Jón. „Við erum svo líka að vinna að því að uppfæra þær stefnur sem við erum að vinna eftir.“

Góður árangur í umhverfismálum
„Húsasmiðjan býr svo vel að við

höfum sérstaklega góða aðstöðu til að taka við hráefnum erlendis frá, en skipin sem flytja þau leggja að fyrir utan vörulagerinn okkar, svo það þarf ekki að hlaða efninu á bíla og flytja það frá skipum á vörulager og dreifa svo þaðan, heldur fer þetta bara beint inn,“ útskýrir Jón. „Þó að þetta virki kannski ekki eins og mjög stórt atriði minnkar þetta kolefnisfótsporið gríðarlega mikið á hverju ári.

Við höfum líka mælt kolefnisspor fyrirtækisins inn á við í nokkur ár í samstarfi við Klappir og stefnum á að gefa út eigin sjálfbærnisráðgjafir. Kerfi Klappa fylgist með kolefnislosun, rafmagnsnotkun, vatnsnotkun, magni úrgangs og hlutfalli flokkaðs úrgangs, jarðefnaeldsneytisnotkun ásamt fleiru,“ segir Jón. „Við höfum lækkað mælda heildarlosun koltvísýringsígilda frá starfseminni um 16% frá árinu 2019 með ýmsum aðgerðum. Við notum til dæmis næstum eingöngu rafmagnslyftara í dag og erum sífellt að auka hlutfall flokkaðs sorps sem fer frá okkur. Við förum líka að vinna í að skipta yfir í LED-ljós, sem kostaði sitt upphaflega en er fljótt að borga sig í rekstrarkostnaði því það eru miklu skilvirkari perur. Við förum líka að slökkva á tækjum og kerfum á nóttunni sem var óþarfi að hafa í gangi, sem munar miklu.“

Enn þá hægt að gera meira
„Við höfum staðið okkur ágætlega í því að mæla kolefnisfótsporið en til að fá betri heildarmynd af kolefnislosun þurfum við að bæta við meiru af því sem fellur undir það sem er kallað umfang þrjú, en það er sem sagt kolefnisfótspor vegna flutninga á birgðum til og

Við höfum lækkað mælda heildarlosun koltvísýringsígilda frá starfseminni um 16% frá árinu 2019 með ýmsum aðgerðum.

Jón Þórir Þorvaldsson

frá fyrirtækinu, ferða starfsmanna til og frá vinnu og annars sem hefur ekki beint með reksturinn að gera,“ segir Jón. „Við erum að skoða hvað sé raunhæft að byrja að mæla og taka með í reikninginn þannig að við getum sýnt áreiðanlegar tölur. Við bættum til dæmis flugi starfsmanna inn fyrir árið 2021, það var ekki stór hluti af heildarlosun en þetta er hluti af því að sýna ábyrgð og fylgjast betur með því sem fellur í þennan flokk. Við stefnum á að bæta fleiri þáttum við á næstunni.

Ég verð líka með föst námskeið varðandi umhverfismál fyrir starfsmenn þar sem áherslan verður á að vera hvetjandi og tala um það sem við getum gert til að bæta okkur. Svo verða líka námskeið um umhverfisstærðir á því sem við köllum „grænar vörur“ og um umhverfismál heilt yfir og hvað sé hægt að gera til að bæta sörpmálin, en markmiðið okkar er að að minnsta kosti 90% af úrgangi frá okkur verði flokkaður fyrir 2025,“ segir Jón. „Ég tel það raunhæft markmið, en til að ná

því þurfum við að setja ákveðna verkferla, vera hvetjandi og bjóða upp á nýja möguleika. Það skiptir miklu máli að fræða starfsmenn til að auðvelda þeim að gera þessa breytingu.“

Grænir valkostir og aukin rafræn þjónusta
Húsasmiðjan vill bjóða upp á græna og umhverfisvæna valkosti í öllum vöruflokkum.

„Við höfum tekið saman allar vörur okkar sem uppfylla ákveðna umhverfisstaðla eða hafa vottun frá þriðja aðila, eins og Svansvottun, Bláa engilinn og fleira, og merkt þær sem „Grænar vörur“ á vefsíðunni okkar, í Húsasmiðju-appinu og í verslunum,“ segir Jón. „Það fylgja líka nákvæmar upplýsingar um hvernig vörurnar uppfylla þessa staðla og hvaða vottun hver vara hefur. Þetta er til að einfalda viðskiptavinum okkar valið og kynna fyrir þeim valkosti sem eru betri fyrir umhverfið.

Til þess að geta veitt viðskiptavinum okkar grænni og umhverfisvænni valkosti í öllum vöruflokkum hef ég m.a. haft samband við þá framleiðendur og birgja sem við verslum við um allan heim og kynnt þeim möguleika á því að fá vörur sínar Svansvottaðar, leyfilegar til notkunar í Svansvottuðum verkefnum eða við uppfyllingu annarra staðla.

Á undanförmum árum hefur Húsasmiðjan líka aukið verulega við tölvuvæðingu starfseminnar, bæði þegar kemur að rekstri fyrirtækisins og í samskiptum við viðskiptavini. Við höfum þannig komið öllum reikningum á stafrænt form til að spara pappír og sett aukinn kraft í vef-

verslunina okkar og Húsasmiðjuappið,“ segir Jón. „Í appinu er nú hægt að gera allt sem er hægt að gera hjá sölufulltrúa og fá öll gögn send rafrænt, svo það getur sparad fólki pappír, sporin og alls kyns umstang. Við hvetjum viðskiptavinum til að ná í Húsasmiðjuappið og nýta það, sem og sjálfsafgreiðsluna í verslunum okkar.“

Mörg verkefni fram undan
„Á næstu árum ætlum við svo að bjóða upp á hleðslustöðvar fyrir rafmagnsbíla við allar verslanir okkar á landinu, en þær eru þegar komnar upp í Kjalarvogi og á Akureyri. Þær eru bæði fyrir viðskiptavinum og til að hvetja starfsfólk til að velja þennan umhverfisvænni fararskjóta,“ segir Jón. „Við ætlum líka að fara að bjóða upp á fræðslu fyrir bæði starfsmenn og viðskiptavinum varðandi umhverfisstærðir, en hún væri farin í gang ef ekki hefði verið fyrir faraldurinn.

Svo er von á formlegu sjálfbærnistefnunni okkar og við sjáum fram á að einblína meira á umhverfismál á næstunni, enda er áhuginn á þeim alltaf að aukast, bæði innan fyrirtækisins og hjá viðskiptavinum og fyrir vikið fá þau og hringrásarhagkerfið ósjálfrátt meiri athygli,“ segir Jón. „Við viljum líka fara að skoða hverju er auðvelt að breyta með smávegis öðruvísi hugsun og svo fara að eltast við það sem verður snúnara og tekur lengri tíma.“ ■

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Húsasmiðjunnar, husa.is. Þar má einnig nálgast Húsasmiðjuappið.



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Vörulisti fyrir byggingu á Svansvottuðum húsum



Skoðaðu vörulistann
fyrir Svansvottaðar
vörur á husa.is



Við bjóðum uppá þúsundir byggingavara
fyrir vistvæn byggingaverkefni.





Með aukinni samfélagsábyrgð fyrir-tækja er kolefnisspor þeirra meðal annars minnkað. FRÉTTABLAÐID/GETTY

Sjálfbærnivísir PwC gefinn út

thordisg@frettabladid.is

Með aukinni samfélagsábyrgð fyrirtækja hefur verið kallað eftir því að fyrirtæki taki ábyrgð og skýri frá áhrifum sínum á samfélagið.

Upplýsingagjöf um sjálfbærni fyrirtækja hefur ekki verið stöðluð með þeim hætti að hægt sé að bera saman upplýsingar á sama hátt og hægt er að bera saman fjárhagslega upplýsingagjöf í formi ársreikninga.

Á næstu árum mun þetta breytast þannig að stöðlun verður meiri, á sama tíma og kröfur um upplýsingagjöf munu aukast.

Samkvæmt yfirlýsingu frá IASB (e. International Accounting Standards Board) á COP26, loftslagsráðstefnu SP í Glasgow 2021, hefur verið stofnað alþjóðlegt staðlaráð sem mun stuðla að samræmingu og stöðlun á sjálfbærni-upplýsingum.

» Í Sjálfbærnivísi PwC kemur einnig fram að bankar standa sig vel í að kolefnisjafna starfsemi sína.

ESG-teymi PwC hefur rýnt markaðinn og gefið út skýrsluna Sjálfbærnivísir. Í skýrslunni er samantekt á opinberum upplýsingum úr sjálfbærniskýrslum fyrirtækja á Íslandi, með það að markmiði að greina og setja fram áhugaverðar niðurstöður sem gagnast lesendum til að geta borið saman fyrirtæki, ekki einungis með fjárhagslegum mælikvörðum heldur einnig með sjálfbærni að leiðarljósi.

Með þessu framtaki vill PwC stuðla að aukinni þekkingu um málefnið, setja fram viðmið og hvetja til faglegrar umræðu.

Samræmingu vantar í sjálfbærniskýrslugerð á Íslandi

Samkvæmt Sjálfbærnivísi PwC eru örfá fyrirtæki á Íslandi með undirritaða staðfestingu þriðja aðila á sjálfbærniskýrslum sínum. Því er ekki öruggt að sambærilegar forsendur liggi að baki forsendum sjálfbærniskýrslna fyrirtækja sem gerir þær samanburðarhæfar.

Í Sjálfbærnivísi PwC kemur einnig fram að bankar standa sig vel í að kolefnisjafna starfsemi sína og einnig sést að Landsbankinn er með sexfalt meira kolefnisspor en samkeppnisaðilar, sem skýrist að mestu af nýbyggingu höfuðstöðva bankans.

Hjá öllum þeim fyrirtækjum sem Sjálfbærnivísir PwC nær yfir voru miðgildislaun karla hærri en kvenna árið 2021. ■

Skýrsluna er að finna á heimasíðu PwC: [pwc.is/is/thjonusta/sjalfba-erni.html](https://www.pwc.is/thjonusta/sjalfba-erni.html)

Sköpum nýja framtíð saman

jme@frettabladid.is


Sjálfbærnisýningin Nordic Sustainability Expo verður haldin í Svíþjóð 17.–18. maí næstkomandi í samstarfi við Svansmerkið, CSR Sweden, Cradlenet, A Sustainable Tomorrow og NMC The Swedish Association for Sustainable Business. Fyrirtæki og stofnanir á Norðurlöndunum geta tekið þátt í ráðstefnunni. Það hefur aldrei verið jafn mikilvægt að hittast, deila reynslu og auka samvinnu



Vinnum saman í átt að sjálfbærni.

FRÉTTABLAÐID/GETTY

í átt að sjálfbæru samfélagi og bættri samkeppni. Við þurfum að láta verkin tala og stuðla að nýsköpun, brjóta múra, styrkja tengslanetið og taka djarfar ákvarðanir í samræmi við alþjóðleg markmið, eins og Agenda 2030 og Global Goals. Nýttu þetta einstaka tækifæri til þess að sýna hvað þitt fyrirtæki getur gert til að stuðla að breytingum og hjálpaðu öðrum í sinni sjálfbærnivegferð. Nánari upplýsingar á nordicsustainabilityexpo.se. ■



Sjálfbærni

Mikilvægur drifkraftur í rekstri fyrirtækja í nútímasamfélagi

Með aukinni samfélagsábyrgð fyrirtækja er verið að kalla eftir því að fyrirtæki taki ábyrgð á áhrifum sínum sem hefur þannig bein áhrif á samkeppnishæfni þeirra. Samfélagsábyrgðin getur skilað fyrirtækjum ávinningi í áhættustjórnun, dregið úr kostnaði og haft áhrif á fjölmarga þætti líkt og aðgengi að fjármagni, viðskiptasambönd, launajafnvægi, mannauðsmál og nýsköpun.

Hjá PwC starfar þverfaglegt teymi sem veitir ýmsa þjónustu á sviði sjálfbærnimála.

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar | Selfoss



pwc